

2003

Ársskýrsla Rauða kross Íslands

Inngangur

Frá orðum til athafna

Á árinu tókst Rauði krossinn á við mörg krefjandi verkefni innanlands og utan. Í sunnanverðri Afríku lauk neyðaraðstoð Alþjóða Rauða krossins vegna yfirvofandi hungursneyðar og tókst þar að dreifa matvælum til 750 þúsund manns. Í landssöfnun Rauða krossins, Göngum til góðs, söfnuðust 30 milljónir kr. haustið 2002 og var þeim fjármunum varið til neyðaraðstoðarinnar í sunnanverðri Afríku. Jafnframt störfuðu þrír íslenskir sendifulltrúar við matvæladreifinguna. Skæðar náttúruhamfarir urðu víða um heim á árinu og studdi Rauði kross Íslands hjálparstarf vegna flóða í Kína, vegna fárviðris og flóða í Gambíu og jarðskjálfta í Alsir og Íran. Ríkisstjórnin lagði til fjármagn vegna hjálpar- og uppbyggingastarfs Rauða kross hreyfingarinnar eftir stríðsátökin í Írak, samtals 40 milljónir kr., auk þess að styðja fjárhagslega störf fjögurra sendifulltrúa Rauða kross Íslands í landinu.

Nú er talið að 42 milljónir manna séu smitaðar af alnæmi í heiminum og búa 70% þeirra í sunnanverðri Afríku. Þróunarverkefni félagsins beinast að förnarlömbum alnæmis í Malaví, Mósambík og Suður-Afríku. Þar hefur verið byggð upp þjónusta fyrir alnæmissjúka sem fá heimahlynningu, munaðarlausum börnum er veitt umönnun og einnig er unnið að forvörnum og fræðslu. Deildir Rauða kross Íslands um land allt styðja auk þess þróunarverkefni í vinadeildum sínum víða um heim.

Hér heima hafa deildir Rauða krossins unnið markvisst að því að skerpa áherslur í starfi sínu til þess að geta brugðist við áföllum og þrengingum á skjótan og skilvirkan hátt. Þetta kemur skýrt fram í stefnu Rauða kross Íslands til ársins 2010 sem samþykkt var á aðalfundi í maí 2003. Deildir félagsins, hvar á landinu sem er, hafa starfað af krafti á

árinu og gert markvissar áætlanir auk þess sem starfið hefur verið samhæft þannig að Rauði krossinn á landsvísu starfar í auknum mæli sem ein heild.

Deildirnar hafa haldið áfram átaki í forvörnum fyrir börn og unglinga. Þær hafa á undanförunum árum staðið að stofnun sjö ungmennahúsa víða um land þar sem ungt fólk – einkum á hinu viðkvæma 16 – 18 ára aldurskeiði - getur tekið þátt í félagsstarfi án vímuefna. Húsin draga þannig úr áhættuhegðun þessa aldurshóps sem víða hefur skort aðstöðu til að stunda uppbyggilegt félagsstarf. Starf Rauða krossins byggist á starfi sjálfboðaliða og á árinu 2003 fjölgaði sjálfboðaliðum um rúman fjórðung og nú eru 1.100 virkir sjálfboðaliðar búnir að skrifa undir samning um að sinna reglubundnu sjálfboðaliðastarfi fyrir Rauða kross Íslands. Að baki félaginu standa nú næstum 19.000 félagsmenn auk rúmlega 4.000 styrktaraðila sem greiða reglulega til alþjóðlegs hjálparstarfs. Sjálfboðaliðar Rauða krossins vinna árlega tæplega 70 þúsund klukkustundir á vegum félagsins en það samsvarar 32 ársverkum. Rannsókn, sem unnin var á vegum félagsins og náði til sjö af hverjum tíu sjálfboðaliðum, sýnir að hver króna sem varið er til sjálfboðastarfs skilar sér þrefalt til baka í samfélagslegri þjónustu.

Þessari ársskýrslu hefur verið valin yfirskriftin „frá orðum til athafna“. Það er til að minna á að félagið hefur mótað sér nýja og skýra stefnu og að við ætlum okkur að hrinda henni í framkvæmd með öfluglu starfi í þágu þeirra sem verst standa, bæði hér heima og erlendis. Að lokum viljum við þakka öllum þeim sem lögðu Rauða krossinum lið á árinu 2003. Stuðningur almennings, sem er öflugur og eindreginn, gerir starf Rauða krossins mögulegt.



Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri



Úlfar Hauksson, formaður

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Inngangur..... | 1 |
| Efnisyfirlit..... | 3 |
| Stjórn og nefndir | 4 |
| Formenn..... | 6 |
| Fjármál..... | 8 |
| Skipting útgjalda eftir verkefnum..... | 8 |
| Lykiltölur úr rekstrinum..... | 9 |
| Upplýsinga-, fræðslu og markaðsstarf..... | 10 |
| Upplýsingastarf..... | 10 |
| Fræðslustarf..... | 12 |
| Fjáröflun..... | 15 |
| Alþjóðastarf..... | 17 |
| Yfirlit..... | 17 |
| Þróunaraðstoð og vinadeildarsamstarf..... | 17 |
| Þróunarsamvinna við landsfélög Rauða krossins í Evrópu og Mið-Asíu..... | 17 |
| Þróunarsamvinna við landsfélög Rauða krossins í Afríku..... | 19 |
| Neyðaraðstoð..... | 24 |
| Sendifulltrúar..... | 27 |
| Hælisleitendur..... | 30 |
| Flóttamenn..... | 31 |
| Innanlandsstarf..... | 33 |
| Inngangur..... | 33 |
| Starf á svæðum..... | 36 |
| Höfuðborgarsvæði..... | 36 |
| Vesturland..... | 37 |
| Vestfirðir..... | 38 |
| Norðurland..... | 40 |
| Austurland..... | 41 |
| Suðurland/Suðurnes..... | 43 |
| Heilbrigðisvið..... | 46 |
| Neyðarvarnir..... | 59 |
| Sjálfboðið starf..... | 66 |
| Ungmenna- og forvarnarstarf..... | 68 |
| Rauðakrosshúsið..... | 71 |
| Hjálparsími Rauða krossins..... | 73 |
| Vin..... | 75 |
| Sjúkrahótel..... | 79 |
| Sjúkraflutningar..... | 81 |

Stjórn og nefndir 2003

STJÓRN RAUÐA KROSS ÍSLANDS

Úlfar Hauksson formaður
Jóhannes Rúnar Jóhannsson varaformaður
Ólafur Ólafsson gjaldkeri
Kristján Sturluson ritari
Anna Stefánsdóttir
Guðný Sigurðardóttir
Hörður Högnason
Karen Erla Erlingsdóttir
Pálín Dögg Helgadóttir
Torben Friðriksson
Þór Gíslason

FRAMKVÆMDARÁÐ

Úlfar Hauksson
Jóhannes Rúnar Jóhannsson
Torben Friðriksson
Guðný Sigurðardóttir varamaður

FULLTRÚAR Í STJÓRN ÍSK

Árni Gunnarsson
Jóhannes Rúnar Jóhannsson
Sigrún Árnadóttir

STJÓRN SÉRVERKEFNASJÓÐS

Þór Gíslason formaður
Sigurður Arnar Sigurðsson
Karen Erla Erlingsdóttir
Sigrún Árnadóttir
Sigríður Magnúsdóttir

STJÓRN SJÚKRAHÓTELS

Gunnhildur Sigurðardóttir formaður
Bergdís Kristjánsdóttir
Guðmundur Jóhannsson
Lilja Stefánsdóttir
Ragnar Matthíasson
Sigrún Árnadóttir
Sigrún Hjartardóttir

FULLTRÚARÁÐ URKÍ

Póra Kristín Ásgeirsdóttir formaður
Hildur Tryggvadóttir Flóvenz
Ingibjörg Halldórsdóttir
Brynjar Már Brynjólfsson
Íris Ósp Sveinbjörnsdóttir
Jóhann Ingason
Steinunn Brynjólfsdóttir

SJÚKRAFLUTNINGANEFND

Úlfar Hauksson formaður
Gísli Björnsson
Gísli Kr. Lórenzon
Magnús Hreinsson
Unnur Sigfúsdóttir
Þórir Sigurbjörnsson

Skyndihjálparráð

Anna Sigríður Vernharðsdóttir
Erna Árnadóttir
Guðbjörg Pálsdóttir
Hjalti Már Björnsson
Sigurður Arnar Sigurðsson
Sólborg Olga Bjarnadóttir
Svanhildur Þengilsdóttir
Sveinbjörn Berentsson

SKOÐUNARMENN

Ingunn Egilsdóttir
Jóhann Sæmundsson

ENDURSKOÐUNARSKRIFSTOFA

KPMG - Endurskoðun hf

Formenn deilda

| | |
|----------------------------------|----------------------------|
| A.-Húnavatnssýsludeild | Hulda Birna Frímansdóttir |
| Akranesdeild | Lárus Guðjónsson |
| Akureyrardeild | Sigurður Ólafsson |
| Árnesingadeild | Tómas Þórir Jónsson |
| Bessastaðahreppsdeild | Sigrún Jóhannsdóttir |
| Bolungarvíkurdeild | Sigríður Elín Hreinsdóttir |
| Borgarfjarðardeild | Geir Geirsson |
| Breiðdalsdeild | Unnur Björgvinsdóttir |
| Búðardalsdeild | Óskar Ingi Ingason |
| Dalvíkurdeild | Magnús G. Gunnarsson |
| Djúpavogsdeild | Ragnar Eiðsson |
| Dýrafjarðardeild | Bergur Torfason |
| Eskifjarðardeild | Árni Helgason |
| Fáskrúðsfjarðardeild | Ásta Eggertsdóttir |
| Garðabæjardeild | Valdimar Valdimarsson |
| Grindavíkurdeild | Guðfinna Bogadóttir |
| Grundarfjarðardeild | Bryndís Theódórsdóttir |
| Hafnarfjarðardeild | Helgi Ívarsson |
| Héraðs- og Borgarfjarðardeild | Júlía Siglaugsdóttir |
| Hornafjarðardeild | Ásgerður Gylfadóttir |
| Húsavíkurdeild | Elsa Skúladóttir |
| Hvammstangadeild | Sigríður Hjaltadóttir |
| Hveragerðisdeild | Pétur Pétursson |
| Ísafjarðardeild | Hörður Högnason |
| Kjósarsýsludeild | Kristján Sturluson |
| Klaustursdeild | Elín Anna Valdimarsdóttir |
| Kópavogsdeild | Garðar Guðjónsson |
| Norðfjarðardeild | Gunnar Ásg. Karlsson |
| Ólafsfjarðardeild | Róslaug Gunnlaugsdóttir |
| Rangárvallasýsludeild | Einar Erlendsson |
| Raufarhafnardeild | Þóra Björg Sigurðardóttir |
| Reyðarfjarðardeild | Þorgeir Sæberg |
| Reykjavíkurdeild | Ómar H. Kristmundsson |
| Seyðisfjarðardeild | Guðjón Már Jónsson |
| Siglufjarðardeild | Guðrún Ólöf Pálsdóttir |
| Skagafjarðardeild | Karl Lúðvíksson |
| Skagastrandardeild | Pétur Eggertsson |
| Snæfellsbæjardeild | Ari Bjarnason |
| Strandasýsludeild | Victor Örn Victorsson |

| | |
|-----------------------------|------------------------------|
| Stykkishólmsdeild | Björn Benediktsson |
| Stöðvarfjarðardeild | Jóhanna Margrét Agnarsdóttir |
| Suðurnesjædeild | Rúnar Helgason |
| Súðavíkudeild | Sigríður Hrönn Elíasdóttir |
| Súgandafjarðardeild | Helga Guðný Kristjánsdóttir |
| V.- Barðastrandarsýsludeild | Guðni J. Ólafsson |
| Vestmannaeyjædeild | Hermann Einarsson |
| Víkudeild | Sigurður Hjálmarsson |
| Vopnafjarðardeild | Guðjón Böövarsson |
| Þórshafnardeild | Hólmfríður Jóhannesdóttir |
| Önundarfjarðardeild | Sigríður Magnúsdóttir |
| Öxarfjarðardeild | Jón Ármann Gíslason |

Fjármál

Tekjur og framlög ársins 2003 eru um 4% hærrí en árið á undan. Tekjur Rauða krossins af söfnunarkössum lækkuðu þó um 9% á árinu og hafa lækkað töluvert að raungildi síðustu ár. Aðrar tekjur vógu þó upp þessa lækkun á árinu 2003.

Gjafir og framlög námu um 103 m.kr. og munar þar mest um 47 m.kr. framlög ríkisins sem fór til hjálparstarfs í Írak.

Á árinu 2003 kom hópur flóttamanna til landsins en ekki árið á undan. Kostnaður vegna flóttamanna og hælisleitenda hækkaði en tekjur frá ríkinu vegna þessara málaflokka hækkuðu einnig.

Alls var ráðstafað um 877 m.kr. til verkefna á árinu 2003. Það er um 29 m.kr. lægri fjárhæð en nam tekjum Rauða krossins á árinu. Tekjuafgangurinn skýrist m.a. af góðri ávöxtun fjármuna á árinu og lækkuðum kostnaði við almennan rekstur.

Skipting útgjalda eftir verkefnum

| <i>Verkefni</i> | <i>2003</i> | | <i>2002</i> | |
|-------------------------------------|----------------|------|----------------|------|
| Framlög til deilda | 165.558 | 19% | 174.484 | 19% |
| Innanlandsstarf | 132.621 | 15% | 138.294 | 15% |
| Alþjóðahjálparstarf | 176.656 | 20% | 177.438 | 20% |
| Alþjóðasamstarf | 41.724 | 5% | 35.717 | 4% |
| Flóttamenn og hælisleitendur | 32.018 | 4% | 26.479 | 3% |
| Sjúkraflutningar | 107.859 | 12% | 98.544 | 11% |
| Sjúkrahótel | 75.678 | 9% | 75.400 | 8% |
| Önnur starfsemi | 145.050 | 16% | 175.135 | 20% |
| | <u>877.164</u> | 100% | <u>901.491</u> | 100% |
| | | | | |
| <i>Innanlandsstarfið</i> | | | | |
| Deildastarf | 32.787 | 25% | 38.440 | 28% |
| Heilbrigðismál og almannavarnir | 13.177 | 10% | 17.253 | 12% |
| Vin | 17.929 | 13% | 18.213 | 13% |
| Rauðakrosshúsið og hjálparsíminn | 34.700 | 26% | 31.486 | 23% |
| Önnur innanlandsverkefni | 34.028 | 26% | 32.902 | 24% |
| | <u>132.621</u> | 100% | <u>138.294</u> | 100% |
| | | | | |
| <i>Alþjóðahjálparstarfið</i> | | | | |
| Neyðaraðstoð | 93.146 | 53% | 85.445 | 48% |
| Próunaraðstoð | 83.510 | 47% | 91.993 | 52% |
| | <u>176.656</u> | 100% | <u>177.438</u> | 100% |

Lykiltölur úr rekstrinum

| | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 |
|-----------------------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| <i>Tekjur og framlög</i> | | | | | |
| Tekjur af söfnunarkössum | 517.309 | 569.460 | 559.333 | 561.339 | 548.483 |
| Gjafir og framlög | 102.715 | 99.143 | 73.987 | 78.912 | 83.962 |
| Samingsbundin verk við stjórnvöld | 131.995 | 122.348 | 70.096 | 52.731 | 65.546 |
| Aðrar tekjur | 154.444 | 80.329 | 75.749 | 62.299 | 110.701 |
| Samtals | 906.463 | 871.280 | 779.165 | 755.281 | 808.692 |
| <i>Framlög til verkefna</i> | | | | | |
| Alþjóðahjálparstarf | 176.656 | 177.438 | 153.984 | 168.715 | 181.641 |
| Alþjóðasamstarf | 41.724 | 35.717 | 46.781 | 37.776 | 35.365 |
| Flóttamenn og hælisleitendur | 32.018 | 26.479 | 30.403 | 29.391 | 33.346 |
| Framlög til deilda | 165.558 | 174.484 | 176.794 | 165.484 | 160.608 |
| Innanlandsstarf | 132.621 | 138.294 | 157.689 | 153.570 | 134.887 |
| Sjúkraflutningar | 107.859 | 98.544 | 106.326 | 75.061 | 97.718 |
| Sjúkrahótel | 75.678 | 75.400 | | | |
| RK-húsið og hjálparsíminn | 34.700 | 31.486 | 28.552 | 23.780 | 23.034 |
| Vin | 17.929 | 18.213 | 17.441 | 15.317 | 13.794 |

Upplýsinga-, fræðslu og markaðsstarf

Upplýsingastarf

Fjölmiðlasamskipti

Innrásin í Írak og hjálparstarf Rauða krossins þar hafði veruleg áhrif á fjölmiðlasamskipti á árinu 2003. Fjölmiðlar sóttust einkum eftir upplýsingum um starf sendifulltrúa Rauða kross Íslands og skýringum á ákvæðum alþjóðlegra mannúðarlaga. Einnig var í viðtölum lögð áhersla á þær hættur sem því eru samfara að starfa á vígvellinum, ekki síst fyrir vestræna hjálparstarfsmenn þar sem vestræn ríki eru aðilar að stríðinu. Þá er ekki alltaf gerður greinarmunur á fólki eftir þjóðerni.

Umfjöllun var í fjölmiðlum um Vin í tilefni af tíu ára afmæli athvarfsins. Stofnun skákfélags við Vin varð líka tilefni jákvæðs fréttaplutnings. Fjallað var um hælisleitendur þegar þar – hann frá Afganistan og hún frá Úsbekistan – leitaði hælis hér á landi. Hún átti barn á meðan þau biðu eftir úrskurði og vakti það talsverða athygli. Áhugi á bæði erlendum og innlendum verkefnum Rauða krossins var talsverður á árinu.

Líkt og áður var einnig fjallað nokkuð um söfnunarkassa á neikvæðum nótum, einkum í kringum sýningu myndarinnar „Skemmtilegir leikir“ í Sjónvarpinu. Umræður spunnust um myndina á síðum dagblaða og tóku fulltrúar Rauða krossins þátt í þeirri umræðu, samkvæmt þeirri stefnu að vera opin fyrir gagnrýni og ræða hana á opinskáan hátt.

Hingaðkoma flóttamanna var tilefni ágætrar og jákvæðrar umfjöllunar um flóttamannaverkefni Rauða krossins. „Ábyrg móttaka flóttamanna“ var yfirskrift leiðara í DV, svo dæmi sé tekið. Ferð Þorkels Þorkelssonar ljósmyndara til Afganistans leiddi til ágætrar umfjöllunar Morgunblaðsins um landið, meðal annars um starf Ríkharðs Péturssonar sendifulltrúa. Af öðrum sendifulltrúum sem rætt var við, stundum í löngu máli, var Anna Þrúður Þorkelsdóttir í Suður-Afríku, Sólveig Ólafsdóttir í Simbabve og Kristjón Þorkelsson í Írak. Stórt viðtal birtist við Sigrúnu Árnadóttur í DV.

Samskipti við stuðningsmenn

Starfshópur var myndaður til að skoða félagamál og skilaði af sér í kringum áramót. Fram kom að einungis um 20 prósent félagsmanna greiða árgjaldið, sem er 1.000 krónur, og gerðar voru tillögur til að taka á því. Mikilvægt er að virkja féлага betur og halda áfram að afla nýrra félaga.

Þann 23. janúar var þess minnst að 30 ár voru liðin frá Vestmannaeyjagösinu. Af því tilefni voru send bréf til 800 manna sem höfðu á unglingsaldri farið í sumarfrí til Noregs í boði Rauða krossins. Ótrúlega margir, eða á fjórða hundrað, mættu til kaffisamsætis á Hótel Loftleiðum í boði Flugleiða. Um sumarið myndaðist mikil stemning þegar

goslokanna var minnst í Vestmannaeyjum og þá mættu líka margir þeirra sem höfðu notið aðstoðar Rauða krossins.



Að venju bauð Reykjavíkurdæld tombólukrökkum af höfuðborgarsvæðinu í bíó, í boði Laugarásbíós. Allir tombólukrakkar fengu þakkarbréf og viðurkenningarskjál fyrir framlag sitt. Féð sem þeir söfnuðu rann til fatlaðra og fátækra barna í Tansaníu.

Starfsumhverfi mannúðarsamtaka

Komið var á samráðsvettvangi nokkurra mannúðarsamtaka, sem hittust nokkuð oft á árinu

2003 til að undirbúa átak í því skyni að þrýsta á stjórnvöld um skattaívilnanir til handa þeim sem gefa til mannúðarstarfs. Um er að ræða Rauða kross Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar, SOS, Barnaheill og ABC. Ísland er mikill eftirbátur annarra landa í þessum efnum. Sérfræðingur var fenginn til að skrifa skýrslu um málið, þar sem lagaumhverfið á Íslandi er borið saman við önnur lönd. Búist er við skýrslunni á árinu 2004.

Alþjóðlegt samstarf

EPSS samstarfið (European Public Support Group) blómstraði á árinu og þar komu fram margvíslegar upplýsingar sem nýtast inn í starfið heima. Meðal annars var fjallað um Evrópusamstarf í skyndihjálp á þeim vettvangi og lögð drög að átaki 2004 sem tengist aðstoð við börn í stríði og Evrópukeppninni í knattspyrnu um sumarið.

Yfirmaður upplýsinga- og markaðssviðs tók þátt í samstarfi á vegum Alþjóðasambandsins um að skrifa reglur varðandi fyrirtækjasamstarf. Reglurnar, sem voru kynntar á fulltrúafundinum í nóvember, ganga meðal annars út á það að koma í veg fyrir að aðilar að Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans leiti um fjármögnun til fyrirtækja sem eru viðriðin framleiðslu vopna eða varnings sem er heilsuspillandi eða starfa á þann hátt að varasamt sé fyrir Rauða krossinn að tengjast þeim.

Alþjóðaráð Rauða krossins lýsti áhuga á að mynda sérstaklega náið samband við norrænu landsfélögin á sviði upplýsinga- og markaðsstarfs. Unnið verður áfram að því máli á árinu 2004.

Vefur

Vefurinn var gagngert endurskoðaður að innihaldi og útliti í ársbyrjun. Heimsóknir á vefinn hafa verið að aukast jafnt og þétt frá um 10.000 á mánuði að meðaltali fyrstu átta mánuði ársins 16.000 að meðal tali síðustu fjóra mánuði ársins. Í desember 2002 heimsóttu um 2.200 manns vefinn (heimsóknir, ekki flettingar) en í desember 2003 heimsóttu um 15.000 manns vefinn. Að meðaltali eru um 500 manns að fara inn á redcross.is á dag.

Á árinu notuðu 148 menn vefinn til að sækja um aðild að félaginu, 156 til að skrá sig sem sjálfboðaliðar og 68 til að gefa til hjálparstarfs.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að hafa ferskar fréttir á forsíðu vefsins. Á árinu 2003 voru 100 fréttir úr starfi Rauða krossins birtar þar. Meðal nýjunga á árinu voru vefir Reykjavíkurdeildar, Kópavogsdeildar, Skagafjarðardeildar og Stöðvarfjarðardeildar auk þess sem sérvefur fyrir skyndihjálp leit dagsins ljós.

Fræðslustarf

Fræðsluefni

Fræðsluritið „**Konur og stríð**“ kom út í febrúar. Er þetta áttunda fræðsluritið sem gefið er út en þau hafa verið send í alla grunn- og framhaldsskóla inn í möppur sem skólunum voru færðar að gjöf fyrir nokkrum árum. Á árinu 2002 framleiddum við myndband um sama efni. Hægt er að horfa á myndbandið á skólavef: www.redcross.is/skoli

„**Ef bara ég hefði vitað**“ er fræðsluefni í sálrænum stuðningi fyrir unglunga. Var það upphaflega gefið út af danska Rauða krossinum. Þeir gáfu út kennslubók og kennsluleiðbeiningar og á sérstökum vef www.redcross.dk/hvisbare er hægt að fá fjölbreyttara efni um kaflana í bókinni sem eru: ástarsorg, einelti, ofbeldi, skilnaður, vímuefnaneysla, fötlun, sjúkdómur, dauðsfall, áfall og hjálpar. Efnið var þýtt á íslensku en staðfært og breytt lítilsháttar svo það passi betur við íslenskt samfélag. Hér er einungis um vefútgáfu að ræða og er slóðin: www.redcross.is/efbara. Efnið er hugsað fyrir unglunga sem þurfa hjálpar við að hjálpa sér í vandamálum sem upp koma og einnig stuðningur ef þeir vilja hjálpa vinum sínum. Kennarar geta einnig notað efni sem kennsluefni í lífsleikni og eru kennsluleiðbeiningar til á vefnum.

Í byrjun nóvember lögðum við lokahönd á fræðsluefnið. Í tilefni þess og til að kynna efnið komu til landsins tveir af höfundunum frá danska Rauða krossinum þær Nana Wiedemann og Johanne Brix Jensen. Héldum við fyrirlestur í Norræna húsinu þ. 10. nóvember. Send voru boð til allra grunn- og framhaldsskóla, námsráðgjafa, sálfræðinga og hjúkrunarfræðinga. Höfundarnir ásamt Jóhanni Thoroddsen verkefnisstjóra í sálrænni skyndihjálparæddu um unglunga og sálræn áföll ásamt því að tala um tilurð kennsluefnisins og notagildi. Þennan dag mætti Jóhann Thoroddsen í viðtal í Ríkisútvarpið og grein birtist í Morgunblaðinu. Til frekari kynningar létum við prenta póstkort sem dreift er kerfisbundið í kaffihús og íþróttastaði á höfuðborgarsvæðinu auk þess sem við dreifum því í skóla.

Við hjálpum - Við kennum, fræðsluefni í slysavörnum og skyndihjálpar fyrir yngsta stig grunnskólans, kom út í breyttri útgáfu. Notuðum við Hjálparfús Rauðakrossstrákinn, sem var teiknaður af Sigrúnu Eldjárn, til að koma inn á hverja blaðsíðu með skemmtilegar athugasemdir. Einnig var efnið tekið í gegn og settar viðbætur.

Bókin „*Sól skín á krakka*“ var send grunnskólum að gjöf meðan birgðir entust. Viðtökur voru slíkar að við önnuðum ekki eftirspurn og lýstu skólarnir yfir ánægju sinni og þakklæti. Gerðum við kennsluleiðbeiningar sem við settum inn á skólavef. Einnig er hægt að nálgast bókina á vefnum.

Exploring Humanitarian Law

„Pælingar um mannúð og réttlæti“

EHL er fræðsluefni fyrir ungt fólk á aldrinum 13 til 18 ára. Markmið þess er hannað sem úrræði til að ná því markmiði að fræðsla um mannúðarlög verði að fullu viðurkennd og sett inn í námskrá grunnskóla um allan heim. Aðaltilgangur fræðslunnar er að hjálpa ungu fólk að meðtaka og gefa af sér mannúð í daglegu lífi. Það auðveldar þeim að meta atburði sem þeir verða vitni að í lífinu.

Alþjóðaráð Rauða krossins var með vikulanga námsstefnu um námsgagnapakann sem hefur verið í þróun undanfarin ár. Námsstefnan var haldin í Búdapest í júlí. Þarna voru saman komnir tugir manna frá 39 Rauða kross félögum og menntamálaráðuneytum víðs vegar um heiminn. Það er augljóst að ICRC er að bylja menntakerfinu í heiminum og þetta glæsilega vikunámskeið segir hvaða metnaður liggur að baki. Það verður mikil vinna að semja við menntamálayfirvöld og síðan er val á kennurum og þjálfun þeirra vandmeðfarin. Má ætla að í allt taki þetta 2-4 ár. Nú þegar hafa 20 lönd lokið þjálfun kennara og eru að profukenna í bekkjum.

Fræðsluráð Reykjavíkur setti á stofn verkefni sem þeir kalla „Greiðar götur í skólum“ þar sem mannréttindakennsla á að koma inn. Valinn verður móðurskóli. Við fengum áheyrn á fundi nefndarinnar og kynntum þetta námsefni auk þess sem við sýndum þeim allt annað fræðsluefni sem Rauði kross Íslands hefur nú þegar á boðstólnum og sögðum frá því gríðarmikla fræðslustarfi sem er hjá félaginu. Var að sjá að nefndarmönnum þætti heilmikið til koma. Von okkar er sú að nefndin mæli með þessu námsefni hjá Fræðsluráði Reykjavíkur.

Leikskólaefnið „Hjálpfús heimsækir leikskólann“ var klárað og tóku fjórir leikskólar að sér að profukenna það fyrir okkur. Vonumst við til að geta dreift efninu í byrjun árs 2004 með aðstoð deilda.



Um er að ræða fræðsluefni sem ætlað er elstu börnum leikskólans. Í því eru 6 sögur sem sagðar eru af Rauða kross-stráknum Hjálpfúsi í formi fingurbrúðu með aðstoð sögumanns. Markmið námsefnisins er að kenna nemendum hversu mikilvægt það er að rétta fólk hjálparhönd þegar eitthvað bjátar á. Höfundur texta er Sigríður María Tómasdóttir og Hallveig Thorlacius sá um hönnun og framleiðslu brúðunnar. Sérfræðingar hjá Leikskólum Reykjavíkur hafa verið okkur innan handar með ráðgjöf og yfirlestur. Ómetanlegt er samstarfið við þá og starfsmenn leikskólanna sem eru að profukenna

fyrir okkur.

Haustþing kennara

Haustþing kennara voru haldin um land allt nema á höfuðborgarsvæðinu frá því um miðjan ágúst til 24. október. Við mættum á þingin með sýningu á fræðsluefninu. Við buðum forsvarsmönnum þinganna fyrirlestur um sálræna skyndihjálp. Það var þegið á 3 þingum og flutti Jóhann Thoroddsen sálfræðingur fyrirlesturinn. Fjallaði hann um það hvað kennarar þurfa að vera sterkir þegar áföll koma upp og fór yfir nokkur dæmi. Í leiðinni var þetta auglýsing á skyndihjálparnámskeiðum okkar. Einnig var hægt að koma að betri kynningu á fræðsluefninu „Ef bara ég hefði vitað.“

Fræðsla á höfuðborgarsvæði hélt áfram annað árið í röð. Skólaárið 2002-2003 voru þrjú árgangar heimsóttir, 8., 9. og 10. bekkir með mismunandi áherslur en skólaárið 2003-2004 var farið í 8. bekki og Rauði krossinn kynntur. Þetta er samstarf deildanna á höfuðborgarsvæðinu og réðu þær Elínu Eiríksdóttur til verkefnisins.

Kynningar

Nokkuð er um að leitað sé til okkar um kynningar á starfsemi Rauða krossins. Það kemur úr ýmsum áttum s.s. skólum, félagasamtökum, fyrir aðalfundi deilda og í sjálfboðaliðahópa. Skólar koma ýmist í heimsókn á landsskrifstofuna eða við förum til þeirra. Oftast er beðið um kynningar á ákveðnum verkefnum og reynum við að bregðast við öllum óskum. Algengt er að sendifulltrúar Rauða krossins segi frá reynslu sinni af störfum um allan heim.

Sumarið 2003 samdi Rauði krossinn við Vinnuskóla Reykjavíkur um að taka að sér fræðsluþátt fyrir 15 ára aldurshóp. Fórum við í þetta verkefni með Geðrækt og tókum á móti börnunum í húsnæði Sjálfboðamiðstöðvar Reykjavíkurdeildarinnar að Hverfisgötu 105. Konráð Kristjánsson tók að sér kennsluna fyrir Rauða krossinn og var markmiðið að auka þekkingu unglinga á alþjóðlegum mannúðarlögum og gildum Rauða kross hreyfingarinnar með sérstakri áherslu á mannlega virðingu í samræmi við stefnu félagsins.

Framadagar

Við tókum þátt í Framadögum sem Háskólinn heldur ár hvert vikuna 27. til 31. janúar. Við gerðum það með því að vera með kynningarbás föstudaginn 31. janúar í Valsheimilinu þar sem ýmis fyrirtæki voru til viðtals fyrir stúdenta. Erindi okkar við stúdenta er helst það að kynna sjálfboðið starf og hvað það getur orðið nemum til framdráttar bæði í námi og starfi í framtíðinni. Steinunn Hrafnadóttir, lektor í Háskólanum, styrkt af Reykjavíkurdeildinni, fór þessa vikuna í alla Háskóla í Reykjavík með fyrirlesturinn: „Hvers vegna sjálfboðaliðastörf? Persónulegur og faglegur ávinningur.“

Útgáfa

Í tilefni 10 ára afmælis Vinjar var gefin út vegleg afmælisskýrsla. Hægt er að lesa skýrsluna á vef www.redcross.is/vin.

Gerður var nýr bæklingur fyrir Vin og annar um fangaheimsóknir.

Neyðarvarnarmappan var endurbætt og endurprentuð í febrúar.

Farið var í útboð fyrir sameiginleg innkaup deilda s.s. bréfsefni og umslög, skiltili til að merkja húsnæði, borðfána og stangir og reiðhjólaljálma. Hægt er að skoða það nánar á vef.

Fjáröflun

Fyrirtækjasamstarf

Áfram var haft samband við fyrirtæki og þeim boðið að ganga til samstarf við hreyfinguna. Síminn styrkti Hjálparsímann, Líf hf. hélt áfram sölu á Skyndihjálparbúnaði og Sparisjóðurinn, Pósturinn og Flugleiðir-Frakt söfnuðu „klinki“ eins og árið áður.

Klinksöfnunin gekk vel og söfnuðust um þrjár og hálf milljón króna. Samstarfsaðilar eru sammála því að samstarfið hafi gengið vel og áhugi er á að halda þessu verkefni áfram. Það fé sem aflaðist rann í starf með ungu fólki.



Hjálparsíminn er enn styrktur af Símanum en fyrirtækið styrkir Hjálparsímann -1717- til ársloka 2004.

Líf hf. hefur séð um sölu á skyndihjálparbúnaði, Bílatöskunni, Heimiliskassanum og Göngupokanum. ESSO gerði samning um kaup á

bílatöskunni og hefur boðið hana til sölu á bensínstöðvum sínum um allt land. Samningur um sölu skyndihjálparbúnaðar við Líf hf. og ESSO skilaði tæpri milljón á árinu.

Vinjarsöfnun

Safnað var auglýsingum í heilsíðuauglýsingu til stuðningi starfsemi Vinjar, athvarfi Rauða krossins fyrir geðfatlaða, en starfsemin átti tíu ára starfsafmæli árið 2003. Fjöldi fyrirtækja lagði Vin lið með kaupum á auglýsingum og runnu alls um 1.1 milljón til Vinjar.

Skyndisöfnun vegna stríðsátaka í Írak

Farið var af stað með söfnun vegna stríðsátaka í Írak, en undirtektir voru dræmar meðal almennings. Um 650 þúsund krónur söfnuðust í söfnunarsíma Rauða kross Íslands, 9072020. Að auki bárust framlög frá deildum að upphæð 3.3 milljónir.

„Súpertombóla“

Í samstarfi við Ungfrú Ísland.is og Kringluna var haldin „Súpertombóla“ í Kringlunni þann 24. maí 2003 og söfnuðu tombólubörn Rauða krossins alls tæpum 85 þúsund krónum sem runnu til söfnunarinnar vegna stríðsátaka í Írak.

Styrktarfélagar

Heildarframlag Styrktarfélaga á árinu var um 9,2 milljónir sem rennur óskipt í Hjálparsjóð Rauða kross Íslands. Framlag Styrktarfélaga Rauða kross Íslands árið 2003 fór í að svara neyðarbeiðni Alþjóðasambands Rauða krossins um aðstoð í Mongólíu sem hefur orðið hart úti vegna þurrka og uppskerubrests undanfarin ár.

Jólahefti

Sala jólakorta var hætt á árinu en jólahefti voru send á öll heimili landsins að venju. Árið 2003 var sent út „Jólakort Rauða kross Íslands“ vegna breytinga á Rauðakrosshúsinu. Gunnar Karlsson myndskreytti jólaheftin með íslensku jólasveinana að fyrirmynd. Sala jólaheftanna virðist komin í fastar skorður og skilaði rúmum 6 milljónum (nettó) sem runnu til Hjálparsíma Rauða kross Íslands.

Alþjóðastarf

Yfirlit

„Stríðið gegn hryðjuverkum“ hefur yfirgæft alþjóðamálin að undanfögnu og fært hjálparamtökum ný viðfangsefni þar sem þau starfa við erfiðar og hættulegar aðstæður. Þá hefur athyglin beinst að langtíma þróunarvanda eins og alnæmi, mismunun af ýmsu tagi og umhverfisskaða sem ógna íbúum jarðar og krefjast viðbragða.

Við blasir þörfin á að vernda mannlega sæmd við margvíslegar aðstæður. Þetta getum við gert með því að efla virðingu fyrir alþjóðalögum og unnið að því að fólk geti betur tekist á við afleiðingar átaka, hamfara og sjúkdóma.



Með starfi sínu á alþjóðavettvangi sýnir Rauði kross Íslands viðleitni til þess að færa okkur nær þessum markmiðum. Við leggjum áherslu á að vinna í góðri samvinnu innan alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans með samvinnu við Alþjóðaráð Rauða krossins og Alþjóðasamband landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Rauði kross Íslands starfar að þróunarsamvinnuverkefnum í

Afríku, á í vinadeildasamstarfi við deildir Rauða krossins í öðrum löndum og bregst við skyndilegri neyð með því að leggja til fé eða fólk. Félagið styður flóttamenn og hælisleitendum og tekur þátt í stefnumótunavinnu Alþjóða Rauða krossins. Það leggur áherslu á gæðastaðla í hjálparstarfi, baráttu gegn mismunun og ójafnrétti og hvetur til þess að raddir viðtakenda hjálparinnar heyrist einnig. Rauði kross Íslands vill auka og efla samstöðu í veröld sem virðist sífellt vera að sundrast.

Þróunaraðstoð og vinadeildasamstarf

Þróunarsamvinna við landsfélög Rauða krossins í Evrópu og Mið-Asíu

Albanía

Vinadeildasamstarf

Deildin í Kjósarsýslu hóf samstarf við deild í bænum Delvina í Albaníu árið 1997. Stuðningur deildarinnar hefur beinst að menntun barna og unglunga á staðnum, m.a. með því að dreifa skólavörum til þeirra. Á árinu 2002 ákváðu þrjár aðrar deildir félagsins á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. deildirnar í Bessastaðahreppi, Garðabæ og Kópavogi, að taka þátt í vinadeildasamstarfinu með Kjósarsýsludeild. Þær hafa síðan stutt heilbrigðisverkefni gegn smitsjúkdómum í jafn mörgum deildum í Albaníu, þ.e. í Delvina, Gjirokastra, Permeti og Tepelena og lauk þessu verkefni á árinu 2003.

Kjósarsýsludeild bauð fulltrúa deildarinnar í Delvina hingað til lands á árinu til að ræða um samstarfið og styrkja það í sessi.

Eystrasaltsríkin

Samstarf norrænu Rauða kross félaganna

Á árinu 2003 var Rauði kross Íslands í samstarfi við systurfélög sín þrjú í Eystrasaltsríkjunum, þ.e. í Eistlandi, Lettlandi og Litháen, og studdi nokkur verkefni á vegum þeirra.

Norrænu Rauða kross félögin hafa á undanförunum árum átt víðtækt samstarf við systurfélögin í Eystrasaltsríkjunum. Markmiðið er að gera landsfélögin þrjú öflugri svo að þau geti með tíð og tíma staðið að hjálparstarfi án utanaðkomandi stuðnings. Sérstök áhersla er lögð á að styrkja fjárhagslegt bolmagn félaganna þriggja, m.a. með því að styðja við fjáröflun þeirra og fjármálaeftirlit, efla sjálfbærliðastörf og einnig hafa norrænu Rauða kross félögin aðstoðað við að bæta neyðarvarnir.

Vinadeildasamstarf

Reykjavíkurdeild hóf vinadeildasamstarf árið 2002 við Rauða kross deildina í Paldiski í Eistlandi. Þá var ákveðið að koma á samstarfi ungmenna- og kvennadeilda Reykjavíkurdeildar við eistnesku vinadeildina, m.a. með því markmiði að efla ungmennastarf í Paldiski og koma af stað fjáröflun þar. Fulltrúar deildarinnar í Paldiski heimsóttu Reykjavíkurdeild í byrjun árs 2003. Í framhaldinu fóru fulltrúar kvennadeildar Reykjavíkurdeildar til Paldiski til að fræða kvannahóp þar um starfsemi sína og fjáröflun. Ungmennadeild Reykjavíkurdeildar starfrækti sumarbúðir með ungmennahópi deildarinnar í Paldiski til þess að efla ungmennastarf beggja deildanna. Reykjavíkurdeild studdi einnig kennslu í sálrænni skyndihjálp fyrir heimsóknarvini á vegum einstnesku deildarinnar.

Serbía og Svartfjallaland

Heimsóknarþjónusta og félagsleg aðstoð

Rauði kross Íslands hefur um árabil stutt hjálparstarf á Balkanskaga eftir stríðsátökin sem geisuðu þar en einnig er þess að geta að þaðan hafa komið flóttamenn til Íslands á undanförunum árum.

Á árinu 2003 studdi Rauði kross Íslands við heimsóknarþjónustu í Serbíu og Svartfjallalandi og einnig var veitt ýmiss konar félagsleg aðstoð við þá sem standa höllum fæti í samfélaginu. Deildir landsfélagsins í Serbíu og Svartfjallalandi hafa byggt upp þessa þjónustu með faglegum stuðningi frá Alþjóðasambandi Rauða kross féлага og fjárhagslegum stuðningi frá Rauða krossi Íslands. Fyrir tilstilli þessa verkefnis var um 600 öldruðum og sjúkum veitt heimsóknarþjónusta árið 2003 og einnig fengu um 100 manns annars konar félagslega aðstoð, m.a. fötluð börn, sígaunabörn, flóttamenn og geðsjúkir.

Vinadeildasamstarf

Deildirnar á Suðurlandi og Suðurnesjum hófu vinadeildasamstarf við deildina í Sremski Karlovci í Júgóslavíu árið 1998. Deildirnar hafa stutt rekstur súpueldhúss þar sem tæplega tvö hundruð manns, aðallega flóttamenn, fá eina heita máltíð á dag. Einnig hefur deildin í Sremski Karlovci verið studd við að koma sér upp nýju húsnæði fyrir súpueldhúsið og nýrri aðstöðu fyrir starfsemi deildarinnar. Á árinu 2003 var haldið áfram stuðningi við súpueldhúsið og deildin stutt við kaup á bíl fyrir starfsemina. Fulltrúar deildarinnar í Sremski Karlovci komu í fyrsta sinn í heimsókn hingað til lands á árinu.

Árið 1998 hófst vinadeildasamstarf á milli deildanna á Vestfjörðum og deildarinnar í Uzice í Júgóslavíu. Deildirnar hafa stutt byggingu vörugeymslu fyrir hjálpargögn í Uzice en Júgóslavneski Rauði krossinn hefur á undanförunum árum dreift miklu magni af hjálpargögnum til þurfandi í landinu. Nú hefur verið lokið við að byggja 700 fermetra vörugeymslu í Uzice með stuðningi deildanna á Vestfjörðum. Fulltrúi deildarinnar í Uzice heimsótti deildirnar á Vestfjörðum á árinu til að styrkja enn frekar tengslin á milli vinadeildanna.

Hvítarússland

Heimsóknarþjónusta

Rauði krossinn í Hvítarússlandi hefur um árabil staðið fyrir heimahjúkrun fyrir aldraða og sjúka. Þjónustan er ætluð þeim sem búa við heilsuleysi og félagslegt ööryggi vegna fátæktar, fórnarlömbum Chernobyl-slyssins eða þeim sem eru smitaðir af berklum eða alnæmi. Í byrjun árs 2003 barst Rauða krossi Íslands beiðni frá Alþjóðasambandi félaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans þar sem óskað var eftir stuðningi félagsins við heimahjúkrun í Hvítarússlandi. Þá var útlit fyrir að segja þyrfti upp flestum af 450 hjúkrunarfræðingum sem sinntu heimahjúkruninni og leggja þjónustuna niður. Rauði kross Íslands sá sér fært að bregðast við þessari beiðni og þar með gátu hjúkrunarfræðingarnir haldið áfram að sinna árlega um 84 þúsund sjúklingum.

Úsbekistan

Vinadeildasamstarf

Að lokum má geta þess að Hafnarfjarðardeild Rauða kross Íslands hefur verið í samstarfi við landsfélag í Mið-Asíu, þ.e. við Rauða hálfmánann í Úsbekistan. Vinadeildasamstarfið hófst árið 1998 og með því hefur Hafnarfjarðardeild stutt uppbyggingu og rekstur dagheimilis fyrir þroskaheft börn. Verkefnið hefur einnig haft að markmiði að vinna gegn fordómum gagnvart þroskaheftum og fötluðum börnum. Hafnarfjarðardeild hefur ákveðið að undirbúa lok verkefnisins á árinu 2003 eða í byrjun árs 2004 enda er þá lokið uppbyggingu heimilisins og reksturinn kominn í fastar skorður.

Þróunarsamvinna við landsfélög Rauða krossins í Afríku

Á árinu 2003 veitti Rauði kross Íslands og deildir hans stuðning við þróunarverkefni fjögurra landsfélaga í Afríku, þ.e. við landsfélögin í Gambíu, Malaví, Mósambík og Suður-Afríka ásamt samstarfi vinadeilda sem einnig er greint frá hér.

Gambía

Uppbygging landsfélagsins

Gambía er eitt af allra fátækustu löndum heims og eru þjóðartekjur á mann í Gambíu um það bil sjötíu sinnum lægri en á Íslandi. Rauði kross Íslands hefur stutt uppbyggingu landsfélagsins í Gambíu frá 1992. Markmið samstarfsins er að styrkja innviði Gambíska Rauða krossins þannig að hann verði ekki jafn háður utankomandi aðstoð og raunin er nú við að sinna hlutverki sínu, en félagið sinnir m.a. neyðaraðstoð og neyðarvörnum, móttöku flóttamanna, skyndihjálp o.fl.

Til að ná þessu markmiði hefur verið lögð megináhersla á að koma á fót sjálfstæðri fjáröflun deilda Gambíska Rauða krossins, en þær eru sjö talsins. Fyrri hluta samstarfsins er lokið, þar sem þrjár deildir voru studdar til að ráða svæðisstarfsmann til starfa og hleypa fjáröflun af stokkunum. Síðari hluti verkefnisins tekur til hinna fjögurra deildanna sem eftir eru. Framhald þess varð þó ekki í samræmi við væntingar. Í ljós kom að kunnátta á gerð verkefnatillagna, framkvæmdar- og fjárhagsáætlana var ekki nægjanleg og eins töfðu fyrir mikil mannaskipti á gambísku höfuðstöðvunum. Í kjölfar þessa var ákveðið að aðlaga stuðning Rauða kross Íslands að þjálfunarverkefni á sviði fjármála sem Alþjóðasamband Rauða kross félaga setti af stað með fjórum landsfélögum á Vesturströnd Afríku og er Gambía eitt þeirra. Ráðgjafi fór á vegum Alþjóðasambandsins sem aðstoðaði við endurskipulagningu á höfuðstöðvum Gambíska Rauða krossins, framkvæmdar- og fjárhagsáætlunargerð ásamt endurskoðun bókhalds síðustu ára með endurskoðendum. Ráðnir hafa verið framkvæmdarstjóri og fjármálastjóri og í burðarliðnum er ráðning og þjálfun verkefnastjóra fyrir deildarstarf sem koma beint að vinadeildarverkefnum sem deildir Rauða kross Íslands koma að. Uppbygging Gambíska Rauða krossins gengur hægt en örugglega og er það von samstarfsaðila að félagið verði tilbúið til að takast á við ný verkefni í lok þessa árs. Landsfélagið er ríkt af vel þjálfuðum og góðum sjálfboðaliðum sem hafa fengið almenna viðurkenningu stjórnvalda í landinu fyrir að standa sig einstaklega vel í þeim hamförum sem hrjád hafa almenning og skal þá sérstaklega minnst mikils ferjuslyss er varð við strendur Gambíu 2002 og óveðurs er skall á í ágústlok 2003.

Nefna má að aðaltekjur Gambísku aðalstöðvanna fást fyrir útleigu á skrifstofubyggingu sem Rauði kross Íslands styrkti á sínum tíma. Á undanförunum árum hafa verið sendir einn til tveir gámar á ári til Gambíu á vegum deilda á Vesturlandi og landskrifstofu Rauða kross Íslands með varning á neyðarlagar þeirra og til fjáröflunar.

Vinadeildasamstarf

Deildir Rauða kross Íslands á Vesturlandi og Reykjavíkurdeild hafa verið í samstarfi við Rauða kross deildir í Gambíu. Eins og að ofan er rakið hafa miklir erfiðleikar steðjað að Gambíska Rauða krossinum á undanförunum árum og þess vegna afréðu íslensku deildirnar að vinadeildasamstarfið yrði í biðstöðu á árinu 2003. Deildirnar á Vesturlandi hafa sent árlega gám af notuðum fötum til deildar Gambíska Rauða krossins í Vestursýslu (Western Division) og hefur hluti fatnaðarins verið seldur á markaði til að styrkja fjáröflun deildarinnar. Reykjavíkurdeild gerir ráð fyrir að styðja fjáröflun deilda í

Gambíu en hefur skotið verkefninu á frest þar til rennt hefur verið styrkari stöðum undir starfsemi Gambíska Rauða krossins.

Malaví

Alnæmisverkefni

Stjórn Rauða kross Íslands einsetti sér árið 2000 að vinna í auknum mæli gegn alnæmisplágunni sem herjar á heimsbyggðina og beindi sjónum sínum að sunnanverðri Afríku.

Landsfélögin í sunnanverðri Afríku hafa sett sér sameiginlega stefnu til að glíma við þennan vágest og byggja þar á reynslu þeirra landsfélaga á svæðinu sem mesta reynslu hafa af umönnun við alnæmissjúka. Verkefnin sem unnið verður að eru einkum fjórþætt. Gert er ráð fyrir heimahlynningu við langveika, aðstoð við munaðarlaus börn, fræðslu- og forvarnarstarfi sem og málsvarastarfi. Í lok árs 2002 voru lögð drög að nýju alnæmisverkefni í Nkalo í Chiradzulu-héraði í suðurhluta Malaví sem byggir á þessu. Á síðasta ári var unnið að því að koma heimahlynningarþættinum á koppinn og hafa 96 sjálfboðaliðar hafið störf, einn fyrir hvert þorp. Þeir hlutu allir þjálfun, fengu nauðsynleg áhöld og tæki og sinna nú sjúklingum á svæðinu. Ekki er gerður greinarmunur á alnæmissmituðum og öðrum langveikum þar eð fæstir vita um hvort þeir eru smitaðir eður ei. Fram til þessa hefur þótt lítill akkur í að fá þann úrskurð þar sem sambærileg lyf og hafa verið gefin alnæmissjúklingum á Íslandi frá 1996 og bjargað lífi þeirra, hafa ekki verið á boðstólum fyrir almenning í Afríku.

Fátækt er gifurleg í Malaví og fólk í sveitum landsins hefur barist við hungurvofuna ár eftir ár þegar uppskeran hefur brugðist vegna veðurfars. Alnæmisveiran leggst með meiri þunga á svo illa sett samfélög, því nægur matur er ein aðalforsenda þess að þeir sem sýkjast haldi heilsu sinni í einhvern tíma. Á árinu 2003 var jafnframt unnið að umfangsmikilli dreifingu matvæla og útsæðis um sunnanverða Afríku, m.a. í Malaví.

Malavíski Rauði krossinn veitti einnig viðtöku notuðum fatnaði frá Íslandi sem er dreift til bágstaddra, bæði í Chiradzulu og víðar, og seldur til fjáröflunar.

Mósambík

Heilbrigðisverkefni



Helstu heilsufarsvandamál í Mósambík eru vannæring meðal barna, malaría, niðurgangur, innyflaormar og önnur sníkjudýr í meltingarvegi, sýkingar í öndunarfærum, húðsjúkdómar, berklar, smitsjúkdómar og alnæmi. Meðan borgarastyrjöldin stóð yfir var þriðja hver sjúkrastöð eyðilögð og fimmta hver heilsugæslustöð. Ríkisstjórnin áætlað að heilbrigðisþjónusta þess nái aðeins til um 50% af fólki úti á landsbyggðinni.

Rauði kross Íslands, í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands og Mósambíska Rauða krossinn undirrituðu samning í lok ársins árið 1999 um að byggja heilsugæslustöð og byggja upp heilbrigðisþjónustu við íbúa í Matutuine í Mapútóhéraði í suðurhluta Mósambík. Auk þess hefur Rauða kross deildin á svæðinu verið styrkt þannig að hún geti fylgt verkefninu eftir þegar samstarfinu við RKÍ og ÞSSÍ lýkur.

Heilsugæslustöðin er risin í þorpinu Hindane, við hlið rústa gömlu stöðvarinnar, og búin nauðsynlegum tækjum. Ennfremur hafa verið byggð hús fyrir verðandi mæður og starfsfólk stöðvarinnar. Stjórnvöldum í Mósambík er skylt að útvega starfsfólk fyrir heilsugæslustöðina og sjá fyrir nauðsynlegum lyfjum og yfirumsjón. Hefur það valdið nokkrum erfiðleikum hvað enn er lítið um menntaða hjúkunarfræðinga í landinu. Rekstur stöðvarinnar hefur þó gengið bærilega og aðsókn að stöðinni hefur vaxið jafnt og þétt frá því hún var tekin í notkun og mun væntanlega aukast enn frekar þegar hús verðandi mæðra verður tekið í notkun nú í ársbyrjun 2004.

Í þorpunum sem fjær liggja er verið að klára svokallaða skyndihjálparpósta og grafa fyrir brunnum sem bæta munu aðgengi að hreinu vatni. Sú vinna hefur dregist vegna þurrka og annarra erfiðleika á svæðinu. Sjálfboðaliðar sem starfa að heimahlynningu (community health workers) og yfirsetukonur (traditional birth attendants) hafa verið þjálfaðir og fengið í hendur nauðsynleg sjúkragögn. Þeir heimsækja reglulega öll heimili á svæðinu til aðhlynningar við sjúka en einnig í forvarnar- og fræðsluskyni. Úttekt á verkefninu var gerð í byrjun síðasta árs og meginniðurstöður eru mjög jákvæðar og benda til að verkefnið hafi stuðlað að bættu heilsufari íbúanna á svæðinu.

Á árinu var einnig unnið að undirbúningi að stuðningi við alnæmissjúka og forvörnum í ætt við það sem gert er í Malaví.

Götubörn

Rauði kross Ísland hefur einnig styrkt athvarf fyrir götubörn í borgunum Beira og Mapútó. Verkefnið hófst eftir að borgarastyrjöldinni lauk í Mósambík og mikið var af vegalausum börnum á götum borganna. Þau höfðu flúið dreifbýlið og komið til höfuðborgarinnar í leit að betra lífi. Á síðustu árum eru færri vegalaus börn á götum bæja og borga en hins vegar þurfa fleiri börn stuðning vegna mikillar fátæktar fjölskyldna en Mósambík er eitt af fátækustu löndum heims. Ennfremur eru sífellt fleiri munaðarlaus börn sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi.

Í athvörfunum njóta börnin umhyggju og ýmiss konar aðstoðar, fá mat, heilbrigðisþjónustu og iðnþjálfun eins og kennslu í saumaskap, húsgagnasmíði og fleira. Um 400 börn fá nú aðstoð árlega á báðum þessum stöðum. Á síðasta ári var bætt við aðstoð við munaðarlaus börn sem mörg hafa misst foreldra sína úr alnæmi. Er reynt að finna þeim fósturfjölskyldur og þeim svo veittur stuðningur til að sjá fyrir börnunum.

Vinadeildasamstarf

Deildirnar á Norðurlandi ákváðu síðla árs 2003 að hefja vinadeildasamstarf við deild innan Rauða krossins í Mósambík. Áður höfðu þær verið í vinadeildarsamstarfi við Rauða krossinn í Lesótó og stutt þar rekstur tveggja heilsugæslustöðva í fjallahéruðunum

landsins. Í lok ársins voru lögð drög að verkefnatillögu sem felur m.a. í sér stuðning við götubörnin í fátækrahverfinu Xipamaníne og uppbyggingu deildastarfs í höfuðborginni Mapútó.

Vatn

Á árinu 2001 voru lögð drög að sérstöku vatnsverkefni í Mapúto héraði í samvinnu við Mósambíska og Spænska Rauða krossinn. Í dreifðum byggðum héraðsins er aðgengi að hreinu vatni mikið vandamál og ætlunin var að bæta úr því með byggingu um 30 brunna og þriggja borhola. Skilyrði til vatnsöflunar eru afar erfið þarna þar sem jarðvegur er mjög saltur en jafnframt var mikil þurrkatíð á síðasta ári sem gerði þessa vinnu erfiðari en ella hefði orðið. Síðustu holurnar voru grafnar á árinu sem leið þar eð finna þurfti nýjar staðsetningar fyrir sum þorpin vegna þurrkanna.

Suður-Afríka

Alnæmisverkefni

Rauði kross Íslands styrkti um árabíl aðhlyningu við alnæmissjúka á Western Cape svæðinu. Á árinu 2001 var hafinn undirbúningur að nýju alnæmisverkefni í samvinnu Rauða kross Íslands og Suður-Afríska Rauða krossins í Galashewe, Kimberley í Northern Cape, einu af fátækustu héruðum landsins. Er það af sama meiði og önnur alnæmisverkefni á svæðinu eins og áður er greint frá. Á síðasta ári var unnið að þjálfun sjálfboðaliðanna, þeim fengin áhöld svo þau gætu hafið störf. Skjólstæðingum fjölgar jafnt og þétt. Sjálfshjálparhópur hefur verið settur á laggirnar, aðstoð við munaðarlausu og jafningjafræðsla undirbúin. Fyrrum formaður Rauða kross Íslands, Anna Þrúður Þorkelsdóttir, starfaði með deildinni í Northern Cape í eitt ár og aðstoðaði meðal annars við að koma alnæmisverkefninu í Kimberley á laggirnar.

Vinadeildasamstarf

Deildir Rauða kross Íslands á Austurlandi hafa stutt deildina í Western Cape síðan 1999 og á árinu 2003 studdi Hafnarfjarðardeild einnig verkefni í borginni Kimberley sem er í Northern Cape. Samstarf austfirsku deildanna í Western Cape hefur beinst að ungmennastarfi og einnig að kennslu í skyndihjálp og almennri heilsugæslu til sveita þar sem lækniástoðar og sjúkraflutninga nýtur ekki við. Þar var á árinu 2003 unnið að ýmiss konar ungmennastarfi með stuðningi deildanna á Austurlandi og voru helstu verkefni fræðsla um alnæmi, samarbúðir ungmenna, neyðarvarnir og fræðsla til að auka umburðarlyndi fólks af mismunandi uppruna. Fulltrúi Hafnarfjarðardeildar, Gunnhildur Sigurðardóttir, sem er varaformaður deildarinnar, starfaði sem sjálfboðaliði í þágu alnæmissjúkra í Kimberley um tveggja mánaða skeið á árinu. Í framhaldinu sendi Hafnarfjarðardeild gám með fatnaði til Kimberley en dreifing fatnaðarins tafðist mikið vegna erfiðleika við að fá gáminn tollafgreiddan.

Lesótó

Rauði kross Íslands studdi um árabíl rekstur tveggja heilsugæslustöðva í fjallahéruðum Lesótó með hjálp deilda á Norðurlandi með fjárframlögum og sendingu notaðs fatnaðar sem seldur var að hluta til stuðnings landsfélaginu. Á árinu 2003 var unnið að því að meta árangur samstarfsins með tilliti til möguleika á áframhaldandi stuðningi.

Neyðaraðstoð

Inngangur

Neyðaraðstoð erlendis hefur einnig tekið breytingum í takt við hræringar á sviði efnahags- og stjórn mála. Stríðið gegn hryðjuverkum hefur haft nýja tegund stríðsátaka í för með sér og þar með skapað þörf fyrir breyttar áherslur í hjálparstarfi, m.a. hefur dregið úr öryggi hjálparstarfsmanna og alþjóðleg mannúðarlög eru virt að vettugi. Við þessar aðstæður er erfiðara fyrir óhlutdræg og hlutlaus hjálparsamtök eins og Rauða krossinn að sinna neyðaraðstoð en um leið eru gerðar meiri kröfur um að faglega sé staðið að henni. Þjáningar fórnarlamba stríðsreksturs í Afganistan, Ísrael og hernumdu svæðunum og Írak hafa verið mikið í fjölmiðlum. Þetta ástand undirstrikar mikilvægi Genfarsamninganna sem fela í sér skýrar reglur um meðferð óbreyttra borgara og fanga. Hins vegar nær sviðsljós fjölmiðlanna ekki til allra átakasvæða og hér má nefna Kongó og Mið-Afríku. Margir hafa eygt von um friðsælli tíma t.d. í Suður-Súdan og Líberíu, þar sem almenning vantar þó aðstoð til þess að brjótast út úr vítahring fátæktar og ofbeldis.

Skjót viðbrögð, skipulagning og vel þjálfaðir sjálfboðaliðar Rauða krossins og hálfmánans, hafa bjargað mannlífum á fyrstu klukkustundunum þegar náttúruhamfarir skella á og má taka jarðskjálftana í Íran og Alsír sem dæmi um slíkt.

Nú er almennt álitnið að mikilvægt sé að huga strax að þróunarstarfi þegar veitt er neyðaraðstoð og bent á að æskilegast sé að samþætta sem mest neyðar- og þróunaraðstoð. Jafnframt eru augu manna að opnast fyrir því að loftslagsbreytingar munu með tíð og tíma hafa mikil áhrif á neyðarvarnir víða um heim. Þörfin fyrir neyðaraðstoð er óhemjumikil og vandasamt að velja hvaða leið er árangursríkust. Samvinna við systurfélög, önnur frjáls félagasamtök á Íslandi, stuðningur stjórnvalda og örlæti almennings á Íslandi gefur Rauða krossi Íslands færi á að standa við bakið á fórnarlömbum hamfara og stríðsátaka.

Forsendur alþjóðlegrar neyðaraðstoðar Rauða kross Íslands

Neyðaraðstoð Rauða krossins erlendis er veitt samkvæmt ýmsum samþykktum sem gerðar hafa verið á vettvangi Alþjóðahreyfingarinnar. Félagið veitir nú neyðaraðstoð með tvennum hætti þ.e. annars vegar með fjárframlagi til Alþjóðasambands landsfélaga Rauða krossins og hálfmánans og Alþjóðaráðs Rauða krossins og hins vegar með því að senda sendifulltrúa á vettvang sem vinna á vegum þessara stofnana. Á árinu 2003 gaf Alþjóðasambandið út 25 neyðarbeiðnir vegna óvæntra hamfara og Alþjóðaráðið starfaði í 80 löndum. Árið 2002 voru neyðarbeiðnirnar hins vegar 36 talsins.

Hér á árum áður hafði Rauði kross Íslands það að reglu að svara strax öllum neyðarbeiðnum Alþjóðasambandsins þegar þær bárust. Þegar neyðarsjóður Alþjóðasambandsins, Disaster Response Emergency Fund, var stofnaður var ákveðið að stórum hluta stuðnings Rauða kross Íslands yrði beint í sjóðinn. Með tilvist sjóðsins er

Alþjóðasambandinu mögulegt að hefja strax neyðaraðstoð á hamfarasvæðum í stað þess að þurfa að bíða ákvörðunar landsfélaga og ríkisstjórna um stuðning. Þessir fyrstu dagar aðstoðar skipta alltaf sköpum. Framlag Rauða kross Íslands í sjóðinn og umsýslu aðgerða árið 2003 var alls 11 milljónir króna.

Önnur alþjóðaleg neyðaraðstoð í formi fjárframlaga

Mongólía

Á undanförunum fjórum árum hafa íbúar Innri Mongólíu búið við mikla þurrka og uppskerubresti. Þúsundir fjölskyldna höfðu misst stóran hluta búsins eða orðið fyrir algjörum eignamissi. Í janúar 2003 var talið að um 24.000 skepnur hefðu fallið og á sl. þremur árum hefðu alls um sex milljónir skepna fallið úr hor.

Ákveðið var að framlög styrktarfélaga Rauða kross Íslands árið 2003 yrðu notuð til að svara þessari neyðarbeiðni Alþjóðasambandsins. Að auki settu deildir á höfuðborgarsvæðinu tæpar fjórar milljónir í neyðarbeiðnina sem var ágóði af sölu notaðs fatnaðar Fataflokunarstöðvarinnar. Alls var framlagið til stuðnings Mongólíubúum því um 11 milljónir króna.

Stríðið í Írak og áhrif þess á nágrannalöndin

Rauði kross Íslands svaraði neyðarbeiðni Alþjóðasambandsins vegna stríðsins í Írak og afleiðinga þess á íbúa landsins og nágrannalöndin með sex milljóna kr. framlagi. Með stuðningi ríkisstjórnar Íslands var 40 milljóna kr. framlag sent til Alþjóðaráðsins til stuðnings hjálpar- og uppbyggingarstarfi. Að auki studdi ríkisstjórnin starf sendifulltrúanna sem störfuðu í Írak sl. vor og sumar, þeirra Þorkels Þorkelssonar ljósmyndara, Guðbjörgu Sveinsdóttur og Evu Laufeyjar Stefánsdóttur hjúkrunarfræðinga og Kristjóns Þorkelssonar sem vann við uppbyggingu vatnsveitukerfa.

Alsír

Í maí reið jarðskjálfti yfir Alsír sem mældist 6.8 stig á Richter. Hann varð þrjú þúsund manns að bana, tíu þúsund manns slösuðust að auki og 19 þúsund misstu heimili sín. Ríkisstjórnin bauð fram íslensku rústabjörgunarsveitina og Rauði kross Íslands svaraði beiðni Alþjóðasambandsins með einnar milljóna kr. framlagi.

Kína

Í flóðunum sem urðu í Kína í júlí misstu 300 þúsund manns heimili sín og um tvær milljónir manna urðu að flylja heimili sín um skeið. Rauði kross Íslands studdi matsvinnu sem fram fór fyrstu dagana eftir hamfarirnar en í því starfaði Þórir Guðmundsson upplýsingafulltrúi Rauða kross Íslands.

Gambía

Í ágústlok urðu íbúar í austurhluta Gambíu fyrir barðinu á fárviðri og flóðum. Rauði kross Íslands hefur stutt við þróunarverkefni landsfélagsins frá árinu 1992. Neyðarbeiðni var svarað með 750 þús. kr. framlagi.

Íran

Á annan dag jóla varð einn mannskæðasti jarðskjálfti á sl. áratug í borginni Bam í Íran. Um 30.000 manns létust, tíu þúsund manns slösuðust alvarlega og talið er að um 60% hýbýla í borginni hafi eyðilagst í skjálftunum.


Rauði kross Íslands svaraði neyðarbeiðninni samdægurs með tveggja milljóna kr. framlagi. Í kjölfarið fór fram símasöfnun á meðal almennings og deilda félagsins og söfnuðust um átta milljónir kr. Féð var notað í áfallahjálparverkefni sem unnið var í samstarfi Danska og Íslenska Rauða krossins og Íranska Rauða hálfmánans. Tveir íslenskir sendifulltrúar hafa starfað við verkefnið, þau Guðbjörg Sveinsdóttir geðhjúkrunarfræðingur og Jóhann Thoroddsen sálfræðingur. Að auki fóru þau María Csillag, Hólmfríður Garðarsdóttir, báðar hjúkrunarfræðingar og Elvar Örn röntgentæknir og unnu með bráðasjúkrahústeymi Finnska Rauða krossins. Ríkisstjórn Íslands studdi við neyðarbeiðnina með sjö milljóna kr. fjárframlagi ásamt því að senda 5.800 teppi á neyðarlagar Íranska Rauða hálfmánans.

Aðrar beiðnir

Að auki styður Rauði kross Íslands við árlegar beiðnir Alþjóðasambandsins sem erfiðlega gengur að fjármagna meðal annars á svokölluðum „gleymdum svæðum“, sem ekki njóta þess lengur að vera í kastljósi fjölmiðlanna. Rauði kross Íslands styður einnig sérstaklega beiðnir frá þeim löndum þar sem félagið er þegar í tvíhliða samstarfi eða þar sem íslenskir sendifulltrúar eru við störf.

Með þetta í huga studdi Rauði kross Íslands félagslega aðstoð og heimsóknarþjónustu í Serbíu og Svartfjallalandi, stríðshrjád börn í Palestínu, uppbyggingarstarf í Mósambík, svæðaskrifstofu Alþjóðasambandsins fyrir vestur Afríku svo eitthvað sé nefnt.

Stuðningur tombólubarna til barna í Afganistan



Íslensk börn og ungmenni safna töliverðum upphæðum á hverju ári með því að halda tombólur til aðstoðar skjólstæðingum Rauða krossins. Þannig hafa þau undanfarin ár stutt við súpueldhús í fyrrum Júgóslavíu, götubörn í Mósambík og á síðasta ári studdu þau við geðfötluð og munaðarlaus börn í Tanzaníu þar sem sendifulltrúi Rauða kross Íslands, Þór Daníelsson, sá um kaup og dreifingu hjálpargagna.

Framlag þeirra ársins 2003 var sent til fatlaðra barna í Kabúl í Afganistan. Steina Ólafsdóttir sjúkrapjálfari sem starfar á vegum Alþjóðaráðsins við endurhæfingu barna með heilalöfum á Indira Ghandi barnaspítalanum í Kabúl hefur yfirumsjón með að nýta féð til góðs fyrir börnin er þurfa á þjónustu sjúkrahússins að halda. Framlagið var alls

650 þús. kr. - 400 þús. kr. komu frá tombólubörnum og 250 þús. komur frá Leiksskólum Reykjavíkur sem samsvarar þeirri upphæð sem annars hefði farið í að senda fyrirtækjum og samstarfsaðilum þeirra jólakort.

Sendifulltrúar

Eftir að stríðið í Írak braust út í mars 2003 barst Rauða krossi Íslands beiðni frá Alþjóðastofnunum Rauða krossins um aðstoð við fórnarlömb átakanna. Félagið sendi fjóra sendifulltrúa á vettvang til að vinna að því að koma vatns- og lagnakerfi aftur í lag, við heilsugæslu og á sviði upplýsinga. Verkefni annarra sendifulltrúa Rauða kross Íslands voru margvísleg á árinu 2003. Má þar geta starfa við fjármálaþróun með landsfélaginu í Tansaníu og fjármálastjórn í Zimbabve fyrir sunnanverða Afríku, aðstoð við heilalömuð börn í Afganistan, vernd almennra borgara og stríðsfanga í Eþíópíu og aðstoð við uppbyggingu innra starfs landsfélags Indónesíu.

Aðstæður þær sem okkar fólk býr við á vettvangi eru einnig ólíkar, allt frá tjaldbúðum undir Afríkuhimni til venjulegrar blokkaríbuðar í hjarta Evrópu. En öll eru þau að vinna eftir grundvallarmarkmiðum hreyfingarinnar við að aðstoða þá sem höllum fæti standa í kjölfar hamfara eða stríðsátaka. Og þar er ekkert lát á þörfinni, því miður.



Á síðasta ári var alls 21 sendifulltrúi við störf á vegum Rauða kross Íslands sem tók þátt í 25 verkefnum, samtals í 147,5 mánuði. Það eru ívið fleiri verkefni en á árinu 2002 þegar 16 sendifulltrúar tóku þátt í 18 verkefnum.

Flest verkefni voru á sviði fjármála, stjórnunar og á heilbrigðissviði en verkefni á sviði upplýsinga- og kynningarstarfa voru einnig fjölmörg.

Um helmingur verkefna sendifulltrúa félagsins var í Afríku, svo sem við skipulag fjármála, þróun og skipulagningu upplýsingastarfs, uppbyggingu landsfélaga, heilsugæslu og vernd óbreyttra borgara og stríðsfanga.

Um það bil tvö af hverjum þremur verkefnum sendifulltrúa félagsins voru við þróunarastöð og uppbyggingu landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans en þriðjungur starfana fólst í neyðaraðstoð. Langflestir sendifulltrúa voru á vegum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans en aðrir á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins. Þrír unnu að tvíhliða verkefnum félagsins við landsfélög í sunnanverðri Afríku.

Mannmánuðir eftir tegund verkefna. Heildarfjöldi mannánaða var 147,5

| | |
|----------------|-------------------|
| Eðli verkefnis | Mánuðir við störf |
|----------------|-------------------|

| | |
|--|------|
| Heilbrigðisverkefni | 43,5 |
| Upplýsinga- og kynningastörf | 27 |
| Flutningar og dreifing hjálpargagna | 9,5 |
| Fjármál og stjórnun | 52,5 |
| Uppbygging og þróun landsfélaga | 9,5 |
| Vernd almennings og stríðsfanga samkvæmt alþjóða mannúðarlögum | 5,5 |

Staðsetning verkefna

| | |
|---------------------------------|----|
| Afríka | 12 |
| Evrópa og Mið-Asía | 1 |
| Asía og Kyrrahafseyjar | 4 |
| Norður-Afríka og Austurlönd nær | 8 |
| Ameríka | 0 |
| Höfuðstöðvar í Genf | 0 |

Anna Þrúður Þorkeldsdóttir fyrrum formaður Rauða kross Íslands var sendifulltrúi Rauða kross Íslands í Suður-Afríku og hafði það verkefni að aðstoða við uppbyggingu deildastarfs og alnæmisverkefna í Bloemfontain og Kimberley.

Áslaug Arnoldsdóttir hjúkrunarfræðingur starfaði eftir alþjóða mannúðarlögum í Eþíópíu á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC) við vernd almennings og hermanna sem ekki tóku þátt í stríðsátökum.

Eva Laufey Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur starfaði á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC) í Bagdad í Írak.

Guðbjörg Sveinsdóttir geðhjúkrunarfræðingur starfaði á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC) í Bagdad í Írak.

Hjördís Guðbjörnsdóttir hjúkrunarfræðingur var sendifulltrúi Rauða kross Íslands í þróunarsamvinnuverkefnum í Mósambík. Meðal helstu verkefna voru heilbrigðisverkefni í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands og mósambíska Rauða krossinn í Hindane héraði, sem er í Mabuto sveit.

Hlér Guðjónsson heimspekingur vann við skýrslugerð í Jóhannesarborg í Suður-Afríku vegna matvæladreifingar alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) í sunnanverðri Afríku fyrri hluta árs. Hlér vann einnig í Lesotho við úttekt á vinadeildarsamstarfi og uppbyggingu heislugæsluverkefnis Rauða kross Íslands og landsfélagi Lesotho.

Hlín Baldvinsdóttir rekstrarfræðingur stjórnaði sendinefnd Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) í Baku, Azerbajdjan.

Hólmfríður Garðarsdóttir ljósmóðir starfaði í Suður-Súdan að heilbrigðisverkefnum á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC).

Huld Ingimarsdóttir viðskiptafræðingur starfaði í Jóhannesarborg í Suður-Afríku fyrir Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) fram á sumar við fjármálastjórn vegna matvæladreifingar í sunnanverðri Afríku. Hún fór síðan til Harare í Zimbabwe og tók við fjármálastjórn Alþjóðasambandsins vegna verkefna í sunnanverðri Afríku.

Kristjón Þorkelsson pípulagningameistari var að störfum fyrir Alþjóðaráð Rauða krossins (ICRC) í Írak en hann starfaði þar við að koma vatns- og lagnakerfi aftur í lag. María Skarphéðinsdóttir læknir stýrði heilbrigðisverkefnum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) á Indlandsskaga með aðsetur í Nýju Deli, Indlandi.

Michael Schultz var fulltrúi Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) í Palestínu, með aðsetur í Jerúsalem.

Ómar Valdimarsson blaðamaður kom heim frá Tælandi um mitt sumar eftir fjögurra ára starf á vegum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) að þróun upplýsinga- og kynningarmála meðal landsfélaga í Suðaustur Asíu. Hann hélt til Indónesíu í haustbyrjun og hóf þá störf að uppbyggingu innra starfs landsfélags Indónesíu.

Pálína Ásgeirsdóttir hjúkrunarfræðingur stjórnaði aðstoð Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC) við fjögur sjúkrahús í Kabúl, Afganistan.

Ríkarður Pétursson rafiðnfræðingur starfaði á vegum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) í Afganistan sem byggingafulltrúi.

Sólveig Ólafsdóttir fréttamaður starfaði við upplýsinga- og kynningarstörf á vegum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) í sunnanverðri Afríku með aðsetur í Harare, Zimbabwe.

Steina Ólafsdóttir sjúkráþjálfari starfaði fyrir Alþjóðaráð Rauða krossins (ICRC) í Kabúl, Afganistan þar sem hún skipulagði aðstoð við börn með heilalömun.

Susan Martin rekstrarfræðingur starfaði í Angola við fjármálastjórn á vegum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) fyrri hluta árs. Þaðan hélt hún svo til Jóhannesarborgar í Suður-Afríku um mitt sumar þar sem hún starfaði við fjármálastjórn vegna matvæladreifingar í sunnanverðri Afríku.

Porkell Porkelsson ljósmyndari fór til Jórdaníu fyrir Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) til að starfa í Jórdaníu og Írak.

Pór Daníelsson rekstrarfræðingur starfaði fyrir Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) í Tansaníu við fjármálaþróun og fjármálastjórn.

Þórir Guðmundsson sviðstjóri Upplýsinga- og markaðssviðs Rauða kross Íslands starfaði á vegum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) í Kína í júlí síðastliðnum vegna flóðanna sem þar urðu.

Hælisleitendur

Í ársbyrjun 2003 voru 23 umsóknir um hæli enn til umfjöllunar hjá Útlendingastofnun frá árinu 2002. Af þeim fengu 7 dvalarleyfi af mannúðarástæðum þar af ein fjölskylda. Fjöldi umsókna frá fyrra ári dróst saman úr 117 árið 2002 í 80 árið 2003. Ný lög um útlendinga nr. 96/2002 tóku gildi 1. janúar og breyttu þau umhverfinu töluvert í hælistálmum. Meðal þeirra breytinga sem áttu sér stað var að í fyrsta sinn var hægt að úrskurða í máli hælisleitenda sem talið er tilhæfulaust. Þá úrskurðar Útlendingastofnun með frávisun og flýtimeðferð sem tekur einungis nokkra daga að afgreiða. Af 80 umsóknum um hæli var 22 synjað með flýtimeðferð, 15 umsóknir fengu Dyflinarmeðferð þ.e. umsækjendur voru sendir til annars Schengenlands á grunni Dyflinar reglugerðarinnar. Á árinu drógu 22 umsækjendur umsóknir sínar til baka og 8 hurfu. Í lok ársins 2003 voru til meðferðar hjá Útlendingastofnun 13 umsóknir og einungis 3 þeirra til venjubundinnar meðferðar.



Upprunalönd umsækjenda voru: Rúmenía (16), Albanía (12), Pólland (5), Afganistan (4), Kína (4), Hvítarússland (4), Mongólía (3), Írak (3), Tjetjenía (3), Úsbekistan (3), Ukraína (2), Búlgaría (2), Azerbadjan (2), Líbería (2), Nígería (2), Sri Lanka (2), Lýbía, Nepal, Georgía, Bosnía, Kongó, Eritrea, Iran, Makedónía, Tyrkland, Þýskaland og Króatía.

Í árslok rann út samningur Rauða kross Íslands og dómsmálaráðuneytisins frá 1999 um umönnun og réttindagæslu fyrir hælisleitendur. Í kjölfar þess samdi Útlendingastofnun við Reykjanesbæ um að taka við umönnun hælisleitenda en unnið er að gerð nýs samnings á milli dómsmálaráðuneytis og Rauða kross Íslands sem er að mestu leyti byggður á sömu atriðum og gamli samningurinn að undanskildu hlutverki um umönnun hælisleitenda. Eftir sem áður mun Rauði kross Íslands hafa með höndum réttindagæslu gagnvart hælisleitendum ásamt málsvarahlutverki.

Í mars 2003 var haldin námsstefna Rauða kross Íslands og UNHCR um málefni hælisleitenda og flóttamanna í samvinnu við dómsmálaráðuneytið. Námsstefnan er

haldin árlega fyrir starfsfólk ýmissa stofnana og félaga sem starfa að málefnum hælisleitenda og flóttamanna og var þetta í þriðja sinn sem hún var haldin. Sérstaklega var til umfjöllunar málefnið börn sem leita hælis ein sín liðs.

Flóttamenn

Flóttamannaverkefnið á Akureyri.

Þann 24. mars 2003 komu 24 flóttamenn frá Króatíu til Íslands. Þeir höfðu flúið þaðan í ágúst 1995 yfir til Serbíu og verið í flóttamannabúðum þar í sjö og hálf ár, flestir við ómurleg skilyrði. Daginn eftir komu þeirra fóru þeir til Akureyrar þar sem tekið var á móti þeim af hópi bæjarbúa, Rauðakrossfólki og verðandi stuðningsfjölskyldum og bæjarstarfsmönnum með bæjarstjóra í broddi fylkingar og bauð hann flóttafólkið velkomið í sinn nýja heimabæ. Farið var rakleitt í húsnæði Akureyrardeildar Rauða kross Íslands og var fólkið boðið velkomið þangað og þeim boðið kaffi og smurt brauð. Þar voru fulltrúar stuðningsfjölskyldnanna kynntir til sögu og fólkinu kynnt dagskrá næstu daga. Síðan var ekið að íbúðum fólksins sem sjálfboðaliðar höfðu útbúið listilega.

Um miðjan janúar 2003 fór fimm manna sendinefnd til Serbíu og ræddi við flóttafólkið, kynnti þeim verkefnið á Íslandi, hvers þau mættu vænta og til hvers væri ætlast af þeim. Það voru því tveir mánuðir sem gáfust til undirbúnings verkefnisins og var sá tími notaður vel. Stjórn Akureyrardeildar vann afar skipulega að þessu verkefni, skipti með sér verkum og fengu stjórnarmenn tveir og tveir saman sitt ábyrgðarsvið. Maður var ráðinn í vinnu við söfnun og flutning á húsgögnum og húsmunum og gekk það mjög vel. Bærinn átti íbúðir sem notaðar voru fyrir flóttafólkið.

Styrihópur var myndaður strax í janúar 2003 og hefur hann haldið 17 fundi meðan verkefnið hefur staðið yfir. Á fundunum hefur verið farið yfir alla verkþætti, mál rædd og leitað lausna á því sem upp hefur komið og málum komið í réttan farveg.

Það sem einkennt hefur verkefnið á Akureyri er gott skipulag á vinnu bæði frá bæjarins hálfu og Akureyrardeildar Rauða krossins, vinna stuðningsaðila hefur verið mikil og góð, einstaklega góður túlkur vann við verkefnið og íslenskukennarar voru mjög góðir og eljúsamir við kennsluna. Þrjár konur sköruðu fram úr í íslenskunáminu og tvær þeirra náðu að taka þátt í íslenskunámskeiði Menntasmiðjunnar og stóðu sig vel.

Það sem mest hefur komið á óvart er léttleiki og bjartsýni flóttafólksins sem hefur eftir megni notið dvalarinnar í rólegu og friðsömu umhverfi, eignast vini í stuðningsaðilunum og gert sitt til þess að aðlagast nýjum aðstæðum í nýju landi.

Lokahóf var haldið á Akureyri þann 26. mars síðstliðinn og kvaddi Árni Magnússon félagsmálaráðherra hópinn með óskum um góða framtíð hér á norðurlóðum. Meðal þeirra sem tóku til máls voru tvær konur úr hópnum sem þökkuðu fyrir hönd þeirra allra fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að byggja hér upp nýtt líf. Önnur konan flutti ljóð

sem hún hafði ort í flóttamannabúðum árið 1999 og nú þýtt yfir á íslensku. Það hún bærarstjóra, Kristján Þór Júlíusson, að lesa það fyrir gesti. Var það mjög áhrifamikið.

Innanlandsstarf

Inngangur

Ársins 2003 verður meðal annars minnst innan Rauða kross Íslands fyrir mikla stefnumótunarvinnu. Um vorið, á aðalfundi félagsins var samþykkt ný stefna til ársins 2010. Í framhaldi af breyttri stefnu voru verkefni á landsskrifstofunni endurskoðuð, mótaðar verklagsreglur og skipulagi breytt. Haustið 2003 voru gerðar verkefnaáætlanir í deildum, svæðum og á landsskrifstofu til næstu fjögurra ára, einnig fjárhags- og framkvæmdaáætlanir fyrir árið 2004. Unnið hefur verið að breytingum á lögum félagsins í samræmi við nýja stefnu og breytt vinnulag.

Innanlandsstarf var víða mjög blómlegt á árinu og mikill kraftur í sumum deildum. Allar deildir sinna grunnverkefnum eins og neyðarvörnum með áætlunum fyrir sitt starfssvæði og stuðla að útbreiðslu skyndihjálpar. Rauði krossinn tók þátt í tveimur flugslysáæfingum á árinu. Annars vegar í Vestmannaeyjum og hins vegar á Vopnafirði og Þórshöfn. Slíkar æfingar eru mjög þýðingamiklar til að þjálfa sjálfbóðaliða og starfsfólk og auka um leið þekkingu almennings á því hvernig bregðast skuli við neyð. Nokkur útköll urðu innanlands hjá Rauða krossinum.

Viðfangsefni í heilbrigðismálum voru mörg og margvísleg. Dæmi um atburði er hinn árlegi skyndihjálpardagur sem haldinn var víða um land, þar sem blandað er saman fræðslu og skemmtun fyrir almennig, málþing var 7. nóvember um skyndihjálpslysavarnir og rannsóknir og valinn var skyndihjálparmaður ársins. Á Vestfjörðum hófst átak í útbreiðslu sálrænnar skyndihjálpar til ýmissa markhópa. Á árinu hófst einnig samstarfsverkefni um slysavarnir í Garðabæ, tilraun með það að markmiði að stuðla að aukinni þekkingu íbúa bæjarins á slysavörnum og skyndihjálp og gera bæinn á þann hátt að fyrirmyndarbæ sem önnur bæjarfélög gætu lært af.

Margar deildir voru öflugar í áhersluverkefnum félagsins, þ.e.a.s. heimsóknarþjónustu, stuðningi við geðfatlaða og forvarnaverkefnum fyrir börn og ungmenni. Samstarf deilda á svæðisvísu hefur aukist og festst í sessi innan félagsins. Á þeim vettvangi taka deildir m.a. sameiginlega á verkefnum eins og sumarþúðum, ungmennahúsum, þjóðahátíðum og vinadeildasamstarfi við framandi lönd.

Sjálfbóðaliðum fjölgaði verulega á árinu og ber það vott um að fleiri, sem tilbúnir eru að leggja félaginu lið, fái verkefni við sitt hæfi. Í rannsókn sem Steinunn Hrafnadóttir lektor í Háskóla Íslands annaðist fyrir Rauða krossinn um framlag og efnahagslegt mikilvægi sjálfbóðastarfa komu fram ýmsar upplýsingar sem eru gagnlegar fyrir landsfélagið. Notuð var svokölluð VIVA aðferð sem er ein leið til að mæla starfið. Það væri mjög æskilegt að gera aðra slíka rannsókn til samanburðar innan fárra ára. Skráning á sjálfbóðnu starfi er sífellt að batna.

Fjölbreytt námskeið voru í boði fyrir sjálfbóðaliða og starfsmenn, fræðsla um hugsjónir og starfsemi Rauða krossins innanlands og utan, almenn og sálræn skyndihjálp, einnig

verkefnatengd námskeið af ýmsum toga m.a. fyrir heimsóknarvini og fjöldahjálparstjóra. Námskeið fyrir almenning, fyrirtæki og stofnanir voru einnig mörg á vegum félagsins. Sú nýlunda var tekin upp í byrjun september að gera samstarfssamning við fyrirtækið ICESEC ehf. um sölu og markaðssetningu á námskeiðum í almennri og sálrænni skyndihjálpi til fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu með aukna útbreiðslu í huga. Um er að ræða tilraunaverkefni sem metið verður að ári liðnu, en verkefnið lofar góðu.

Á árinu bættist við nýtt athvarf fyrir geðfatlaða, Lækur í Hafnarfirði. Aðalmarkmiðið sem fyrr er að draga úr einangrun þessa fólks og veita því persónulegan stuðning. Nú eru athvörfin fjögur að tölu og samvinna þeirra á milli mjög góð. Sameiginlegir fræðslufundir eru haldnir ár hvert fyrir starfsmenn og fulltrúa deilda sem koma að rekstri athvarfanna.

Fjölmargt í starfi Rauða krossins hefur forvarnagildi. Til að mynda verkefni sem draga úr fordómum, auka umburðarlyndi, bæta lífsgæði og fækka slysum. Námskeið eins og Mannúð og menning og Börn og umhverfi eru í þessum flokki. Rauði krossinn hefur undanfarin ár tekið þátt í rannsóknum á lífsstíl ungs fólks á aldrinum 16-20 ára sem RANNSÓKNIR OG GREINING hafa leitt og hafa þær sýnt fram á mikilvægi þess að bæta lífsgæði þessa aldurshóps og draga úr áhættuhegðun. Rauði krossinn vinnur að því að vera málsvari þessa aldurshóps og sérstaklega ungs fólks í vanda.

Árið 2003 kom út skýrsla um niðurstöður á Utanskólarannsókn sem Rauði krossinn var aðili að. Hún hefur, ásamt Framhaldsskólakönnuninni svokölluðu sem framkvæmd var árið 2000, að geyma miklar upplýsingar um hegðun og líðan unga fólksins á Íslandi.

Rauði krossinn kemur að ýmsum verkefnum í þágu þessa hóps og reynir að hjálpa þeim til sjálfshjálpar, styrkja sjálfsmynd þeirra og skapa góða valkosti án vímuefna.

Rauða kross deildir um allt land koma að stofnun og verkefnum í tómsunda- og menningarhúsum fyrir ungt fólk.

Rauði krossinn styður einnig samtök ungs fólks „Húsfélagið“ sem hefur það að meginmarkmiði að hjálpa til við mótnun innra starfs í ungmennahúsunum og miðla upplýsingum um ungmennamenningu hér á landi og meðal nágrannalanda.

Stuðningur Rauða krossins við Fjölsmiðjuna í Kópavogi hefur þegar sannað ágæti sitt og mikilvægi. Þörfin er mikil fyrir slík úrræði og langir biðlistar af ungu fólki sem flosnað hefur upp úr skóla og/eða er atvinnulaust sem vill komast að.

Forvarnaverkefnið Ego.is. sem hófst árið 2002, hélt áfram 2003. Að verkefninu stóðu Rauði krossinn, Landlæknisembættið, heilsugæslan, jafningjafræðslan og Geðrækt.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið ásamt félagsmálaráðuneytinu stóðu fyrir átaki gegn verslun með konur í byrjun árs og fékk til liðs við sig fulltrúa úr opinbera geiranum og félagasamtökum. Rauði krossinn var aðili að þessu átaki, sem fólst í málefnaumræðu til að vekja athygli á alvarleika mansals, gefið var út blað og haldin ráðstefna sem var vel

sótt. Sambærilegt átak fór fram á sama tíma á hinum Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum

Rauði kross Íslands kom að málþingi í maí „Skuggahliðar nútíma fólksflutninga“ um erlendar konur sem eru í sambúð með íslenskum körlum og beittar eru ofbeldi. Þetta var verkefni undir forystu Stígamóta og í samstarfi við Kvennaathvarfið, Félagsþjónustuna í Reykjavík og Alþjóðahús Reykjavíkurdeild. Erlendir og innlendir fyrirlesarar fluttu erindi og þátttakendur unnu saman í hópum. Fjölmennt var og málþingið vel heppnað og niðurstöðum þess hefur verið fylgt eftir með skrifum til opinberra aðila.

Á haustmánuðum tók Rauði kross Íslands þátt í átakanu „Geðheilsa eldri landsmanna“ sem Geðrækt stóð fyrir og fjölmargir aðilar komu að. Vakin var athygli á mikilvægi andlegrar heilsu og því að þunglyndi og kvíði þurfi alls ekki að vera fylgifyskar efri árána. Skrifaðar voru greinar í blöð, viðtöl í fjölmiðlum, gefið út kort með heilræðum og haldnir 4 hádegisverðarfundir með fjölbreytilegum fyrirlestrum sem voru mjög vel sóttir.

Hjálparsími Rauða krossins er verkefni á landsvísu. Landsskrifstofan gerði í nóvember samning við Reykjavíkurdeild um að deildin tæki við rekstrinum 1. mars 2004 en fagleg verkefnisstjórn var mynduð á haustdögum með fulltrúum frá Reykjavíkurdeild og öðrum deildum, landsskrifstofu og Landlæknisembættinu. Töluverðar breytingar eru með þessu samkomulagi sem felast einkum í því að mun fleiri sjálfboðaliðar svara í símann en áður en einnig verður upplýsingaþjónusta símans aukin. Áætlað er að verkefninu komi um 100 sjálfboðaliðar. Í þetta verkefni er sérstaklega höfðað til háskólanema í félagsvísindagreinum sem markhóps og starfið verði metið til eininga í námi. Mikil áhersla er lögð í að fólk sem annast símsvörunina fái mikla fræðslu og þjálfun í upphafi og einnig fari fram símenntun. Gott samstarf er við Neyðarlínu, Geðsvið Landspítala háskólasjúkrahúss og Landlæknisembættið varðandi erfiðustu símtölin.

Fatasöfnun var um allt land. Töluvert fór af fatnaði innanlands til þeirra sem mesta þörf hafa fyrir aðstoð. Verslunin að Laugavegi 12 gekk mjög vel. Afraksturinn rann til hjálparstarfs og neyðaraðstoðar.

Rauði krossinn leitast við samkvæmt stefnu sinni í málefnum útlendinga að vera sérstakur málsvari fólks af erlendum uppruna og opna félagið meira fyrir þessum hópi. Reykjavíkurdeild rekur Alþjóðahúsið og býður upp á ýmsa þjónustu við útlendinga, m.a. túlkþjónustu auk þess að bjóða almenningi upp á margs konar alþjóðlega fræðslu og menningaruppákomur. Deildir á Vestfjörðum og Austfjörðum styðja verkefni í Fjölmeningarsetrinu á Ísafirði.

Starf á svæðum

Höfuðborgarsvæði

Svæðisráð Rauða kross Íslands á höfuðborgarsvæði

Í svæðasamstarfi á höfuðborgarsvæði eru sex deildir, Kjósarsýsludeild, Reykjavíkudeild, Kópavogsdeild, Garðabæjardeild, Bessastaðahreppsdeild og Hafnarfjarðardeild. Í svæðisráði eru fulltrúar allra deilda auk fulltrúa URKÍ sem situr fundi með málfrelsi og tillögurétti. Formaður svæðisráðs er Guðrún Mjöll Sigurðardóttir fulltrúi Kópavogsdeildar og tók hún við af Erni Ragnarssyni á svæðisfundi í nóvember.

Svæðisráð fundar einu sinni í mánuði eða fyrsta mánudag hvers mánaðar kl. 17:15. Svæðisskrifstofa Rauða kross Íslands á höfuðborgarsvæði sem staðsett hefur verið að Bæjarhrauni 2 í húsnæði Hafnarfjarðardeildar mun í aprílmánuði 2004 flytja ásamt Hafnarfjarðardeildinni í nýtt húsnæði deildar að Strandgötu 24, Hafnarfirði. Svæðisfulltrúi er Linda Ósk Sigurðardóttir.

Fataflokkun

Fatamóttaka er hjá Sorpu en fyrirtækið Midtex í Hollandi kaupir mest af fatnaðinum.

Innanlands var úthlutað alls 4 tonnum af fatnaði til aðstoðar 600 fjölskyldum sem eru með yfir 1000 börn á framfæri.



Í desember voru skráðar yfir 200 heimsóknir í fataflokkunarstöðina en þar er opið alla miðvikudaga fyrir úthlutun.

Alls voru 64 fatagámar sendir út á árinu.

Versluninni L12 er haldið opinni alla virka daga af 4 sjálfboðaliðum sem sjá um afgreiðslu. Á laugardögum sér URKÍ – Ungmennahreyfingin um afgreiðslu.

Annan sunnudag hvers mánaðar frá klukkan 16:30 –18:00 er opið hús fyrir þá sem vilja koma og flokka föt og eru það deildir á svæðinu sem sjá um að opna og loka þessa daga.

Gott samstarf var við mæðrastyrksnefndir fyrir jólin og notuðu nefndirnar sérstaka úthlutunarmiða fyrir skjólstaðinga sína.

Fataflokkunarstöðin flytur í nýtt húsnæði að Gjótuhrauni 8 Hafnarfirði í aprílmánuði 2004. Forstöðumaður fataflokkanar er Ólafur Árnason. Verslunarstjóri L12 er Guðrún Sigurjónsdóttir. Verkefnisstjóri URKÍ vegna L12 er Jens Ívar.

Vinnustundir sjálfbóðaliða í fataflokkanarverkefninu eru yfir 8.000 klst.: L12 - 3.990, L12 –ungmennahreyfingin 448, fataflokkan 3.200, fataflokkan – samfélagsþjónusta 400 og stjórn fataflokkanar 140. Ársverk miðað við 230 vinnudaga á ári voru því 4,45 stöðugildi.

Fræðsla í skóla

Elín Eiríksdóttir var verkefnaráðin annað árið í röð til að fara með fræðslu um Rauða krossinn í alla grunnskóla á svæðinu. Heimsótti hún 8. bekki þetta árið. Framleidd voru strokleður sem krökkunum voru gefin. Þau voru merkt Hjálparsímanum 1717 og fræðsluefninu „Ef bara ég hefði vitað“.

Evrópudagurinn í skyndihjálpi

Deildirnar tóku þátt í kostnaði við kynningu á Evrópudeginum í skyndihjálpi í Smáralindinni þar sem fjölmargir sjálfbóðaliðar gáfu vinnu sína þann dag.

Sumarbúðir

Deildirnar ráku sumarbúðir í Þórsmörk ásamt deildum á Suðurlandi / Suðurnesjum. Sumarbúðirnar á Löngumýri fengu styrk til rekstursins að upphæð kr. 500.000.

Athvörf

Vin og Dvöl, athvörf fyrir geðfatlaða fengu hvort 150.000 króna styrk til ferðalaga gesta sinna.

Könnun á stöðu barna og ungmenna

Árni Einarsson var fenginn til að gera könnun á stöðu barna og ungmenna á svæðinu og að finna út hvaða úrræði vantar fyrir þennan hóp. Verið er að vinna úr niðurstöðum könnunarinnar.

Gjafir

Svæðið sendi sameiginlegar gjafir vegna opunar á athvarfinu Læk í Hafnarfirði, opunar á húsnæði Kjósarsýsludeildar og Kópavogsdeildar og vegna afmælis Dvalar.

Vesturland

Í umdæmi svæðisfulltrúa á Vesturlandi var starfið með svipuðum hætti og á síðasta ári. Stjórnir deildanna voru að mestu óbreyttar frá fyrra ári. Fundir voru með líku sniði og fyrr, en miklir erfiðleikar voru að ná saman fundum í svæðisráði. Var gripið til þess ráðs að nota símann og tölvupóst eins mikið og unnt var. Gafst það vel, en mönnum var ljóst að breyting yrði að verða á starfi svæðisráðs til að viðunandi væri. Reglubundnir fundir,

s.s. aðalfundir, svæðisráðsfundir og svæðisfundur fóru fram með líkum hætti og venja er til.

Ungmennahús

Stærsta sameiginlega verkefni deildanna á svæðinu var rekstur Tómsstunda- og menningarhúss ungs fólks á Vesturlandi. Unnið var áfram að kynningu á starfseminni, bæði í grunnskólum og fjölbrautaskólanum. Húsið fékk nýtt nafn á árinu. Eftir miklar vangaveltur var ákveðið að það skyldi kallað „Hvíta húsið“ í stað „Gamli iðnskólinn“. Húsið hefur verið opið ungu fólki og almenningi og dagskrá verið margþætt, s.s. námskeið, líkamsrækt, fundir um ýmis efni, skemmtikvöld og margt fleira. Aðsókn hefur farið vaxandi og notendahópurinn sífellt orðið breiðari og fjölbreyttari. Fatlaðir og geðfatlaðir hafa einnig aðstöðu í húsinu, koma þar einu sinni í viku. Mikil vinna hefur farið í að sinna þessu málefni, bæði varðandi starfið í húsinu og vegna ýmissa annarra funda og ráðstefna tengdum þessu verkefni.

Vinadeildasamstarf

Deildirnar á Vesturlandi eru í vinadeildasamskiptum við Western Division Rauða krossins í Gambíu. Vegna erfiðleika hjá landsfélaginu í Gambíu hefur samstarf við vinadeildina þar legið niðri um hríð. Samkvæmt ráðleggingu alþjóðadeildar Rauða kross Íslands verður þráðurinn tekinn upp að nýju þegar mál hafa skýrst.

Ýmis verkefni

- Deildanámskeið var haldið á Akranesi í mars. Tókst það í alla staði vel og var vel sótt.
- Fjórar deildir tóku þátt í Evrópuveginum í skyndihjálpi, sami fjöldi og árið 2002.
- Unnið var að endurskoðun neyðarvarnaáætlana, en því verki miðaði nokkuð á árinu. Lögð drög að nýjum áætlunum fyrir Tálknafjörð, Bíldudal og Reykhóla.
- Á árinu varð sú nýlunda að allar deildir gerðu framkvæmda- og fjárhagsáætlanir að hausti. Þessi vinna var mikil skorpa og vinnan í deildunum bæði nýstárleg og árangursrík. Svæðisfulltrúi fór á fundi með öllum deildum og leiðbeindi og aðstoðaði við gerð áætlana. Síðan fjallaði svæðisráð um þær og svo voru þær kynntar á svæðisfundi þar sem sameiginleg fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir svæðið var rædd og samþykkt.

Starfið í deildum byggist sem fyrr nær eingöngu á stjórnunum og fáir aðrir koma nálægt því. Sjálfboðaliðar koma þó til starfa þegar ákveðin stór verkefni eru. Æ færri virðast því miður hafa tíma fyrir sjálfboðið starf. Stjórnarfólk í deildum er flest á miðjum aldri. Átaksverkefni næstu missera þarf að miða að því að finna ungt fólk til þátttöku í starfinu.

Vestfirðir

Sameiginleg verkefni deilda

Auk þess að sinna föstum verkefnum s.s. neyðarvörnum, einstaklingsaðstoð o.fl. eru deildir sífellt að auka samstarfið og sameinast um verkefni enda eru samgöngur innan svæðisins góðar.

Heimsóknavinir

Heimsóknarþjónusta er eitt af áhersluverkefnum félagsins og vel til þess fallið að gefa sjálfboðaliðunum tækifæri til að leggja sitt af mörkum. Á árinu sóttu 15 sjálfboðaliðar námskeið fyrir heimsóknarvini og eru að fara af stað í heimsóknir.

Fjölmeningarsetur

Gott samstarf er við Fjölmeningarsetur enda hefur stofnunin tekið yfir mörg verkefni sem Rauða kross deildirnar unnu áður en setrið var stofnað. Þau verkefni sem Rauði krossinn tekur þátt í með Fjölmeningarsetrinu og Rótum, félagi áhugahóps um menningarfjölbreytni, eru m.a. ýmsar uppákomur í formi skemmtana, kynninga og fræðslu fyrir almenning. Sem dæmi um fræðslu og skemmtun má nefna arabískt kvöld þar sem fram fór fræðsla um arabíska menningu, magadans var sýndur, fólki boðið upp í dans á eftir og arabískur matur snæddur. Í stað þjóðahátíðar sem verið hefur undanfarin ár var haldin á Ísafirði ljósahátíð, nýjárshátíð Tælendinga í samvinnu við ofangreinda aðila.

Skyndihjálp

Sálræn skyndihjálp hefur verið sérstaklega kynnt á svæðinu með það í huga að vekja athygli á mikilvægi þess að veita mannlegan stuðning þegar fólk lendir í áföllum. Unnið verður áfram að því að útbreiða þessi námskeið. Almenna skyndihjálpin heldur sínu striki eins og áður og hefur það heldur aukist að atvinnulífið óski eftir að fá keypt námskeið af deildum. Á svæðinu er nægur fjöldi af leiðbeinendum sem kennir á námskeiðunum. Evrópudagurinn í skyndihjálp var haldinn á Ísafiði eins og á öðrum stöðum á landinu. Sjúkraflutningamenn buðu fólki upp á að mæla blóðþrýsting og taka hjartalínurit. Einnig var leiðbeinandi í skyndihjálp á staðnum og bauð fólki að kynna sér endurlífgun.

Fræðsla í skólum

Skólar á svæðinu fá alltaf fræðslu fyrir nemendur þegar þess er óskað. Nokkuð hefur verið um það að skólafólk óski eftir sérstakri fræðslu í tengslum við námsefni. Menntaskólinn á Ísafirði fær árlega Rauða kross fólk í heimsókn með kynningu á félaginu og sérstökum verkefnum sem eru í gangi. Á árinu voru nemendur í mannfræði sérstaklega áhugasamir og fengu þrisvar kynningu.

Fatasöfnun

Sérstök fatamóttaka er á Ísafirði auk þess sem deildir taka á móti fötum allan ársins hring. Það hefur færst í aukana að fólk og verslanir gefi föt til Rauða krossins. Síðastliðin tvö ár hefur fötum verið safnað á Ísafirði og fólk í þrengingum getað komið og fengið föt. Þar sem svæðið er lítið og nálægð fólks þar af leiðandi mikil þá var ákveðið að senda fötin í flokkunarstöðina og fá þaðan flokkuð föt eftir sérstakri beiðni. Hefur samstarfið við fataflokkun gefist vel.

Gamla apótekið

Deildir á Vestfjörðum eru frumkvöðlar í stofnun vímuefnalauss ungmennahúss fyrir 16 ára og eldri. Nú hafa deildir sleppt hendinni af Gamla apótekinu og ákveðið að styrkja heldur ákveðin verkefni í húsinu. Verkefnið hefur fengið mikið lof og stjórnin hefur verið ráðgefandi fyrir önnur svæði sem hafa siglt í kjölfarið.

Sumarferð eldri borgara

Allt frá árinu 1983 hafa Rauða kross deildirnar staðið fyrir sumarferðum eldri borgara á Vestfjörðum. Fimmtíu ferðalangar á aldrinum 60 til 80 ára ferðuðust um Suðurland undir fararstjórn tveggja Rauða kross félaga. Margt af þessu fólki ferðast ekki mikið að öllu jöfnu og hefur því ekki tækifæri til að ferðast um landið á annan hátt.

Vinadeildasamstarf

Deildirnar á Vestfjörðum eru í vinasambandi við deildina í Uzice í Serbíu. Deildin þar er lítil og á hennar svæði er mikill fjöldi fólks í flóttamannabúðum. Fulltrúa deildarinnar var boðið til Vestfjarða í október. Rauða kross félögum gafst þá tækifæri til að skiptast á skoðunum auk þess að kynna sér líf og starf hvor hjá öðrum.

Norðurland

Neyðarvarnir

Þrjú fjöldahjálparstjórnarnámskeið voru haldin á Norðurlandi á síðasta ári, á Húsavík, Dalvík og Hólmavík þar sem menntaðir voru 37 fjöldahjálparstjórar. Flestir voru að sækja slíkt námskeið í fyrsta skipti. Þetta verður að teljast góður árangur og styðja vel við gerð neyðarvarnaáætlana á svæðinu sem deildir hafa verið að leggja mikla vinnu í að gera sem best úr garði. Gerð héraðssamninga við sýslumannsembættin er vel á veg komin.

Sumarbúðir

Sumarbúðir fyrir fatlaða voru starfræktar að venju á Löngumýri og komust færri að en vildu. Um var að ræða þrjú tímabil sem stóðu yfir í 7 daga hvert.

Fjárhags- og framkvæmdaáætlanir

Í framhaldi af samþykktri stefnu Rauða kross Íslands til 2010 unnu deildir fjárhags- og framkvæmdaáætlanir sínar í september og október. Mæltist þessi nýbreytni vel fyrir og var almenn ánægja hjá deildum þó svo að mörgum hafi ekki litist á blikuna í upphafi og fundist þetta vera alltof mikið umstang.

Flóttamenn

Akureyrardeild tók á móti 24 flóttamönnum frá fyrrum Júgóslavíu. Komu 5 fjölskyldur til Akureyrar í lok mars. Lögðu sjálfboðaliðar Akureyrardeildar allan sinn metnað í undirbúningsvinnu og móttöku þeirra. Var allur aðbúnaður sem beið flóttamannana á nýju heimilum þeirra til fyrirmyndar.

Vinadeildasamstarf

Á svæðisfundi sem haldinn var á Sauðárkróki 1. nóvember var samþykkt að hefja vinadeildasamstarf við Rauða kross deild í Mósambík. M.a. verður um að ræða að styðja við rekstur heimilis fyrir munaðarlaus börn og hjálpa þeim til að sjá sér og sínum farborða, en flest barnanna hafa misst foreldra sína úr alnæmi.

Rekstur athvarfs fyrir geðfatlaða

Á síðasta ári var undirritaður samningur milli Geðverndarfélags Akureyrar, Akureyrarbæjar og Akureyrardeildar Rauða kross Íslands um áframhaldandi rekstur athvarfs fyrir geðfatlaða í Laut til næstu þriggja ára.

Skyndihjálp

Flestar deildir stóðu fyrir námskeiðum í skyndihjálpi, bæði sálrænni og almennri og námskeiðinu „Börn og umhverfi.“

Ungmennahús

Rekin eru tvö menningarhús fyrir ungt fólk á Sauðárkróki og Húsavík í samvinnu við sveitarfélögin á staðnum og fleiri aðila. Á Sauðárkróki er það samvinnuverkefni fleiri deilda á svæðinu en Húsavíkudeildin kemur ein að rekstrinum á Húsavík.

Nokkrar deildir héldu markaðsdag þar sem þær seldu notuð föt.

Austurland

Deildir Rauða kross Íslands á Austurlandi eru alls 11 og nær svæðið frá Bakkafirði í norðri til Hornafjarðar í suðri. Í hverri deild sitja 5 manns í stjórn sem kosin er á árlegum aðalfundi þeirra. Hver deild gerir starfs- og fjárhagsáætlun fyrir hvert ár sem unnið er eftir. Einu sinni á ári er haldinn svæðisfundur þar sem allar deildir hittast og bera saman bækur sínar. Kosið er í svæðisráð en þar sitja þrjú aðilar úr þremur deildum á Austurlandi. Svæðisráð vinnur við að koma af stað þeim sameiginlegum verkefnum sem deildir hafa ákveðið á svæðisfundi. Þau kallast stóru verkefni. Í nóvember 2003 var ráðinn nýr svæðisfulltrúi og sér hann um að halda utan um verkefni og vera í góðu samstarfi við deildir á svæðinu. Skrifstofa svæðisfulltrúa er á Eiðum.

Námskeið

Skyndihjálparnámskeið var haldið fyrir ungt atvinnulaust fólk á vordögum. Námskeiðið var haldið í samvinnu við Svæðisráð Rauða kross Íslands, Svæðisvinnumiðlun og Fræðslunet Austurlands. Óhætt er að segja að námskeiðið hafi tekist vel og telst það nokkur nýlunda að deildir Rauða kross Íslands á Austurlandi komi að slíku starfi.

Fjöldahjálparstjórnarnámskeið var haldið á Vopnafirði dagana 21.-22. nóvember. Guðný Björnsdóttir svæðisfulltrúi Norðurlands sá um námskeiðið ásamt nýjum svæðisfulltrúa Austurlands. Alls mættu 10 manns bæði frá deildum Austur- og Norðurlands.

Flugslysaæfing

Í maí var haldin flugslysaæfing á Vopnafirði. Sett var á svið flugslys þar sem flugvél brotlenti með 15 manns innanborðs. Þeir sem tóku þátt voru björgunarsveit Landsbjargar, Rauði kross Íslands, heilsugæslan, rannsóknarnefnd flugslysa, almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra, slökkvilið staðarins, lögreglan og íbúar staðarins en þeir léku slasaða og aðstandendur. Æfingin tókst mjög vel.

Hjartastuðtæki

Sex Rauða kross deildir á Austfjörðum, frá Djúpavogi til Neskaupstaðar gáfu lögreglunni á Eskifirði hjartastuðtæki til endurlífgunar auk tveggja neyðartaska. Allt þetta verður hluti af útbúnaði í lögreglubifreiðum á þessu svæði. Því er lögreglan betur í stakk búin til að taka á málum er varðar hjartasjúkdóma og getur verið til aðstoðar og stuðnings sjúkraliðum á svæðinu.

Heimsókn Stefáns Karls

Rauða kross deildir á Austurlandi styrktu ferð Stefáns Karls Stefánssonar frá Regnbogabörnum. Hann heimsótti skóla á Austurlandi.

Heimsókn gesta Vinjar

Í ágúst tóku nokkrar Rauða kross deildir á Austurlandi á móti gestum Vinjar, athvarfs geðfatlaðra, sem komu í sumarferð á Austurland. Farið var með hópinn á marga áhugaverða staði og var ferðin hin ánægjulegasta.

Svæðisfundur

Svæðisfundur var haldinn á Vopnafirði í nóvember þar sem 7 deildir komu saman. Einnig sátu fundinn Anna Þrúður Þorkelsdóttir sendifulltrúi og kynnti hún starf sitt í Suður-Afríku í máli og myndum. Gestur Hrólfsson verkefnisstjóri Alþjóðaskrifstofu Rauða kross Íslands ræddi um vinadeildasamstarfið þar sem teknar hafa verið upp nýjar starfsreglur varðandi samstarfið. Óskað er eftir verkefna- og fjárhagsáætlun. Eindreginn vilji var hjá fundarmönnum að halda áfram samstarfi við Suður-Afríku. Linda Ósk Sigurðardóttir svæðisfulltrúi Rauða kross Íslands á höfuðborgarsvæðinu hélt utan um fundinn þar sem nýr svæðisfulltrúi Austurlands var að byrja sinn fyrsta vinnudag.

Áfallahjálp

Jóhann Thoroddsen sálfræðingur ásamt svæðisfulltrúa fóru til Seyðisfjarðar í byrjun nóvember þar sem Jóhann veitti áfallahjálp konum er misst höfðu vinnu sína vegna lokunar fiskvinnslufyrirtækis. Fundurinn endaði á skemmtilegum og bjartsynum nótum.

Ungmennahús

Unnið var að stofnun ungmennahúss á Egilsstöðum í samvinnu við A.-Hérað og Héraðs- og Borgarfjarðardeild Rauða kross Íslands. Mun húsið hefja starfsemi sína á árinu 2004.

Einstaklingsaðstoð

Einstaklingsaðstoð var veitt fyrir jólin í samvinnu við verkalýðsfélagið Afl, Lionsklúbbinn Múla, Kaupfélögin, félagsfulltrúa og Rauða krossins á Austurlandi. Margir áttu um sárt að binda og var því þessi hjálp kærkomin.

Suðurland og Suðurnes

Þarfagreiningar

Árið 2003 var lokið vinnu við þarfagreiningar á stöðu geðfatlaðra og ungmenna á Suðurlandi og Suðurnesjum. Niðurstöður rannsóknanna voru kynntar á svæðisfundinum sem var haldinn í Grindavík.

Þarfagreining á stöðu geðfatlaðra var unnin af prófessor Páli Biering lektor og geðhjúkrunarfræðingi. Hann vann verkefnið í samvinnu við heilbrigðisstofnanir og félagsmálayfirvöld. Í niðurstöðum skýrslu Páls kemur fram hver sá fjöldi fólks er sem er með geðfötlun í hverju heilsugæsluumdæmi. Einnig kemur fram hvaða úrræði þessi hópur getur nýtt sér. Ljóst er að deildir hafa fengið margar leiðir til verkefna út úr skýrslunni, en sýnt er að frekari vinna og kynning verður að fara fram.

Þarfagreining á stöðu ungmenna var unnin af Önnu Ingadóttur starfsmanni á Landsskrifstofu Rauða krossins. Anna fór líkt og Páll um svæðið og ræddi við fólk úr hópnum sem fjallað er um. Niðurstöður skýrslu Önnu færa deildum einnig mikið af upplýsingum sem hægt er að nota til verkefnavinnu og til samstarfs um verkefni.

Þarfagreiningarnar geta deildir líka notað sem upplýsingar í staðbundnar kannanir ef farið verður út í þær.

Á árinu 2004 verður gerð könnun á stöðu fólks af erlendum uppruna. Er sú vinna í höndum Önnu Ingadóttur.

Sumarbúðir

Á árinu tóku svæðin Suðurland og Suðurnes annars vegar og höfuðborgarsvæðið hins vegar yfir rekstur sumarhúðanna (umhverfisnámskeiðsins) í Þórsmörk. Alls voru haldin 4 námskeið í Þórsmörk á liðnu sumri. Þátttakan var góð, öll námskeiðin fullsetin. Í ljósi þessarar reynslu hefur verið ákveðið að halda samstarfinu áfram.

Námskeið

Námskeiðahald var töluvert á svæðinu síðasta ár. Einstaka deildir halda ekki námskeið heldur hafa þau verið haldin í samstarfi á svæðisvísu, milli deilda og á landsvísu.

Hinn 31. janúar og 1. febrúar var haldið afskaplega vel heppnað námskeið fyrir fjöldahjálparstjóra Suðurnesja- og Grindavíkurdeilda Rauða kross Íslands. Þar tóku 25 manns þátt.

Klausturs- og Víkurdeild héldu námskeið fyrir heimsóknarvini 15. mars. Góð þáttataka var á námskeiðinu og mikill áhugi fyrir verkefninu. Á Klaustri hófst strax undirbúningur að

starfsemi heimsóknarvina og eru þar nú 5 sjálfboðaliðar sem sinna heimsóknarþjónustu en það er frábær árangur í 500 manna samfélagi. Í Vík er áhugasamt ungt fólk sem sat námskeiðið að skoða verkefni í samfélaginu.

Hinn 21. febrúar var haldið leiðtoganámskeið á Suðurnesjum. Námskeiðið var á landsvísu og kom fólk víða að. Þátttakendur og leiðbeinendur voru hinir ánægðustu með námskeiðið og fyrirkomulag þess. Leiðtoganámskeið er dæmi um námskeið sem eru tilvalin að halda á landsvísu. Þar hittist fólk úr deildum víða af landinu, kynnist og ræðir saman um verkefni og annað sem fengist er við. Það þjappar fólki, sem vinnur í sama félagi, enn betur saman og er þetta leið til að sameina fólk um málefni Rauða krossins.

Vorfundur

Vorfundur deilda á Suðurlandi og Suðurnesjum var haldinn í fyrsta skipti á síðasta ári. Hann var í Vestmannaeyjum laugardaginn 26. apríl þar sem mættu fulltrúar sjö deilda. Farið var yfir drög að stefnu, nýtt leiðarljós og vel starfandi deild. Úlfar Hauksson formaður Rauða kross Íslands kom á fundinn og skýrði þessi mál. Þá var farið yfir svæðisverkefnin og málin rædd. Fundurinn var vel heppnaður og móttökur Vestmannaeyjudeildarinnar voru með mikilli þrýði. Í ljósi reynslunnar af vorfundinum er líklegt að þeir verði framvegis fastur liður í starfseminni á svæðinu.

Verkefnaáætlanir

Með samþykkt nýrrar stefnu Rauða krossins var farið út í gerð verkefnaáætlanna til fjögurra ára hjá deildum félagsins auk fjárhags- og framkvæmdaáætlunar fyrir næsta ár. Haustið fór að mestu leyti í vinnu við áætlanir hjá deildunum og á svæðinu. Almenn ánægja var með þessa nýbreytni og nú á vormánuðum hef ég orðið þess var í heimsóknum mínum til deilda að þær eru farnar að vinna eftir áætlunum sem gerðar voru.

Vinadeildasamstarf

Í september fóru tveir ungir menn af svæðinu í heimsókn til vinadeildar svæðisins í Sremski Karlovci í Serbíu og Svartfjallalandi. Þeir komu á svæðisfundinn í Grindavík og sögðu frá ferð sinni í máli og myndum. Þeir félagar skiluðu inn skýrslu um ferðina sem var ýtarleg og sagði vel frá því sem þeir upplifðu í ferðinni.

Rétt fyrir mánaðarmótin október nóvember komu tveir fulltrúar vinadeildar svæðissamstarfsins á Suðurlandi og Suðurnesjum í Sremski Karloci í Serbíu og Svartfjallalandi í heimsókn hingað til lands ásamt einum fulltrúa vinadeildar Vestfirðinga í Usizke. Þessir gestir okkar voru fyrstu dagana í Reykjavík þar sem þeim var sýnd starfsemi Rauða kross Íslands á höfuðborgarsvæðinu. Þeir fóru síðan á Vestfirðina og voru þar í þrjá daga. Ferð þeirra á Suðurland og Suðurnes varð styttri en áætlað var. Vegna veðurs varð að fara landleiðina til Reykjavíkur svo að þeir náðu aðeins einum degi hér á svæðinu. Óneitanlega vonbrigði, en hann var vel nýttur í skemmtilegri ferð um Suðurnesin.

Flugslysaæfing í Vestmannaeyjum

Um mánaðarmót október nóvember var haldin flugslysaæfing í Vestmannaeyjum. Þar var allt viðbragðskerfið vegna flugslyss á og við flugvöllinn í Vestmannaeyjum æft. Æfingin gekk í stórum dráttum vel. Með slíkum æfingum næst fram aukin þekking og kynning á milli þeirra aðila sem hafa verkefni í svona aðgerðum.



Í heildina má segja að árið hafi verið gott í hjá deildum Rauða krossins á Suðurlandi og Suðurnesjum. Bæði við framhald verkefna á svæðinu og hjá deildum og ekki síður í nýjum verkefnum svæðis og deilda. Það er ánægjulegt að sjá að deildir eru óragar að takast á við ný verkefni og að deildir í fámennari samfélögum geta tekist á við verkefni sem blómstra þar ekki síður en hjá þeim sem eru í margmenninu.

Heilbrigðissvið

Almenn og sálræn skyndihjálp

Skyndihjálp og sálrænn stuðningur er mikilvægur hluti af forvarnastarfi og hefur slíkt ótvírætt gildi innan heilbrigðisfræðslu. Þekking og kunnátta stuðlar að bættu og heilbrigðara samfélagi, bæði í hinu daglega lífi og þegar um er að ræða stóráföll.

Starf heilbrigðissviðsins á árinu 2003 var kröftugt og fjölbreytt. Innleiðing gæðamála var ofarlega á blaði og mikil áhersla lögð á að skýra verkferla og skrifa verklagsreglur. Það að auka gæði námskeiða, námsefnis og kennslu er verkefni sem hefur verið vel tekið á. Sem dæmi má nefna gerð verklagsreglna vegna sölu á skyndihjálparnámskeiðum og vegna undirbúnings námskeiða, ásamt því að einfalda vinnulag fyrir leiðbeinendur sem kenna á námskeiðum félagsins. Verklagsreglur námskeiða Rauða krossins voru skrifaðar fyrir deildir félagsins og mun slíkt auðvelda deildum skipulagningu og framkvæmd fjölmargra námskeiða sem þær hafa boðið upp á. Eins og undanfarin ár hefur mikil áhersla verið lögð á útbreiðslu skyndihjálpar og mikilvægi þekkingar í skyndihjálpar sem stuðli þannig að öryggi í samfélaginu öllu. Stefna félagsins er sú að vera leiðandi og framsækinn aðili í útbreiðslu og forystu með nýjungar og innleiðingu þeirra hér á landi. Í því sambandi er afar mikilvægt að skoða og endurmeta sífellt stöðu félagsins í skyndihjálpar m.t.t. þess hvort markmiðum sé náð. Samvinna við önnur landsfélög var gefandi á liðnu ári, haldnir voru tveir vinnufundir þar sem málefni skyndihjálpar voru rædd og ákvarðanir teknar. Á evrópskum vinnufundi var ákveðið að koma á fót vinnuhópi sem skoðar og fjallar um rannsóknir í skyndihjálpar og jafnvel stuðlar að rannsóknum á því sviði. Rauði kross Íslands mun að sjálfsögðu fylgjast náið með og taka þátt í þeirri vinnu.

Hvað er skyndihjálpar?

Hvað þýðir það að félagið sé leiðandi í skyndihjálpar? Ef við skoðum alla þá þætti sem tengjast hugtakinu skyndihjálpar kemur í ljós að skyndihjálpar er ekki bara það að kenna almenningi að setja plástur á sár. Nei svo sannarlega ekki, það að vera í forystu þýðir að félagið þarf að vera vakandi um fjölmarga aðra þætti og tryggja gæði innan skyndihjálpar frá upphafi til enda. Til þess að unnt sé að vinna samkvæmt samkomulagi við HTR sem undirritað var í lok árs 2001, þarf félagið að vera með skýra stefnu í málefnum skyndihjálpar sem er í sífelldri endurskoðun og er í takt við kröfur samfélagsins á hverjum tíma.

Námskeið og fræðsla almennt

Fræðsla til áfallahjálparteymis og leiðbeinenda í sálrænni skyndihjálpar Undanfarið ár hefur Rauði kross Íslands staðið fyrir fræðslu til áfallahjálparteymis og leiðbeinenda í sálrænni skyndihjálpar þar sem rætt hefur verið um málefni sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Meðlimir teymisins hittust á sex fræðslu- og umræðufundum. Á fundina komu meðal annarra Jóna Hrönn Bolladóttir og ræddi um ungmenni og miðbæinn, Guðbjörg Sveinsdóttir um ástandið í Írak, Sólveig Ásgrímsdóttir

um starfsemina á Stuðlum og Margrét Blöndal um matslista til að meta áhrif áfallastreitu. Sú hefð hefur verið að leiðbeinendur í sálrænni skyndihjálpi hafa hittst einu sinni að vori í einn og hálfan dag. Á þeim fundum er farið yfir helstu málefni leiðbeinenda og hlytt á fyrirlestra. Í mars kom hingað til lands Maire Riis sem er stofnandi og formaður samtakanna The Crisis Program for Children and Youth (CPCY), sem eru frjáls félagasamtök á landsvísi í Eistlandi. Frá árinu 1996 hafa samtökin aðallega unnið með fjölskyldur og fjölskyldumeðlimi, sérstaklega börn og unglinga sem hafa misst nána ættingja á sviplegan hátt (sjálfsvíg, morð, slys og bráðaveikindi). CPCY eru einu samtökin í Eistlandi með reynslu og þekkingu á sviði sorgar og missis barna og unglinga. Maire hefur haft umsjón með námskeiðum og fyrirlestrum á vegum samtakanna frá 1995.

Maire Riis er sjálfstætt starfandi sálfræðingur með áherslu á gestalt meðferð og er m.a. útskrifuð frá The Gestalt Institute in Scandinavia. Hún hefur einbeitt sér að meðferð barna, unglinga og fjölskyldna sem misst hafa ástvini eða orðið fyrir alvarlegum áföllum. Auk þess veitir hún ráðgjöf til skóla og heldur námskeið um missi, áföll og áfallainngrip. Hún hefur haldið fyrirlestra og námskeið utan Eistlands s.s. í Finnlandi, Lettlandi og Bandaríkjunum þar sem hún hefur kynnt meðferðarmódel sitt.

Góður rómur var gerður að komu Maire hingað til lands og var áfallateymið og leiðbeinendur ánægðir með það sem hún hafði fram að færa.

Opinn fræðslufundur

Rauði kross Íslands stóð fyrir opnum fyrirlestri þann 1. apríl þar sem Maire Riis, sálfræðingur var með erindi um sorg og missi barna og unglinga. Í fyrirlesturinum kynnti hún meðal annars þær áherslur og aðferðir sem hún hefur verið að þróa sl. 8 ár og notað í starfi sínu með börnum og unglingum. Þróun þessarar nálgunar má rekja til þess að farþegaferjan Estonia fórst árið 1994, en mikið starf var unnið í kjölfar þess slyss með fjölskyldum sem áttu um sárt að binda. Góð mæting var á fundinn.

Endurmenntunarnámskeið fyrir leiðbeinendur í skyndihjálpi

Þann 1. og 2. mars stóðu Rauði kross Íslands og SVF Landsbjörg sameiginlega að endurmenntun fyrir leiðbeinendur í skyndihjálpi. Námskeiðið sóttu 43 leiðbeinendur víðs vegar af landinu. Boðið var upp á fjölbreytta fyrirlestra auk verklegrar kennslu. Sem dæmi um erindi má nefna; kynningu Landsbjargar á námsefni í fyrstu hjálpi fyrir unglinga, erindi sem Felix Valsson svæfingarlæknir flutti um hvernig staðið er að kælingu eftir hjartastopp, erindi um háorkuáverka sem Hjalti Már Björnsson læknir flutti, fræðsla um eitranir og Eitrunarmiðstöðina frá Ölmu Thorarensen hjúkrunarfræðingi á Slysadeild LSH, erindi Herdísar Storgaard um slysavarnir barna og svo ræddi Kristín Árnadóttir um framkomu í kennslu. Í verklegum hluta var boðið upp á kennslu í notkun á togspeilku, farið yfir nýja staðla í endurlífgun og boðið upp á hugmyndasmiðju um leiki í kennslu.

Endurmenntun fyrir leiðbeinendur í skyndihjálpi og björgun

Þann 2. mars komu saman 12 leiðbeinendur í Suðurbæjarlaug Hafnarfjarðar vegna endurmenntunarnámskeiðs. Leiðbeinendur á námskeiðinu voru þeir Gísli Viðar Harðarson og Finnbjörn Finnbjörnsson en þeir hafa frá upphafi haldið utan um menntun og endurmenntun þeirra leiðbeinenda sem kenna á sundstöðum.

Kynning á kennsluefni á haustþingum kennara

Starfsmenn á heilbrigðisviði fóru á nokkur haustþing kennara úti á landi og kynntu kennsluefni sem Rauði kross Íslands gefur út fyrir skóla. Meðal efnis sem var kynnt má nefna Við hjálpum og Ef bara ég hefði vitað. Haustþingin eru mikilvægur vettvangur fyrir alla þá sem gefa út námsefni. Það er ómetanlegt að hitta kennara augliti til auglitis því þannig náum við að kveikja áhuga fólks á kennsluefni okkar. Þegar það hefur náðst er eftirleikurinn auðveldur enda mjög gott samstarf sem við eigum við Námsgagnastofnun varðandi dreifingu.

Sala námskeiða

Námskeið í almennri og sálrænni skyndihjálp.

Í september 2003 var undirritaður samstarfssamningur milli ICESEC ehf. og Rauða kross Íslands um sölu og markaðssetningu á námskeiðum í almennri og sálrænni skyndihjálp til fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Meginmarkmið samstarfsins er að vinna að aukinni útbreiðslu þekkingar í skyndihjálp og stuðla að auknum gæðum í námskeiðahaldi. Rauði kross Íslands mun hafa faglegt eftirlit með námskeiðunum og gæðum kennslunnar. Stýrihópur á vegum landsskrifstofu Rauða krossins hefur það hlutverk að fylgja eftir framkvæmd samningsins.

Samkvæmt samningnum tekur ICESEC ehf. að sér umboðssölu og umsjón allra námskeiða í skyndihjálp til fyrirtækja en aðilar vinna sameiginlega að markaðssetningu námskeiðanna. Allir leiðbeinendur á námskeiðunum eru með viðurkennd réttindi frá Rauða krossi Íslands. Unnið verður í samstarfi við viðurkennda leiðbeinendur í skyndihjálp til að tryggja árangur og gæði námskeiðanna í samræmi við markmið samstarfsins. Á námskeiðunum er kennt eftir námsefni sem viðurkennt er af skyndihjálparráði Rauða kross Íslands. Á árinu hafa verið haldin um 110 námskeið í skyndihjálp fyrir hópa og fyrirtæki. Góður kjarni leiðbeinenda hefur unnið markvisst með félaginu í að leiðbeina á námskeiðum. Mikill áhugi virðist vera fyrir styttri og hagnýtari námskeiðum sem mæta þörfum vinnustaðarins. Því vill félagið að sjálfsögðu koma til móts við þá þörf og leggur mikla áherslu á að styrkja þá stefnu.

Af fyrirtækjum sem sendu hvað flesta starfsmenn á námskeið má nefna Íslandspóst og Landsvirkjun en þeir vinnustaðir leggja mikið upp úr öryggismálum og þekkingu sinna starfsmanna í skyndihjálp.

Námskeið í sálrænni skyndihjálp voru alls 19. Mikilvægi sálrænnar skyndihjálpar í samfélaginu verður æ ljósari og sú þekking sem þátttakendur námskeiða fá er gott veganesti fyrir daglegt líf.

Atburðir

Skyndihjálpardagur Rauða krossins

Skyndihjálpardagur Rauða krossins er liður í alþjóðlegu átaki Rauða kross félaga. Um eitt hundrað Rauða kross félög í fimm heimsálfum nota daginn til að minna á mikilvægi þess að allir kunni að bregðast við slysum. Hér á landi var haldið upp á daginn þann 13. september. Hátíðarhöld á höfuðborgarsvæðinu voru í Smáralind. Dagurinn var líkt og í fyrra skipulagður í samstarfi við deildir á svæðinu. Markmiðið er að vekja athygli almennings á mikilvægi kunnáttu í skyndihjálp og er boðið upp á skemmtun í bland við fræðslu. Í ár var áherslan á slysavarnir og skyndihjálp í heimahúsum þar sem daglega verða um 150 slys á Íslandi og nær helmingur slysa verður á heimilinu eða í frítíma. Margt var gert í Smáralindinni, til dæmis voru rétt viðbrögð við slysi og slys sviðsett í



umsjón Ungmennahreyfingar Rauða kross Íslands. Fólki var kennt að slökkva eld í potti og nota slökkvitæki undir traustri leiðsögn slökkviliðsmanna. Til sýnis var sjúkra- og slökkvibífið og hægt var að kynna sér starf sjúkraflutninga- og slökkviliðsmanna. Veitt var ráðgjöf um öryggisbúnað fyrir börn í bílum. Auddi í Popptívi sýndi skyndihjálparkunnáttu sína. Boðið var upp á kassaklifur á vegum skáta. Gestir fengu gátlista til að fara yfir öryggismál heimilisins.

Fjölmargin sjálfboðaliðar tóku þátt í deginum auk fyrirtækja og stofnana. Eftirtaldir aðilar tóku beinan þátt: Slysavarnafélagið Landsbjörg, Blóðbankinn, Neyðarlínan, Lögreglan, Vegagerðin, Landspítalinn háskólasjúkrahús, Toyota, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Engey og Hvellur. Hátt í 3000 manns lögðu leið sína í Smáralindina og margir tóku virkan þátt í skyndihjálpardeginum. Það er því óhætt að segja að dagurinn hafi verið einstaklega vel heppnaður.

Þó nokkrar deildir félagsins á landsbyggðinni tóku þátt í skyndihjálpardeginum með því að hafa opið hús og kynna starfsemi sína, ásamt því að kenna gestum og gangandi skyndihjálp. Deildir fengu leiðbeiningar frá landsskrifstofu þar sem m.a. voru gefin dæmi um hvernig hægt væri að skipuleggja og kosta slíkan dag. Þær sendu síðan skýrslur um hvernig til tókst.

Málþing um skyndihjálp og slysavarnir

Þann 7. nóvember stóð Rauði kross Íslands fyrir málþinginu Skyndihjálp, slysavarnir, og rannsóknir. Var málþingið haldið í tengslum við alþjóðadag í skyndihjálp sem var tileinkaður forvörnum gegn slysum og kunnáttu í skyndihjálp. Rauði krossinn hefur til margra ára látið sig varða málefni skyndihjálpar og slysavarna og hefur staðið fyrir útbreiðslu málefnisins, t.d. í formi námskeiða og útgáfu kennsluefnis. Á málþinginu var m.a. fjallað um rannsóknir er tengjast slysum og slysavörnum, mikilvægi skyndihjálpar

og réttra viðbragða á slysstað og hvernig megi skipuleggja öflugt forvarnastarf sem miðar að fækkun slysa og auknum áhuga almennings að taka þátt í slíku verkefni. Í tilefni málþingsins kom hingað finnskur hjúkrunarfræðingur Anja Alila, en hún hefur til fjölda ára unnið að slysavörnum á vegum finnska Rauða krossins og tekið þátt í skipulagningu og framkvæmd herferða í slysavörnum. Málþingið var að mati þátttakenda áhugavert og mjög gagnlegt en nokkuð skyggði á hversu fáir sátu þingið.

Kynningarátakið – Hringja – Hnoða - Hjartarafstuð

Samstarf Endurlífgunarráðs, Landlæknisembættisins og Kaupþings hélt áfram á árinu. Í framhaldi af áttakinu Hringja- hnoða þar sem almenningi voru kynntar nýjar áherslur í endurlífgun með það að markmiði að bjarga fleiri mannlífum og bæta lífsskilyrði, skrifaði Endurlífgunarráð greinargerð um sjálfvirk hjartarafstuðstæki. Þar kemur m.a. fram að Endurlífgunarráð hafi skoðað gögn varðandi sjálfvirk hjartarafstuðstæki og mælir með því að notkun slíkra tækja verði leyfð utan sjúkrahúsa á Íslandi. Slík tæki eru nú notuð af almenningi víða um heim og útbreiðsla þeirra hérlendis hefur smátt og smátt verið að aukast. Í greinargerðinni kemur einnig fram að sjálfvirk hjartarafstuðstæki eru tæki sem eru fær um að greina alvarlegar hjartsláttartruflanir með talsverðri nákvæmni. Tækin eru tengd við brjóstakassa sjúklings með álímdum rafskautum. Þau geta gefið rafstuð ef um hættulegan sleglahraðtakt er að ræða eða gefið fyrirmæli um að viðstaddir ýti á þar til gerðan takka á tækinu til rafstuðsgjafar. Þessi sjálfvirku hjartarafstuðstæki eru einföld í notkun, þeim fylgja skýringamyndir og talaðar leiðbeiningar koma jafnframt frá tækjunum. Tækin skal nota ef vitni eru að hjartastoppi eða skyndilegu meðvitundarleysi eða ef komið er að einstaklingi sem er meðvitundarlaus og slíkt tæki er innan seilingar. Það skal tekið skýrt fram að mjög litlar líkur eru á að valda skaða með notkun þeirra. Rætt er um staðsetningu tækjanna, notendur og ábyrgð þeirra, kennslu og þjálfun á tækin og tilmæli til innflytjenda og söluaðila. Mælt er með því að Rauði kross Íslands taki að sér námskeiðahald og er félagið nú þegar byrjað að skipuleggja og móta þá stefnu.


Skyndihjálparmaður ársins 2002

Val á Skyndihjálparmanni ársins hefur þann tilgang að vekja athygli á mikilvægi þekkingar í skyndihjálpi. Veitt er viðurkenning fyrir að beita réttum aðferðum á slysstað og bjarga þannig lífi eða koma í veg fyrir alvarlegri afleiðingar slyss.

Sindri Róbertsson, sextán ára námsmaður frá Breiðdalsvík, hlaut viðurkenningu Rauða kross Íslands sem Skyndihjálparmaður ársins 2002. Jafnframt hlutu átta einstaklingar sem komu að tveimur slysum á árinu 2002 sérstakar viðurkenningar fyrir framgöngu sína á slysstað. Sindri fékk viðurkenninguna fyrir frækilega björgun 18 mánaða systur sinnar frá drukknun, en hún hafði fallið í tjörn í húsgarði á Breiðdalsvík í lok júlí 2002. Sindri brást við með því að blása í systur sína og beita hana hjartahnoði þar til sérhæfð aðstoð barst. Með framgöngu sinni bjargaði hann lífi hennar.

Útgáfa

Börn og umhverfi



Í ársbyrjun kom út nýtt kennsluefni til að nota á námskeiðunum Börn og umhverfi. Handbókin sem þátttakendur fá skiptist í sjö kafla og tekur hver þeirra á afmörkuðu viðfangsefni. Í fyrsta kaflanum er námskeiðið kynnt og farið í uppbyggingu handbókarinnar, auk þess sem nemendur fá innsýn í sögu og starf Rauða krossins. Aðrir kaflar nemendaheftisins taka á afmörkuðu efni sem tengist börnum, s.s. umhverfi þeirra og umgengni við þau og síðan fjallar stór hluti um slysavarnir og skyndihjálp. Kaflarnir innihalda fróðleik um efnið og fjölbreytt verkefni. Handbókin er skemmtilega hönnuð, litrík og lifandi.

Samhliða var unnið að gerð kennsluleiðbeininga, ásamt öðrum kennslugögnum fyrir leiðbeinendur. Má þar nefna, leikjabanka, upplýsingar um Eitrunarmiðstöð, öryggisbúnað fyrir börn, upplýsingar frá vinnueftirlitinu um reglugerð nr. 426/1999 sem fjallar um vinnu barna og unglunga og gátlista. Einnig var útbúið auglýsingaform ætlað deildum til að kynna og auglýsa námskeiðið. Í kennsluleiðbeiningum má finna ýmsar hugmyndir að kennslufyrirkomulagi en á námskeiðinu er áhersla lögð á notkun fjölbreyttra kennsluaðferða, t.d. umræðuverkefni, hóp- og einstaklingsverkefni, auk leikja og æfinga.

Við hjálpum – Við kennum

Námsefnið Við hjálpum – Við kennum var endurskoðað og uppfært á árinu. Við hjálpum er nemendahefti, ætlað nemendum 7-9 ára og fjallar um skyndihjálp og slysavarnir. Fyrsta útgáfa kom út árið 1990 og var efnið endurprentað í sex skipti. Rauði krossinn hefur gefið þetta efni í grunnskólana frá upphafi sem lið í að auka þekkingu í skyndihjálp. Með útgáfu námsefnisins vill Rauði krossinn styrkja ákvæði aðalnámskrár um slysavarnir og skyndihjálp í yngri bekkjum grunnskóla. Námsefnið miðar að því að nemendur læri að þekkja hættur og slysagildrur í umhverfinu þannig að þeir geti komið í veg fyrir slys og viti hvernig þeir skuli bregðast við þegar slys eða óhöpp eiga sér stað. Enn fremur miðar námsefnið að því að vekja nemendur til umhugsunar um tillitsemi og hjálpsemi. Námsgagnstofnun hefur annast dreifingu á efninu í skólana.

Við kennum eru ítarlegar kennsluleiðbeiningar sem ætlaðar eru kennurum í tengslum við námsefnið. Þar er einnig að finna hugmyndir að verkefnum fyrir nemendur og upplýsingar um skipulag og undirbúning kennslu. Hverjum efnisþætti er skipt í nokkra hluta, efnisatriði, tímalengd, tilvísun, hjálpargögn, námsmarkmið, kennslufyrirkomulag, nemendavinnu og verkefnalausnir. Allt þetta miðar að því að vekja áhuga nemenda og kennara og gera kennsluna sem fjölbreyttasta.

Ef bara ég hefði vitað

Þetta er efni sem danski Rauði krossinn hefur tekið saman og er ætlað fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum. Þemað er sálræn skyndihjálp, fjallað er um hvernig maður getur hjálpað sjálfum sér og öðrum þegar maður upplifir alvarlega atburði. Með alvarlegum atburðum er átt við t.d. skilnað, dauðsfall, umferðarslys,

alvarlega ólæknandi sjúkdóma, þunglyndi, ástarsorg og einelti. Efnið er byggt upp á nokkrum sönnum frásögnum unglunga sem hafa upplifað erfiða atburði í lífinu. Allar frásagnirnar eiga það sameiginlegt að þær lýsa því hvernig tekist er á við vandann og sálræn einkenni sem oft fylgja í kjölfarið.

Spilastokkar - slysavarnir

Ákveðið var að hanna og gefa út spilastokk fyrir Skyndihjálpardaginn. Skyldi meginþema spilanna vera skyndihjálpar og slysavarnir og mikil vinna lögð í að útbúa texta sem innihéldi skýr og gagnleg skilaboð um slysavarnir og skyndihjálpar á heimilum. Útkoman er spil sem innihalda 52 heilræði sem tengjast öllum slysavörnum á heimilinu- eitt heilræði er á hverju spili. Spilin hafa fengið mjög góðar viðtökur og má ætla að um 1500 stokkar séu á heimilum landsmanna.

Gátlisti - slysavarnir

Í tengslum við hönnun á spilastokk var ákveðið að útbúa gátlista fyrir almenning. Gátlistinn, sem er í A5 broti (prentaður báðum megin), inniheldur gagnlegar ábendingar varðandi slysgildur á heimilum.

Vefurinn - skyndihjálparsíða

Unnið var að gerð veglegrar og aðgengilegrar skyndihjálparsíðu á vef Rauða krossins. Á síðunni er að finna upplýsingar um námskeið, útgengið efni og annað sem tengist skyndihjálpar hjá Rauða krossi Íslands. Einnig eru þar greinar um skyndihjálpar, skyndihjálparpróf fyrir almenning og hagnýtar skyndihjálparábendingar fyrir alla sem vilja rifja upp eða bæta skyndihjálparáttu sína.

Á skyndihjálparsíðunni er lokað vefsvæði fyrir leiðbeinendur. Þangað geta leiðbeinendur sótt upplýsingar varðandi námskeiðahald. Hægt er að prenta út gögn til að nota á námskeiðum, t.d. matsblöð, skráningarblöð og kennsluleiðbeiningar. Á vefsvæðinu er umræðubrunnur þar sem leiðbeinendur geta spjallað saman á sérstöku umræðusvæði og skipst á hugmyndum og skoðunum um skyndihjálparáttu. Leiðbeinendur þurfa að óska eftir aðgangi að vefsvæðinu og fá þeir þá aðgangsorðum úthlutað og eru vinsamlegast beðnir um að deila þeim ekki með öðrum. Mjög margir leiðbeinendur hafa nú þegar fengið aðgangsorð og nýtt sér þessa nýjung félagsins. Stefnir er að því að setja fleiri nýtileg kennslugögn á leiðbeinendasíðuna.

Störf í ráðum

Skyndihjálparráð Íslands

Starfsreglur Skyndihjálparráðs Íslands voru undirritaðar á árinu af Svanhildi Þengilsdóttir, deildarstjóra heilbrigðisviðs og Sigurði Guðmundssyni, landlækni. Jafnframt hefur verið tilnefnt í ráðið af þeim aðilum sem að því standa. Ráðið er skipað af landlækni en er í umsjón Rauða kross Íslands. Skyndihjálparráð er fagrað og samstarfsvettvangur fyrir samtök og stofnanir, þar sem forvarnir og fræðsla í skyndihjálpar

er stór hluti af starfseminni. Ráðið er ráðgefandi og umsagnaraðili um málefni er varða almenna og sálræna skyndihjálp.

Sjúkraflutningaráð

Fulltrúi Rauða kross Íslands í Sjúkraflutningaráði er Svanhildur Þengilsdóttir, sem einnig er ritari ráðsins. Á árinu voru haldnir 9 fundir. Mörg mál voru tekin fyrir og meðal verkefna má nefna könnun um málefni tengd sjúkraflutningum. Sendur var spurningalisti á alla rekstraraðila sjúkraflutninga og þeir spurðir um mál er sneru að sjúkrabifreiðum, menntun og aðstöðumálum almennt. Haldið var utan um þessa könnun af ritara ráðsins.

Endurlífgunarráð

Fundir Endurlífgunarráðs á árinu 2003 voru 5 talsins, en fulltrúi Rauða kross Íslands í ráðinu og jafnframt varaformaður er Svanhildur Þengilsdóttir. Helsta mál ráðsins var að skoða innleiðingu sjálfvirkra hjartastuðtækja hér á landi. Unnið var í góðu samráði við innflytjendur tækjanna og upplýsingum safnað saman um helstu eiginleika þeirra. Haldinn var opinn fundur þann 4. nóvember þar sem kynning á hagnýtum leiðbeiningum fór fram.

Rannum

Rannsóknarráði umferðaröryggismála (RANNUM) er ætlað að stuðla að hvers konar rannsóknum sem nýta má til að koma í veg fyrir umferðarslys og draga úr afleiðingum slysa. Ráðinu er m.a. ætlað að hvetja til, eiga frumkvæði að, skipuleggja, framkvæma og styðja rannsóknir á sviði umferðaröryggis. Rannum úthlutaði styrkjum til fjölmargra rannsókna á árinu 2003. Meðal verkefna sem fengu styrk má nefna; Áhrifaþættir meiðsla í umferðarslysum, könnun á beltanotkun á landsvísu, umferðaslys og vindafar, umferðarfræðsla í grunnskóla sem hluti af lífsleikni, könnun á skyndihjálparfræðslu í grunnskólum og umferðaslys á gatnamótum. Frá árinu 2001 hefur verið úthlutað hátt í 60 milljónum króna til rannsókna er stuðla að bættu umferðaröryggi. Tveir fulltrúar Rauða kross Íslands sitja í stjórn Rannum, Sigurður Arnar Sigurðsson og Svanhildur Þengilsdóttir.

Ýmislegt annað

Samstarfssamningur undirritaður við Slysavarnafélagið Landsbjörg

Undirritaður hefur verið samstarfssamningur á milli Rauða krossins og Slysavarnafélagsins Landsbjargar um endurmenntun leiðbeinenda í skyndihjálp og fyrstu hjálp. Með þessu samkomulagi er verið að tryggja endurmenntun leiðbeinenda og þannig verið að auka gæði fyrstu hjálpar í landinu. Er þetta liður í því að auka samvinnu á milli félaganna og þar með gæði í skyndihjálparkennslu almennt en gott samstarf hefur verið á milli félaganna um árabil um þessi mál. Rauði kross Íslands gefur út skírteini til leiðbeinenda í skyndihjálp og kemur að leiðbeinendanámskeiði Slysavarnafélagsins Landsbjargar með því að vera með fræðslu um starfsemi Rauða kross hreyfingarinnar og verkefnavinnu er tengist kennslufræði.

Flugslysaæfing

Snemma árs 2003 kom beiðni frá Flugmálastjórn um að Rauði krossinn útvegaði einn starfsmann í ráðgjafahóp Flugmálastjórnar um flugslysaæfingar. Starfsmaður þessi ætti að sjá um leikara og förðunarhópa á flugslysaæfingum. Starfsmaður á heilbrigðissviði, Vigdís Agnarsdóttir tók þetta hlutverk að sér og tók þátt í þremur æfingum á árinu. Á Vopnafirði og Þórshöfn í maí og í Vestmannaeyjum í lok október. Töluverð vinna er fólgin í verkefninu; taka þarf þátt í undirbúningi og fundahöldum fyrir æfingu, útvega aðila á hverjum stað og kenna þeim undirstöðuatriði slysaferðunar, finna „leikara“ sem vilja vera „sjúklingar“ og „aðstandendur“, útbúa áverkalýsingar, tryggja öryggi leikara á vettvangi og fylgja þeim eftir þar til æfingu lýkur. Æfingarnar á Vopnafirði og á Þórshöfn voru haldnar í sömu ferðinni og undirbúningur og fræðsla því samnytt á báðum stöðum. Æfingarnar voru af sömu stærðargráðu á báðum stöðum, 19 sæta vél sem brotlendir á brautarenda. Æfingin í Vestmannaeyjum byggðist á því að Fokker 50 brotlenti á brautarenda með 52 farþega innanborðs. Næstu æfingar eru fyrirhugaðar á Ísafirði og í Reykjavík árið 2004. Ljóst að þetta verkefnið krefst nokkurrar reynslu af æfingum og umsjón með aðilum sem leika sjúklinga, einnig mikillar þolinmæði og skipulagshæfileika. Annar starfsmaður heilbrigðissviðs, Jóhann Thoroddsen, var einnig þátttakandi í flugslysaæfingum Flugmálastjórnar. Megin hlutverk hans var að koma að skipulagningu áfallaástoðar og að halda utan um leikara sem léku aðstandendur slasaðra.

Áfallahjálpar til einstaklinga og hópa

Oft er leitað til Rauða kross Íslands vegna áfallaástoðar einstaklinga sem lent hafa í áföllum. Sem dæmi má nefna stuðning vegna áfalla í kjölfar búðarráns, bruna og persónulegra áfalla. Rauði krossinn vinnur nú ásamt deildum að skipulagningu og framkvæmd áfallahjálpar sem eru utan almannavarnaástands. Þá hefur einnig verið veitt ráðgjöf í gegnum síma.

Greinaskrif í tímarit

Framhald varð á samstarfi á milli tímarits Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Rauða krossins um að Rauði krossinn skrifaði pistil um slysavarnir eða skyndihjálpar í útgefin blöð hjúkrunarfræðinga. Á árinu voru sendar til blaðsins greinar um endurlífgun og sálræna skyndihjálpar. Einnig var grein um almenna skyndihjálpar í Ferðafélaganum en það er blað sem gefið er út af íþróttasambandi lögreglumanna. Viðtal við Jóhann Thoroddsen birtist í Skólavörðunni og var meginefni þess viðtals nýtt fræðsluefni Rauða krossins fyrir unglinga, Ef bara ég hefði vitað og Sálrænan stuðning í skólastofunni.

Skyndihjálpartíðindi

Tvö tölublöð voru send út í tölvupósti til um 250 leiðbeinenda. Megintilgangur með útsendingu skyndihjálpartíðinda er að veita leiðbeinendum í skyndihjálpar upplýsingar um málefni er lúta að skyndihjálpar og þeim atburðum sem eru á döfinni hverju sinni.

Spurningaspil í skyndihjálpar

Rauði krossinn kom að endurskoðun á spurningaspili í skyndihjálpar sem Námsgagnstofnun ætlar að gefa út bráðlega.

Endurskoðun á námskrá til aukinna ökuréttinda

Rauði krossinn vann með Umferðarstofu að endurskoðun á námskrá fyrir aukin ökuréttindi. Settar voru fram tillögur um almenn markmið og námsmarkmið sem nú líta dagsins ljós í nýrri námskrá Umferðarstofu. Mjög gott samstarf hefur verið við starfsmenn Umferðarstofu sem sinna ökunámi.

Samstarfsverkefni um slysavarnir – Garðabæjardeild

Unnið var með deildinni í Garðabæ að verkefni er tengist slysavörnum og skyndihjálpi. Megintilgangur með samstarfinu er að Garðabær verði fyrirmyndarbær í málefnum er lúta að slysavörnum og skyndihjálpi og að auka útbreiðslu þekkingar á þessu sviði.

Garðabær og Rauði kross Íslands vilja vinna saman að því að efla heilsuvernd og stuðla að auknu heilbrigði og öryggi íbúa og starfsmanna sveitarfélagsins. Það mun verða gert með því að auka á markvissan hátt þekkingu og færni í viðbrögðum sem beita má ef um er að ræða slys, veikindi eða annars konar áföll sem upp geta komið fyrirvaralaust í hinu daglega lífi.

Könnun á skyndihjálparfræðslu í grunnskólum

Rauði krossinn vann með aðilum sem á árinu fengu rannsóknarstyrk frá Rannum og könnuðu skyndihjálparþekkingu og áhuga á skyndihjálpi hjá stjórnendum og kennurum í grunnskólum landsins. Spurningalisti var lagður fyrir alla grunnskóla landsins þar sem m.a. var spurt um áhuga á skyndihjálpi, hvort verið væri að kenna skyndihjálpi í skólanum, hvort verið væri að kenna skyndihjálpi í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla, hvort skyndihjálpi ætti að vera hluti af kennaramenntun og fl. Helstu niðurstöður könnunarinnar eru settar fram hér að neðan.

- 90% þátttakenda hafa áhuga á að halda reglulega námskeið í skyndihjálpi fyrir starfsfólk sitt og telja slíka fræðslu mikilvæga.
- 40 skólar eða um 31% þátttakenda hafa haldið skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk sitt s.l. tvö ár. 25% þátttakenda hafa haldið námskeið í sálrænni skyndihjálpi fyrir starfsfólk sitt á sama tímabili.
- Aðeins 40% þátttakenda telja að skólinn þeirra kenni skyndihjálpi í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla. Skipulögð skyndihjálparfræðsla fer aðeins fram í 72 skólum sem tóku þátt í könnuninni eða 55% tilvika. Þar af er skyndihjálpin aðeins skilgreind sem verkefni í skólanámskrá í 30% tilvika.
- Margir tilgreindu að þeim væri ekki ljóst hverjir biðu upp á námskeið í skyndihjálpi fyrir starfsfólk í skólum. Þá hafa skólar takmarkað fjármagn til endurmenntunar og því nauðsynlegt að þessi námskeið séu tilgreind á endurmenntunaráætlun hvers skóla fyrir sig.

- 91% þátttakenda segja að kennsla í almennri og sálrænni skyndihjálpi ætti að vera hluti af kennaramenntun. Nokkrir bentu á að það væri í raun furðulegt miðað við allt annað að skyndihjálpin væri ekki skilgreindur hluti af almennu kennaranámi.

Samstarf landsfélaga í skyndihjálpi

Samræmingaraðili fyrir Evrópudag í skyndihjálpi

Svanhildur tók að sér verkefni fyrir Evrópumíðstöð í skyndihjálpi og alþjóðasambandið. Verkefnið fólst í því að vera tengiliður við starfsmenn landsfélaga í Evrópu, veita þeim upplýsingar og hvetja þá til dáða í tengslum við alþjóðlegan skyndihjálpardag. Í lokin var svo tekin saman skýrsla þar sem fram kom hvernig staðið hafði verið að deginum og hvernig til hefði tekist. Margar myndir komu frá landsfélögunum sem sýnir glögg mikinn áhuga þeirra.

Norræn og evrópsk samvinna

Fundur norrænna landsfélaga um málefni skyndihjálpar var haldinn að þessu sinni í Stokkhólmi, dagana 22. – 24. maí. Um er að ræða samstarfshóp landsfélaga Norðurlandanna sem hittist einu sinni á ári og ræðir málefni skyndihjálpar, framgang og þróun ásamt því að álykta um ýmis málefni sem rædd hafa verið innan annarra landsfélaga. Þetta er einnig mikilvægur vettvangur til að fá og veita öðrum upplýsingar um það sem er í gangi og hvernig hefur til tekist með hin og þessi verkefni. Í ár var mætt frá öllum landsfélögum enda er þýðing fundanna mikil fyrir útbreiðslu skyndihjálpar. Meðal mála sem rædd voru var menntun og endurmenntun leiðbeinenda, tenging slysavarna og heilbrigðis inni í námskeið um skyndihjálpi, hvernig fræðsla í skyndihjálpi er að skila sér til almennings, er fækkun slysa eða hefur dregið úr útgjöldum í þeim málaflokki? Rannsóknir og mikilvægi þeirra innan skyndihjálpar, kennslustefna innan Rauða krossins, kennslufni námskeiða, innleiðing á sjálfvirkum hjartastuðtækjum á Norðurlöndum og kröfur sem gerðar eru vegna námskeiða, sameiginleg innkaup og samningar við birgja sem selja kennslubúnað (kennslubrúður) og hvernig hægt sé að tengja skyndihjálpi við almenna lýðheilsu. Lillian frá Sænska Rauða krossinum kynnti nýtt skráningarkerfi námskeiða sem unnið hefur verið að undanfarin ár. Samstarf landsfélaganna á sviði skyndihjálpar hefur aukist töluvert á undanförunum árum. Fundurinn lagði til að þemað á alþjóðlegum skyndihjálpardegi yrði heimaslys. Einnig var rætt um kynningu og markaðssetningu skyndihjálpar en ofuráhersla er á þátt endurlífgunar. Sagt var frá árangri sem náðst hefur varðandi fækkun barnaslysa innan sveitarfélags í Svíþjóð, en þar ákvað sjúkrahúsið að gefa öllum nýbökkuðum foreldrum námskeið í slysavörnum og skyndihjálpi til að fyrirbyggja slys á börnum.

Undanfarin ár hefur verið haldinn fundur evrópskra landsfélaga sem einnig fjallar um mál er lúta að skyndihjálparfræðslu út frá sjónarmiðum rannsókna og vísinda. Innan vinnuhópsins eru 25 landsfélög og eru þau misvirk á þessu sviði. Síðasti fundur vinnuhópsins var haldin í Madrid og sótti Sigríður Þormar fundinn fyrir hönd Rauða krossins. Málefni fundarins tengdust meðal annars umferðaröryggi og herferðinni gegn slysum, alþjóðlegum skyndihjálpardegi og nýju þema fyrir árið 2003, framtíð evrópska

samstarfsins, ráðstefnunni í Berlín, gagnasöfnun í tengslum við hlutverk evrópumiðstöðvar í skyndihjálpar, skyndihjálparkeppni (FACE), skýrslum og næstu verkefnum vinnuhópa á sviði vinnustaðaskyndihjálpar, AED. Einnig var rætt um ýmsar nýjungar á sviði fjarkennslu í skyndihjálpar, samstarf á milli Evrópusambandsins og Rauða kross hreyfingarinnar, stofnun á nýrri vísindanefnd innan hreyfingarinnar og hlutverki forvarna inna skyndihjálpar. Einnig voru nýjar rannsóknir kynntar ásamt ýmsum plakötum og öðru kynningarefni. Megin niðurstöður fundarins voru eftirfarandi;

- Að skyndihjálpar í sem víðustum skilningi hefur mikið gildi í heilbrigðisfræðslu og forvörnum samhliða því að draga úr alvarleika áfalla og atburða. Einnig gefur starfsemin möguleika á tekjum hjá mörgum landsfélögum.
- Að Rauða kross hreyfingin sé leiðandi og frumkvöðull á sviði skyndihjálpar, svo og landsfélögin sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna í að skilgreina og útvega skyndihjálparfræðslu og efni.
- Að Evrópunetið og miðstöð skyndihjálpar gegna mikilvægu hlutverki í að styrkja landsfélögin og gæði skyndihjálparfræðslu.
- Mikil þörf er fyrir uppbyggingu á tengslaneti, eins konar gagnagrunni sem nýtist landsfélögum til uppbyggingar, og eru aðilar beðnir um að deila með öðrum því sem vel hefur verið gert á sviði kennsluefnis, þjálfunar, kynningar, neyðaráætlana og fleira.
- Mikilvægt er að meta gæði á námskeiðum. Unnið hefur verið að þróun námskeiða þar sem gerðar eru sömu kröfur hjá öllum landsfélögum. Viðurkenning fyrir setu á slíkum námskeiðum er skírteini sem kallast EFAC (European First Aid Certificate). Vinnuhópur er að leggja loka hönd á verkefnið. Það mun síðan verða prufukeyrt af landsfélagi sem býður sig fram til þess. Niðurstöður verða kynntar á næsta fundi sem haldinn verður í Berlín 2004.
- Að starf Evrópumiðstöðvar í skyndihjálpar leiði til aukinna tengsla á milli landsfélaga.
- Kynning er mikilvæg fyrir starf hreyfingarinnar. Vel hefur tekist til með ráðstefnur sem Rauði krossinn hefur staðið að og má þar nefna ráðstefnu um endurlífgun og skyndihjálparkeppni (European Congress on CPR and First aid Education). Vel hefur tekist til með skyndihjálparþag sem haldinn hefur verið í landsfélögum Evrópu síðustu fjögur ár og sl. tvö ár í öllum heimsálfum. Fyrirhugað er að skipuleggja næsta skyndihjálparþag þann 11. september 2004.
- Sálrænn stuðningur eigi að vera hluti af fræðslu í skyndihjálpar. Lögð er áhersla á að landsfélögin kynni sér tiltækt efni frá miðstöð sálræns stuðning og efni frá Alþjóðasambandinu. Landsfélögin eru hvött til að bjóða sjálfboðaliðum upp á slík námskeið.

- Sjálfvirk hjartastuðtæki og gerð leiðbeininga sem kemur landsfélögum að notum við skipulagningu námskeiða. Landsfélög hvött til að taka þátt í rannsókn um notkun á sjálfvirkum hjartarafstuðstækjum sem er stýrt af miðstöð skyndihjálpar í París.
- Skyndihjálpar á vinnustöðum er mikilvæg og nauðsynlegt er að styrkja stöðu Rauða krossins á þeim markaði. Lagt verður upp með rannsókn sem miðar að því að útbúa leiðbeiningar fyrir landsfélögin í því hvernig þau geta styrkt sína stöðu á markaði. Byrjað verður á að safna í reynslubankann.
- Nauðsynlegt er að þróa rannsóknarmiðaðar leiðbeiningar í skyndihjálpar og hefur af því tilefni verið settur saman vinnuhópur um vísindi og rannsóknir sem í eru aðilar með mikla reynslu á þessu sviði. Sett hafa verið fram forgangsverkefni fyrir 2004-2006 og verða þau unnin af tveimur vinnuhópum.
 - í læknisfræði: meðhöndlun bruna og/eða áverka á háls eða hrygg
 - í kennslufræði: að leggja mat á þá styrkleika sem búa innan hvers landfélags

Samvinna við Eystrasaltslöndin um sálræna skyndihjálpar

Rauði kross Íslands og hin norrænu landsfélögin hafa átt með sér samstarf um árabíl. Í sameiginlegri starfsáætlun þeirra kemur fram vilji til þess að styðja við uppbyggingu neyðarvarna Eystrasaltslandanna. Rauði kross Íslands ákvað að framlag Íslands yrði að halda leiðbeinendanámskeið í sálrænni skyndihjálpar í þeim Eystrasaltslöndum sem bæðu um það. Framhaldsnámskeið fyrir leiðbeinendur í sálrænni skyndihjálpar var haldið í Eistlandi 28. og 29. nóvember 2003 og voru þær Þórunn Finnsdóttir og Elín Jónasdóttir leiðbeinendur þar.

Neyðarvarnir

Fjöldahjálparstjórnarnámskeið

Haldin voru 6 fjöldahjálparstjórnarnámskeið á árinu og voru þjálfaðir alls 87 fjöldahjálparstjórar frá 15 deildum auk nokkurra samstarfsaðila. Námskeiðin voru haldin 24. - 25. janúar á Húsavík, 31. jan. - 1. febr. á Suðurnesjum, 14. - 15. feb. á Dalvík, 28. febr. - 1. mars á Hólmavík, 21. - 22. nóv. á Vopnafirði og 6. - 7. nóvember í Mosfellsbæ. Í árslok voru 460 fjöldahjálparstjórar með gild skírteini.

Héraðssamningar

Nokkuð miðaði í gerð héraðssamninga milli almannavarna og Rauða kross deilda í umdæmi nefndarinnar. Gengið var frá samningi milli almannavarnanefndar Þingeyinga og Húsavíkurdeildar, Raufarhafnardeildar, Óxarfjarðardeildar og Þórshafnardeildar Rauða kross Íslands. Auk þess var gengið frá samningum á Vík, hjá RKÍ Héraðs- og Borgarfjarðardeild, Akureyrardeild, Dalvíkurdeild, Skagafjarðardeild og Siglufjarðardeild um hlutverk þeirra í almannavörnum umdæmisins. Margar deildir eru að vinna að samningum við sínar almannavarnanefndir.

Viðbragðsáætlanir

Séráætlanir vegna flugvalla

Á árinu voru gerðar þrjár séráætlanir vegna þriggja flugvalla í aðdraganda flugslysaæfinga. Þetta eru Þórshafnar-, Vopnafjarðar- og Vestmannaeyjaflugvöllur og hafa þrjár Rauða kross deildir hlutverk í áætlunum. Það eru Þórshafnardeild, Vopnafjarðardeild og Vestmannaeyjardeild.

Endurskoðun Keflavíkuráætlunarinnar

Búið er að ljúka við viðbragðsáætlun Rauða kross deilda vegna Keflavíkurflugvallar. Allar deildir á höfuðborgarsvæðinu hafa hlutverk skv. áætluninni auk deildanna á Suðurnesjum. Ekki er búið að gefa út endanlega áætlun fyrir Keflavíkurflugvöll en gerð hennar hefur staðið yfir í nokkur ár.

Viðbragðsáætlun flugfélagsins Atlanta

Haldnir voru tveir fundir með fulltrúa Atlanta vegna hugsanlegs samstarfs um viðbrögð vegna flugslysa og aðstoð um fræðslu áhafnar og starfsmanna í fyrsta stigs áfallahjálpi, auk aðkomu Kjósarsýsludeildar vegna aðstoðar við aðstandenda áhafnameðlima erlendis.

Breytingar á skipulagi landsskrifstofu í tengslum við opnun Samhæfingarstöðvar almannavarna

Áhöfn Rauða kross Íslands í samhæfingarstöð var áður skipuð 8 starfsmönnum landsskrifstofu en nú eru 5 manns í áhöfn sem jafnframt sinna bakvöktum(*1) fyrir Rauða kross deildir. Skipulag gerir ráð fyrir einum í útkalli en hægt er að kalla til fleiri eftir umfangi.

Neyðarvarnabakvakt (*1)

Í júlí hófust bakvaktir vegna neyðarvarna hjá landsskrifstofu Rauða krossins. Eru bakvaktir mannaðar starfsfólki landsskrifstofunnar og var kosið að nota það númer sem verið hefur í neyðarvarnaáætlunum árum saman eða 581-1948. Með þessu fyrirkomulagi er verið að auðvelda deildafólki vinnuna, en borið hafði á óvissu um það hverja ætti að hringja í ef kallað var út til aðstoðar á neyðarstundu. Þessi nýbreytni hefur mælst vel fyrir hjá deildafólki og eins samstarfsaðilum Rauða krossins.

Neyðarnefnd landsskrifstofu Rauða krossins

Neyðarnefnd landsskrifstofu samanstendur af framkvæmdastjóra, skrifstofustjórum og áhöfn samhæfingarstöðvar. Í stóruþkalli mæta þeir sem eru í áhöfn samhæfingarstöðvar og ekki eru á bakvakt í stjórnstöð landsskrifstofu og kalla neyðarnefndarmann til starfa eftir þörfum.

Útkallshópur aflagður

Haldnir voru 2 fundir með útkallshópnum á árinu og var tekin ákvörðun um að leggja hópinn af þar sem deildir eru öflugri en áður og því er ekki þörf á að halda úti sérstökum hópi sem ekki er tengdur deildum beint. Þess í stað verður leitað til reynslumikilla sjálfboðaliða sem starfað hafa í neyðarvörnum deilda en nokkrir fundir voru með Útkallshópi Rauða kross Íslands á árinu. Í lok árs voru 4 virkir fulltrúar í hópnum og 2 í leyfi.

Neyðarvarnasíða www.redcross.is/neydarvarnir

Haldið var áfram að auka þjónustu við deildir á árinu og nú með því að setja inn auknar upplýsingar um neyðarvarnir á heimasíðuna. Nú er hægt að nálgast fyrirmyndir að neyðarvarnaáætlunum deilda og héraðssamningum, ýmsa samninga er tengjast neyðarvörnum og skráningareyðublöð sem deildir geta nýtt sér við skráningar í neyðaraðgerðum.

Útköll

2. ágúst 2003

Rútuslys í Borgarfirði

Útlendingar voru í rútu sem valt. Þrjár Rauða kross deildir tóku þátt í aðgerðinni. RKÍ Borgarfjarðardeild, Akranesdeild og Reykjavíkudeild. Einnig mættu 2 fulltrúar áhafnar landsskrifstofu í samhæfingarstöð en ekki fór fram nein vinna í stjórnstöð landsskrifstofu.

Ný samhæfingarstöð almannavarnadeildar ríkislögreglustjórans var nú í fyrsta sinn virkjuð með fullum mannafla. Auk almannavarnadeildar ríkislögreglustjórans samanstendur áhöfn stöðvarinnar af fulltrúum frá Fjarskiptamiðstöð lögreglu, Neyðarlínu, Flugmálastjórn, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Rauða kross Íslands, Landlæknisembættinu og Vegagerðinni. Vel tókst til með skipulag og starfsemi stöðvarinnar og dýrmæt reynsla ávannst.

18. ágúst 2003

Viðbúnaðarstig vegna Keflavíkurflugvallar

Klukkan 15:40 var tilkynnt til almannavarnadeildar ríkislögreglustjórans um reyk í farþegarými í vél af gerðinni Boeing 747-400 frá flugfélaginu Air Canada. Um borð voru 269 farþegar auk 14 manna áhafnar. Vélin var að koma frá Frankfurt í Þýskalandi á leið til Toronto í Kanada.

Vélin lenti um kl. 16:38 og eftir skoðun slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli var henni ekið fyrir eigin vélarafli að flugstöð Leifs Eiríkssonar þar sem farþegar gengu frá borði. Klukkan 17:06 var viðbúnaðarstigi aflétt af. Ellefu sjálfboðaliðar frá Suðurnesjadeild Rauða kross Íslands tóku þátt í aðgerðinni. Áhöfn Rauða kross Íslands í samhæfingarstöð almannavarna var kölluð út. Það bárust SMS boð frá Neyðarlínunni á bilinu 16:08 –16:09. 11111111, tafarlaus mæting í stjórnstöð, Keflavíkurflugvöllur. Bakvaktarmaður landsskrifstofu fór í samhæfingarstöð almannavarna en aðrir áhafnarmeðlimir mættu í stjórnstöð landsskrifstofu. Jóhann Thoroddsen (JTh) verkefnastjóri í sálrænni skyndihjálp og hópstjóri áfallahjálparteymis Rauða kross Íslands var einnig í stjórnstöð vegna áfallahjálpar.

Starf Rauða krossins fólst m.a. í því að vera til staðar og hafði Rauða kross fólkið frumkvæði af því að gefa farþegum vatn að drekka því engar veitingar voru af hálfu flugfélagsins, Air Canada í byrjun. Einnig var útvegaður hjólastóll fyrir einn farþega og sjúkragögn fyrir annan.

23. ágúst 2003

Jarðskjálftar við Kleifarvatn

Um kl. 02:00 urðu tveir jarðskjálftar sem fundust á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. Jarðskjálftarnir áttu upptök sín við Kleifarvatn og var annar skjálftinn um 5,0 á Richter. Margir eftirskjálftar urðu í kjölfarið. Ekki var um slys á fólki en lítilsháttar eignatjón var á Krísvíkurskóla þar sem upptök skjálftans voru.

Samhæfingarstöð var virkjuð um kl 02:20 og var haft samráð við almannavarnanefndir á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum. Vegna þess að ekki lá fyrir í byrjun ástæða útkallsins mætti neyðarnefnd í stjórnstöð landsskrifstofu en var stöðinni lokað fljótlega eftir að búið var að kanna aðstæður.

18. nóvember

Viðbúnaðarstig vegna Keflavíkurflugvallar

Tíu manns frá Suðurnesjadeild Rauða kross Íslands aðstoðuðu við móttöku á farþegum tékkneskrar farþegaflugvélar sem lenti á Keflavíkurflugvelli um kl. 18:00 í kjölfar sprengjuhótunar.

Tilkynning barst Suðurnesjadeild kl. 17:20 um að sprengjuhótun hefði borist gegn tékkneskri Airbus 310 flugvél á leið frá Prag til New York. Vélin lenti síðan um kl. 18:00. Hún var rýmd og farþegar fluttir með rútum í stöð tvö, tækjageymslu slökkviliðsins, á Keflavíkurflugvelli.

Starf Rauða krossins fólst einkum í því að vera til staðar fyrir þá sem vildu fá

upplýsingar eða aðstoð við að hringja heim. Starfinu lauk laust fyrir kl. 21 eftir að fólkið hafði farið upp í rútur áleiðis á hótél.

Áfallahjálp í flugvél Ícelandair í Portúgal

Ósk Ícelandair um aðstoð Rauða krossins við áfallahjálp í flugvél Flugleiða á leið til Íslands frá Portúgal. Reykur í farþegarými flugvélar. Einn aðili úr áfallahjálparteymi Rauða krossins fór með flugvél til Portúgal sem sótti farþegana og vann síðan með einstaklinga eftir komuna heim.

Viðbúnaður í september sem ekki leiddi til útkalla

Aukning lítilla skjálfta í Ölfusi

Veðurstofa Íslands upplýsti almannavarnir um að mánuðina þar á undan hefði orðið viss aukning lítilla skjálfta í Ölfusi og eins hefðu verið nokkur önnur merki þess að spennan væri að vaxa á svæðinu. Sagt var að slík spennuupphleðsla ætti það til að hjaðna aftur án jarðskjálfta en þó væri ástæða til að almenningur og vinnustaðir athuguðu með sínar varnir. Haft var samband við formenn deilda á svæðinu og þeir hvattir til að huga að áætlunum deildanna m.t.t. þessa.

Skjálftahrina í Mýrdalsjökli

Í lok september var mikil skjálftahrina í Mýrdalsjökli. Nokkrir skjálftar voru af stærðinni 1,8 - 2,9 og hafði jarðeðlissvið Veðurstofu Íslands samband við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Starfsmenn mættu í stöðina og könnuðu ástand og horfur og ákváðu að kalla ekki út áhöfn samhæfingarstöðvar. Vel var fylgst með því ákveðnar vísbendingar voru um að eldgos væri að hefjast.

Æfingar

Flugslysaæfingar

Undirbúningur fyrir áföll og slys eru stór hluti af starfi Rauða krossins um allan heim. Grundvöllur neyðarviðbragða er góður undirbúningur og hugmyndafræði Rauða krossins gengur út á að þeir sem eru næstir slyssað séu fyrstir að bregðast við. Þetta er meðal annars hugmyndin á bak við flugslysaæfingar sem haldnar eru víðs vegar um landið. Sviðsett er brotlending flugvélar í lendingu með fjölda farþega innanborðs. Heimamenn vinna að undirbúningi æfinganna í marga mánuði áður en þær eru haldnar. Þeir sem taka þátt eru m.a. almannavarnarnefndir, björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar á stöðunum, deildir Rauða kross Íslands, heilsugæslan, rannsóknarnefnd flugslysa, almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra, slökkvilið staðanna, lögreglan og fleiri. Íbúar staðanna taka þátt í verkefninu með því meðal annars að leika slasaða og aðstandendur. Dagana fyrir æfingarnar er boðið upp á ýmsa fræðslu og unnið í vinnuhópum sem vinna að undirbúningi einstakra verkþátta.

Vopnafjörður og Þórshöfn, 18. og 19. maí

Undirbúningur og fræðsla var unnin saman fyrir þessar æfingar. Í heild gengu báðar æfingarnar vel hvað varðar fjöldahjálpinu og leiddu þær til aukinnar vitundar sjálfboðaliða Rauða krossins sem höfðu unnið að undirbúningi mánuðum saman. Þátttaka þeirra leiddi auk þess til vitundar um hlutverki hvers og eins og mannaflapörf í

lykilstöður sem og verkefnum og mikilvægi annarra viðbragðsaðila. Þó hefði mátt vera meiri þátttaka frá nágrannadeildum sem yrðu kallaðar til aðstoðar deildunum ef til neyðaraðgerða kæmi.

Helstu verkefni auk stjórnar neyðarnefndar voru vinna á söfnunarsvæði óslasaðra á vettvangi og aðstoð við flugvallarstarfsmenn og vinna á söfnunarsvæði aðstandenda því aðeins var æfð innskráning í fjöldahjálparstöð.

Áfallahjálpin á SSA tókst mjög vel og það fólk sem sinnti aðhlyningunni gerði það af kostgæfni og kunnáttu. „Aðstandendurnir“ léku hlutverk sín af innlifun en þeir höfðu fengið fyrirmæli um að leika mismunandi útfærslur af áfallaviðbrögðum. Aðhlyningarfólkið gekk í sín störf og skipti með sér verkefnum bæði meðvitað og ómeðvitað.

Skráning gekk mjög vel og einnig heildarúrvinnsla hennar sem og samskipti við samstarfsaðila varðandi upplýsingagjöf til aðstandenda. Þetta var mjög raunveruleg æfing að mati þeirra sem tóku þátt og góð æfing á öllum verkþáttum í fjöldahjálpinni eins og að koma upplýsingum til aðstandenda og sameina fjölskyldur sem var æft til enda.

Skipulag Rauða krossins gerir ráð fyrir að eftir aðgerðir og æfingar sem þessar séu haldnir viðrunarfundir fyrir sjálfboðaliða og starfsfólk. Þeir voru haldnir strax eftir æfinguna og fengu allir tækifæri til þess að fara í gegnum upplifun sína undir handleiðslu reyndra félagsmanna. Það hefur sýnt sig að viðrun er afar góð fyrirbyggjandi aðgerð gagnvart álagi og streitu sem gjarnan myndast við þessar aðstæður.

Starf sjálfboðaliða Rauða kross deildarinnar tókst í alla staði mjög vel og var ánægjulegt að sjá hvað fólk sem ekki var vant að vinna saman í aðgerðum náði góðri samhæfingu á skömmum tíma.

Þátttaka:

Vopnafjörður

11 sjálfboðaliðar tóku þátt í æfingunni á Vopnafirði frá Vopnafjarðardeild Rauða kross Íslands og kvennadeild slysavarnarfélagsins Sjafnar sem fer með verkefni fjöldahjálpar og félagslegs hjálparstarfs fyrir Vopnafjarðardeild Rauða kross Íslands. Þetta voru þær Guðrún Stefánsdóttir sem var fjöldahjálparstjóri, Hrönn Róbertsdóttir, Rannveig Erlingsdóttir, Sigurveig Róbertsdóttir, Katrín Valtýsdóttir, Hildur Sverrisdóttir, Linda Eymundsdóttir, Anna Birna Björnsdóttir og Ásrún Jörgensdóttir. Við undirbúning æfingarinnar störfuðu einnig Guðjón Böövarsson formaður Vopnafjarðardeildar Rauða kross Íslands og Helga Jakobsdóttir formaður neyðarnefndar með hópnum.

Þórshöfn

Þrettán sjálfboðaliðar tóku þátt í undirbúningi og æfingunni á Þórshöfn, auk tveggja presta. Frá Þórshafnardeild komu þau Eyþór Atli Jónsson, Bára Sigfúsdóttir, Guðrún

Helgadóttir, Sólveig Óladóttir, Guðrún Stefánsdóttir, Hulda Ingimarsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir og Jóhanna Helgadóttir. Við undirbúning æfingarinnar störfuðu einnig Hólmfríður Jóhannesdóttir formaður Þórshafnardeildar Rauða kross Íslands og Þórunn Marín Þorsteinsdóttir tengiliður með hópnum. Tveir prestar tóku þátt í æfingunni, það voru Sr. Sveinbjörn Bjarnason sóknarprestur á Þórshöfn og Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir sóknarprestur á Raufarhöfn. Frá Raufarhafnardeild komu þær Þóra Björg Sigurðardóttir formaður deildarinnar og Sigríður Valdimarsdóttir.

Starfsfólk landsskrifstofu

Sex starfsmenn landsskrifstofu aðstoðuðu deildarfólk við undirbúning og æfingar. Herdís Sigurjónsdóttir neyðarvarnafulltrúi og hópstjóri fjöldahjálparhóps, Elma Guðmundsdóttir svæðisfulltrúi á Austurlandi, Guðný Björnsdóttir svæðisfulltrúi á Norðurlandi, Jóhann Thoroddsen verkefnisstjóri í sálrænni skyndihjálpar, Þórir Guðmundsson upplýsingafulltrúi og Vigdís Agnarsdóttir verkefnisstjóri í skyndihjálpar.

Vestmannaeyjar 2003

Á þessari æfingu æfði Rauða kross deildin alla helstu þætti fjöldahjálpar og félagslegs hjálparstarfs eins og opnun fjöldahjálparstöðvar fyrir óslasaða og stjórnun neyðarnefndar. Neyðarnefndin æfði m.a. samskipti við samstarfsaðila og vann úr skráningarupplýsingum. Æfð var opnun og starfræksla á söfnunarsvæði aðstandenda þar sem m.a. voru veittar upplýsingar til aðstandenda og starfræktur var upplýsingasími. Rauða kross fólk veitti flugvallarstarfsmönnum aðstoð við að annast aðstandendur í flugstöð og eins kom Rauða kross fólk að umönnun þeirra sem komu á söfnunarsvæði óslasaðra og fluttu þá í fjöldahjálparstöð.



Í heild gekk æfingin vel hvað varðar fjöldahjálparina og var almenn ánægja meðal sjálfboðaliða með æfinguna og töldu þeir hana leiða til aukinnar vitundar á hlutverki þeirra og mikilvægi annarra viðbragðsaðila. Margir kvörtuðu þó yfir því að hafa ekki fengið að vita um æfinguna fyrr og hefðu mögulega fleiri mætt ef haft hefði verið samband við þá í tíma, en haft var samband við flesta tveimur dögum fyrir æfinguna. Stjórn deildarinnar hafði ákveðið að í stað þess að hafa samband við sjálfboðaliðana og undirbúa þá fyrir æfinguna eins og venja er að bíða fram að æfingu og útkalli og sjá þá hverjir mættu.

Þátttaka

RKÍ Vestmannaeyjadeild:

18 sjálfboðaliðar tóku þátt í undirbúningi og æfingunni í Vestmannaeyjaeyjum.

Úr stjórn Rauða kross deildar:

Hermann Einarsson formaður, Ingi Tómas Björnsson tengiliður við æfingarstjórn og fulltrúi í aðgerðastjórn, Gunnhildur Bjarnadóttir, tengiliður við áfallahjálparteymi og fjöldahjálparstjóri á SSA.

Fjöldahjálparstjórar og stuðningslið:

Drífa Kristjánsdóttir sem var fjöldahjálparstjóri í fjöldahjálparstöð, Hjálmfríður Sveinsdóttir, Dagný Pétursdóttir, Katrín Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, Íris Guðmundsdóttir, Jónína Þorvaldsdóttir, Guðlaug Hjelm Björgólfsdóttir, Þórleif Guðmundsdóttir, Helga Guðjónsdóttir, Hugrún Magnúsdóttir, Þuríður Júlíusdóttir, Guðríður Jónsdóttir, Dagný Pétursdóttir, Deng Guðjónsson og Sólrún Bergþórsdóttir

Aðgerðastjórn:

Ingi Tómas Björnsson stjórnarmaður og tengiliður við æfingarstjórn var fulltrúi Vestmannaeyjadeildar í aðgerðastjórn í Vestmanneyjum.

Samhæfingarstöð almanna- og atvinnuleysisbætur í Skógarhlíð í Reykjavík:

Stöðin var virkjuð í æfingunni og tóku 2 starfsmenn sem eru í áhöfn stöðvarinnar þátt. Það voru þau Ingibjörg Eggertsdóttir og Marinó M. Marinósson.

Starfsfólk landsskrifstofu:

4 starfsmenn landsskrifstofu aðstoðuðu við undirbúning og æfingu. Herdís Sigurjónsdóttir neyðarvarnafulltrúi sem jafnframt var hópstjóri fjöldahjálparhópsins, Njörður Helgason svæðisfulltrúi á Suðurlandi, Jóhann Thoroddsen verkefnisstjóri í sálrænni skyndihjálpi og Þórir Guðmundsson upplýsingafulltrúi.

Æfingar í Samhæfingarstöð almanna- og atvinnuleysisbætur

Fulltrúar landsskrifstofu tóku þátt í 2 æfingum sem haldnar voru í samhæfingarstöð á árinu. Það er samstarf við almanna- og atvinnuleysisbætur Ríkislögreglustjórans (áður almanna- og atvinnuleysisbætur ríkisins)

Samstarfsnefndar um skipan hjálparliðs Almanna- og atvinnuleysisbætur

Haldnir voru 7 fundir í samstarfsnefnd um skipan hjálparliðs almanna- og atvinnuleysisbætur sem neyðarvarnafulltrúi sat. Gert er ráð fyrir mánaðarlegum fundum frá september til maí og er aðalástæða þess að haldnir voru færri fundir en gert er ráð fyrir, breytingar á lögum um almanna- og atvinnuleysisbætur og flutningur á almanna- og atvinnuleysisbætur Ríkislögreglustjórans í Skógarhlíð.

Samhæfingarstöð almanna- og atvinnuleysisbætur

Samhæfingarstöð almanna- og atvinnuleysisbætur var flutt frá Hverfisgötu 113 í Skógarhlíð 14. þriðjudaginn 24. júní 2003.

Almanna- og atvinnuleysisbætur ríkisins

Í byrjun apríl voru ný lög um almanna- og atvinnuleysisbætur samþykkt á alþingi. Stofnunin Almanna- og atvinnuleysisbætur ríkisins var lögð niður og hafa verkefni stofnunarinnar verið færð til embættis Ríkislögreglustjórans. Þann 24. október var aðsetur almanna- og atvinnuleysisbætur flutt frá Seljavegi 32, í Skógarhlíð 14.

Áfallahjálparstöð í skipulagi almanna- og atvinnuleysisbætur

Í febrúar luku Almanna- og atvinnuleysisbætur ríkisins og Landlækniseimbættið við greinargerð um fyrirkomulag áfallahjálpar í skipulagi almanna- og atvinnuleysisbætur. Greinargerðin fjallar annars vegar um skipulag áfallahjálparteyma sem vinna að gerð neyðaráætlana og hins vegar um skipulag almanna- og atvinnuleysisbætur þegar neyðaráætlanir eru virkjaðar. Markmiðið er að skilgreina hverjir koma að áfallahjálpi og hvernig þeirra samstarfi er háttáð. Þá er reynt að tengja

saman skipulag áfallahjálpar sem veitt er einstaklingum eða minni hópum við það skipulag sem virkjað er vegna almannavarnaástands.

Áfallahjálpar telst til heilbrigðisþjónustu og heyrir undir stjórn landlæknis. Áfallahjálpar í hópslysum og á neyðartímum fellur undir skipulag almannavarna. Ábyrgðina á skipulaginu bera í sameiningu Almannavarnar ríkisins, sem skipulagsaðili og sem fagaðili. Að gerð greinargerðarinnar komu einnig fulltrúar frá Rauða krossi Íslands og Biskupsembættinu þar sem þessir aðilar gegna mikilvægu hlutverki varðandi áfallahjálpar. Skipulagið felst í því að setja á fót áfallahjálparteymi undir stjórn heilbrigðisstofnanna í samráði við Landlæknisembættið. Teymin verða mynduð með fulltrúum ýmissa fagaðila; læknum, hjúkrunarfræðingum, kennurum, félagsráðgjöfum, sálfræðingum, Rauða kross fólki, og fleirum. Gert er ráð fyrir 8 - 10 teyimum til að byrja með. Þessum teyimum er ætlað að vinna að gerð neyðaráætlana varðandi minni áföll og stærri. Greinargerðin tekur á því hvernig þessi teymi tengjast skipulagi almannavarna þegar það er virkjað en fulltrúi heilbrigðisþjónustunnar í almannavarnanefnd er tengiliður nefndarinnar við teymi og fer jafnframt með stjórn á framkvæmd áfallahjálpar á hættu- eða neyðartímum.

Vinnan sem liggur að baki þessa skipulags byggir að miklu leyti á reynslu frá snjóflóðunum á Súðavík og Flateyri árið 1995 og svo jarðskjálftunum á Suðurlandi árið 2000. Þetta skipulag mun verða til að bæta þjónustu í áfallahjálpar til almennings, bæði með því að auka samstarf á milli þeirra sem veita slíka hjálpar og gera samskiptaleiðir skýrari. Hægt er að nálgast greinargerðina á vefsíðu Rauða krossins redcross.is/neydarvarnir.

Fræðsla um neyðarvarnir

Rauði krossinn átti fulltrúa í vinnuhópi er vann að undirbúningi varðandi nýja samhæfingarstöð almannavarna í Skógarhlíð. Hópurinn smíðaði m.a. verklagsreglur varðandi vinnuna í stöðinni. Haldnir voru fjölmargir vinnufundir og nokkur vinna fór í flutning í nýja stöð.

Rauði krossinn var með innlegg á tveimur vettvangsstjórnarnámskeiðum almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra.

Rauði krossinn á fulltrúa í sérfræðingateymi Flugmálastjórnar sem sérhæfir sig í viðbúnaði vegna flugslysa. Tvær æfingar voru haldnar á árinu, í maí á Þórshöfn og Vopnafirði og önnur um mánaðarmótin október, nóvember í Vestmannaeyjum.

Sjálfböðlið starf

Mjög ánægjuleg þróun hefur átt sér stað í sjálfböðli starfi félagsins. Á árinu fjölgaði sjálfböðaliðum um 28% og rannsókn á framlagi og efnahagslegu mikilvægi sjálfböðastarfa skilaði okkur mikilvægum upplýsingum sem nýtast vel í áframhaldandi uppbyggingu félagsins. Aukinn sveigjanleiki í fræðslu fyrir sjálfböðaliða og kynningum

meðal almennings hefur mælst vel fyrir og útbreiðsla þekkingar á mannúðarhugsjón hreyfingarinnar nær nú til fleiri en nokkru sinni fyrr.

Fleiri ganga til liðs við félagið

Í lok árs 2003 voru alls 1032 skráðir sjálfboðaliðar, fjölgun sjálfboðaliða milli ára er 28%. Ungt fólk hefur í meira mæli komið inn í félagið. 200 ungmenni á aldrinum 15-25 ára skráðu sig í deildir Rauða krossins á árinu og er það svipaður fjöldi og á árunum 2001 og 2002 en helmingi færri en á árinu 2000. Í reglubundnu sjálfboðastarfi Rauða krossins er hlutfall aldurshópsins 15-25 ára 24%.

Aldursskipting sjálfboðaliða:

| | |
|-----------------|-----|
| 25 ára og yngri | 27% |
| 26-35 ára | 9% |
| 36-45 ára | 13% |
| 46-55 ára | 13% |
| 56-65 ára | 12% |
| 66 ára og eldri | 26% |

Hlutfall kvenna af heildarfjölda sjálfboðaliða er 76% en 60% í aldurshópnum 25 ára og yngri.

Gera má ráð fyrir að um 70% sjálfboðaliða séu skráðir í miðlæga nafnaskrá (aðrir eru eingöngu á skrá hjá viðkomandi Rauða kross deild) og er því áætlaður heildarfjöldi sjálfboðaliða um 1.300.

Hver króna skilar sér þrefalt tilbaka

Á alþjóðlegum degi sjálfboðaliðans, 5. desember var birt rannsókn Steinunnar Hrafnadóttur lektors við Háskóla Íslands á framlagi og efnahagslegu mikilvægi sjálfboðastarfa Rauða krossins. Samkvæmt rannsókninni er efnahagslegt gildi þeirra sjálfboðastarfa sem könnunin náði til um 112 milljónir króna, en miðað var við laun á



vinnumarkaði miðað við mismunandi tegundir starfa. Að baki liggja samtals 66.411 klukkustundir eða 32 ársverk. Samkvæmt þessum niðurstöðum skilar hver króna sem er kostað til í stuðningi við sjálfboðaliða sér um þrefalt til baka. Rannsóknin náði til 70% af sjálfboðaliðum Rauða krossins og að sögn Steinunnar er líklegt að framlag sjálfboðaliðanna sé mun meira því vinnan er ekki alltaf skráð.

Við rannsóknina var notuð svoköllum VIVA aðferð (Volunteer Investment Value Audit). Aðferðin hefur verið notuð af félagasamtökum í Evrópu og notagildi hennar er meðal annars bætt skráning og markvissari skipulagning við þróun sjálfboðastarfs.

Mannúðarhugsjónin í fyrirrúmi

Í samræmi við stefnu Rauða kross Íslands til ársins 2010 er fræðsla um hugsjónir Rauða kross hreyfingarinnar með áherslu á virðingu fyrir sérhverjum einstaklingi orðin sífellt stærri hluti af fræðslustarfi bæði innan félags og utan. Til að mynda komu 628 nemendur Vinnuskóla Reykjavíkur ásamt 77 leiðbeinendum í heimsókn í Sjálfboðamiðstöð Reykjavíkurdeildar Rauða krossins í júní og júlí og hlýddu á erindi um nauðsyn þess að bera virðingu fyrir öðrum einstaklingum óháð aðstæðum þeirra og bakgrunni. Umfjöllun um alþjóða mannúðarlög út frá sjónarmiðum ungs fólks auk þess sem hugleiðingar um hvað hafi áhrif á okkur í umgengni við aðra voru ræddar. Fjölmarginir aðrir hópar svo sem nemendur Háskóla Íslands, grunn- og framhaldsskóla komu í heimsókn á árinu og fengu fræðslu um ýmis málefni hreyfingarinnar.

Flestir nýir sjálfboðaliðar sóttu grunnnámskeið Rauða krossins en með auknum sveigjanleika hafa fleiri getað sótt þau námskeið, annað hvort ein og sér eða sem hluta af verkefnatengdri fræðslu. Stjórnarfolk í deildum félagsins nýta sér í auknum mæli svokallað deildanámskeið sem er sniðið með það að markmiði að styrkja félagskjörna sjálfboðaliða í þeim ábyrgðarstöðum sem þeir gegna. Eitt leiðtoganámskeið var haldið í febrúar en á því námskeiði var lögð áhersla á samskipti við fjölmiðla, fjölmenningslegt samfélag auk leiðtogafræðslu.

Rauði kross Íslands leiðir Evrópusamstarf

Sem þátttakandi í Alþjóðasambandi Rauða krossins og Rauða hálfmánans hefur Rauði kross Íslands tekið þátt í samstarfi landsfélaga Rauða krossins í Vestur Evrópu um þróun og uppbyggingu sjálfboðastarfs, WENDOV (Western European Network for Development of Volunteering). Á árinu 2003 leiddi fulltrúi félagsins WENDOV samstarfið sem skilar aukinni þekkingu og hagnýtri reynslu annarra landsfélaga málefnum tengdum sjálfboðnu starfi inn í félagið.

Áframhaldandi uppbygging

Með reynslu síðustu ára, stefnu félagsins og leiðarljósi heldur Rauði kross Íslands áfram uppbyggingu sjálfboðastarfs félagsins. Vel skipulögð verkefni sem skila árangri á grundvelli mannúðarhugsjónar hreyfingarinnar laða að fleiri sjálfboðaliða og styrkir þá sem fyrir eru í störfum sínum.

Ungmenna- og forvarnastarf

Fulltrúaráðið

Í árslok 2003 sátu í fulltrúaráði Þóra Kristín Ásgeirsdóttir formaður, Hildur Tryggvadóttir Flóvenz fyrir höfuðborgarsvæðið, Ingibjörg Halldórsdóttir fyrir Vesturland, Brynjar Már Brynjólfsson fyrir Vestfirði, Íris Ösp Sveinbjörnsdóttir fyrir Norðurland og Jóhann Ingason fyrir Suðurland og Suðurnes. Áheyrnarfulltrúi var Steinunn Ósk Brynjarsdóttir af höfuðborgarsvæðinu. Fulltrúaráðið fundar að meðaltali einu sinni í mánuði yfir vetrartímam. Hlutverk fulltrúaráðs er að sjá um undirbúning og fylgja eftir samþykktum landsfunda og velja menn til umsjónar með þeim verkefnum URKÍ sem ráðist er í á

kjörtímanum. Á landsfundi í maí 2003 voru kynntar niðurstöður vinnuhópa sem skipaðir voru ári áður um endurskoðun á starfsreglum URKÍ og um aukna aðild og áhrif URKÍ innan landsfélagsins.

Í júní var haldinn Evrópufundur á Ítalíu – The European Cooperation Meeting for Red Cross/Red Crescent Youth. Einnig var haldinn Nordic Baltic fundur í Osló í ágúst og sótti fulltrúi URKÍ báða þessa fundi.

PlúsC

Plús C kom út í nóvember. Þar var umfjöllun um Landsmót URKÍ sem haldið var á Varmalandi í Borgarfirði en þema þess var Börn í stríði, Umhverfissumarbúðir í Þórsmörk og Alþjóðaverkefni.

Sumarbúðir og landsmót

Sumarið 2003 voru haldin fjögur sumarnámskeið í Þórsmörk fyrir 12-14 ára krakka. Þátttakendur voru í kringum 60. Á síðasta námskeiðinu voru norskir þátttakendur í boði Vestmannaeyjardeildar. Umhverfisnámskeiðin eru samstarfsverkefni Rauða kross Íslands, Ferðafélags Íslands og Landgræðslu ríkisins. Leiðbeinendur á námskeiðunum eru allir virkir sjálfboðaliðar í URKÍ og einnig kom virkur Rauða kross félagi í sjálfboðavinnu á einu námskeiðinu.

Sumarbúðir á Löngumýri voru starfræktar í sumar undir forystu Karls Lúðvíkssonar formanns Skagafjarðardeildar. Búðirnar eru fyrir fötluð og ófötluð ungmenni.

Landsmótið var haldið í október að Varmalandi í Borgarfirði. Þátttakendur voru um 100 og var stór hluti þeirra úr Skagafirðinum. Þema landsmótsins var Börn í stríði, sendifulltrúi kom og sagði frá reynslu sinni af störfum með börnum í stríði og verkefni voru unnin í hópum.

Ungmennahús

Á árinu var undirritaður samningur um Tún, ungmennahús á Húsavík, í samstarfi Húsavíkurdeildar Rauða kross Íslands, Húsavíkurbæjar og Framhaldsskólans á Húsavík. Samkvæmt samningi Vesturlandsdeilda Rauða krossins, Rauða kross Íslands og Akranesbæjar tók Akranesbær alfarið yfir rekstur ungmennahússins á Akranesi „Hvíta hússins“ um áramótin 2003/2004. Gert var mat á starfseminni sem sífellt er að aukast og verða fjölbreyttri og gefin út skýrsla. Stofnun þriggja ungmennahúsa til viðbótar eru nú í undirbúningi.

Rauði krossinn og menntamálaráðuneytið hafa stutt við stofnun samtaka ungs fólks sem stofnuð voru á árinu undir heitinu „Húsfélagið“ sem hefur það að meginmarkmiði að aðstoða við mótun innra starfs í ungmennahúsunum, auk þess að miðla innlendra og erlendra ungmennamenningu. Þessi hópur fór sl. sumar í ferð um landið til að kynna sér starfsemi húsanna (Þjóðvegur 2).

Önnur forvarnaverkefni

Ungmennafulltrúi tók sæti í tveimur forvarnahópum, SAMAN og Náum áttum. SAMAN hópurinn er samstarfsvettvangur ýmissa stofnana og samtaka sem vinna að velferð barna og ungmenna. Náum áttum er opinn samstarfshópur um fræðslu- og fíkniefnamál. Hópurinn hefur staðið mánaðarlega fyrir fjölmörgum fræðslu- og umræðufundum um forvarnir og mismunandi áherslur og stefnur í þeim málaflokki.



Áhersla á stefnumótun

Mörg verkefni í ungmennastarfi hafa sannað gildi sitt í gegnum árin. Lögð verður áhersla á að skerpa á áherslum í starfinu á næsta ári.

Rauðakrosshúsið

Á síðasta ári leituðu 93 einstaklingar til Rauðakrosshússins og gistinætur voru 358. Þessir einstaklingar dvöldu að meðaltali 4 nætur hvert og eitt. Dreifing gesta okkar eftir kyni og ástæðum var skv. meðfylgjandi súlritum:

- Á árinu gistu 93 einstaklinga í samtals 358 nætur
- Meðaldvöl voru 4 dagar




- Tveir hælisleitendur gistu í húsinu í 87 nætur

Ráðgjöf

Árið 2003 komu 153 unglingar til viðtals hjá unglingaráðgjöfum Rauðakrosshússins. Ráðgjafarnir eru með mjög nákvæmar og vel uppfærðar upplýsingar um hvert hægt er að leita með hvers kyns erfiðleika og úrlausnarefni.

- Alls fengu 153 einstaklingar ráðgjöf á vegum hússins á árinu 2003. Af þeim höfðu 68 leitað áður ráðgjafar til Rauðakrosshússins.



Hjálparsími Rauða krossins


Hjálparsími Rauða krossins 1717 er gjaldfrjáls sími sem er opinn allan sólarhringinn fyrir þá sem þurfa aðstoð vegna depurðar, kvíða, þunglyndis, eða sjálfsvígshugsana. Tilgangurinn með Hjálparsíma Rauða krossins er að vera til staðar fyrir þá sem finnst þeir vera komnir í öngstræti en vilja þiggja aðstoð til að sjá tilgang með lífinu. Starfsmenn og sjálfboðaliðar svara í Hjálparsíma Rauða krossins. Þeir hafa reynt af að svara slíkum símtölum og fá reglulega þjálfun í samvinnu við geðsvið Landsspítala háskólasjúkrahúss og Landlæknisembættið.


Síminn er aðalstyrktaraðili Hjálparsíma Rauða krossins samkvæmt samkomulagi sem Síminn og Rauði kross Íslands hafa undirritað og gildir til ársloka 2004. Auk Símans gefur Og Vodafone eftir gjald vegna símtala í 1717.

Hjálparsíminn er verkefni á landsvísu. Landsskrifstofan gerði í nóvember samning við Reykjavíkurbæturdeild um að deildin tæki við rekstrinum 1. mars 2004 en fagleg verkefnisstjórn var mynduð á haustdögum með fulltrúum frá Reykjavíkurbæturdeild og öðrum deildum, landsskrifstofu og Landlæknisembættinu.

Töluverðar breytingar eru með þessu samkomulagi sem felast einkum í því að mun fleiri sjálfboðaliðar svara í símann en áður en einnig verður upplýsingaþjónusta símans aukin. Áætlað er að verkefninu komi um 100 sjálfboðaliðar. Í þetta verkefni er sérstaklega höfðað til háskólanema í félagsvísindagreinum sem markhóps og starfið verði metið til eininga í námi. Mikil áhersla er lögð á að fólk sem annast símsvörunina fái mikla fræðslu og þjálfun í upphafi og einnig fari fram símenntun. Gott samstarf er við Neyðarlínu, Geðsvið Landsspítala háskólasjúkrahúss og Landlæknisembættið varðandi erfiðustu símtölin.

- **Hringingar í Hjálparsíma Rauða Krossins voru 5164 á árinu 2003**





Vin

Inngangur

Markmið Vinjar er sem fyrr að draga úr félagslegri einangrun og endurinnlögnum á geðdeildir, skapa aðstæður þar sem gagnkvæmt traust og virðing ríkir og kynna aðstæður og málefni gesta.

Áhersla var lögð á:

- að auka áhrif gesta á starfsemi Vinjar
- 10 ára afmæli Vinjar
- kynningu/fræðslu/málsvarahlutverk
- Ferðafélagið Víðsýn
- sjálfbóðaliða
- samstarf athvarfa og stuðning við deildir RKÍ
- samstarf innanlands og utan við aðra í málaflokknum

Starfsemin

Á árinu fagnaði Vin 10 ára afmæli sínu með veglegri veislu og hátíðarhöldum þar sem gestir, starfsfólk og sjálfbóðaliðar lögðu allir hönd á plóg. Húsið var þrifið hátt og lágt, Reykjavíkurborg málaði á efri hæð, unnin var 10 ára skýrsla, skrifað í blöðin og komið fram í útvarpi. 150 manns mættu í afmælið, góðir gestir komu færandi hendi, þar á meðal heilbrigðis- og tryggingaráðherra og félagsmálaráðherra sem afhenti Vin 100.000 kr. í afmælisgjöf. Deildir á höfuðborgarsvæðingu gáfu höfðinglega peningagjöf í ferðasjóð.

Í janúar hafði Jón Björnsson sálfræðingur unnið úttekt á starfsemi Vinjar. Var útkoman mjög jákvæð í heild sinni, þó var bent á nokkur atriði sem betur mætti fara og gestir og starfsfólk byrjuðu strax að vinna með þau atriði. (sjá skýrslu J.Bj.)

Á árlegum skipulagsfundi gesta og starfsfólks var ákveðið að senda 2 starfsmenn og 1 gest á ráðstefnu í Svíþjóð um aukin áhrif notenda á geðheilbrigðisþjónustuna. Þau



kynntu ráðstefnuna í Vin og á sameiginlegum fundum starfsmanna athvarfa Rauða kross Íslands. Þessi málefni hafa verið ofarlega á baugi í Vin og m.a. var ákveðið að byrja á þýðingu bókar um málefnið úr sænsku. Heitir hún "Makt över sin vardag" og er gefin út af sænsku geðhjálparsamtökunum sem veittu leyfi til þýðingarinnar og notkun myndefnis. Stofnaður var þýðingahópur sem hittist einu sinni í viku á haustmánuðum og byrjaði þýðingu á efninu. Húsvinahópur sem er hópur fastagesta í Vin var

með opið fjórum sinnum á árinu þar sem gestir sáu alfarið um opnunina og gekk það mjög vel.

Dagskráin var endurmetin, ýmislegt nýtt bættist þar inná svo sem skrautskriftarnámskeið, námskeið í heimilisbókhalda, leikfimi og slökun, teiknitímar, gönguferðir og fastar samverustundir. Fræðsla var m.a. um kynningu á þróunarstarfi í Afríku á vegum Rauða krossins, sálræna skyndihjálp, næringarfræði og hjálparstörf í Írak. Skákhópur var stofnaður í samvinnu við Hrókinn og haldið var veglegt skákmót sem rataði á síður dagblaða. Einnig tók til starfa sjálfstyrkingarhópur fyrir karla sem hittist fimm sinnum. Farið var einu sinni út að borða í tengslum við alþjóðlegan geðheilbrigðisdag 10. október og einu sinni í leikhús.

Gestir og starfsfólk hitti félagar úr Dvöl og Laut í Munaðarnesi í maí þar sem dvalið var tvær nætur, grillað, fræðst og skemmt sér konunglega. M.a. var skoðað ungmennahúsið á Akranesi og söfnin þar.

Gestir Vinjar tóku þátt í undirbúningi og sumarhátíð geðsjúkra sem var haldin 13. júní á Ingólfstorgi.

Haldið var Bingó til styrktar sumarferð Víðsýnar og leshringur um Austfjarðarsögu starfaði undir leiðsögn Jóns Torfasonar íslenskufræðings.

Mikill og góður undirbúningur og samvinna var við svæðisstarfsmann Rauða kross Íslands á Austfjörðum því í ágúst fór 21 manna hópur frá ferðafélaginu okkar Víðsýn í fimm daga ferð þangað. Var þetta mjög vel heppnuð ferð, gíst á Eiðum og ferðast um firðina frá Borgarfirði til Fáskrúðsfjarðar og upp á Kárahnjúkasvæðið. Deildir Rauða krossins á svæðinu tóku höfðinglega á móti okkur og greiddu götu okkar og buðu uppá veitingar víðs vegar. Gestir skrifuðu um ferðina í Öryrkjabandalagsblaðið og Hjálp.

Aðrar ferðir voru: dagsferð um Reykjanes, sjóstangaveiði með Geðhjálp, ferðir í Laugardalinn og Árbæjarsafn og haustlitaferð til Þingvalla undir leiðsögn Hólmfríðar Gísladóttur.

Á félagsfundi Víðsýnar um haustið var svo ákveðið að utanlandsferðin 2004 yrði farin til Færeyja á norrænt geðhjálparmót. Byrjað var að undirbúa, sækja um styrki og þ.h.

Á haustmánuðum var byrjað að æfa Boccia í íþróttahúsi fatlaðra einu sinni í viku.

Opnuð var listsýning á vegum Vinjar í tilefni tíu ára afmælisins og alþjóðlegs geðheilbrigðisdags í Ráðhúsi Reykjavíkur í október. Voru sýnd verk frá gestum athvarfa Rauða krossins, geðdeildum, Geysi og Geðhjálp.

Jólaundirbúningur var með hefðbundnu sniði, upplestur skálda, smákökubakstur, jólaföndur og litlu jólin með heimsókn tónlistarmanna.

Miðborgarpresturinn Jóna Hrönn Bolladóttir hefur komið reglulega í heimsókn og félagsmálaráðherra Árni Magnússon þáði matarboð og spjall.

Samstarf og ráðstefnur

Hefðbundnir fundir athvarfa Rauða kross Íslands voru tveir á árinu. Einnig voru mánaðarlegir fundir athvarfa/félagsmiðstöðva á höfuðborgarsvæðinu yfir vetrarmánuðina. Góð samvinna er við fangelsismálastofnun og koma reglulega samfélagsþjónar þaðan.

Einn starfsmaður Vinjar hefur verið í bakhópi Fjölmenntar sem er skóli fatlaðra með aðsetur í Geðhjálp. Forstöðumaður var áfram í nefnd um heimilisláusa, til ráðgjafar deildum í geðheilbrigðismálum og hélt fyrirlestur á þemamánuði Landlæknis um geðheilbrigði aldraðra í september.

Forstöðumaður undirbjó ráðstefnu á vegum Endurmenntunar um aðstandendur fatlaðra í tilfelli árs fatlaðra.

Mikið samstarf hefur verið við sjúkraliðabrautir Fjölbrautarskóla Ármúla og Breiðholts, starfsmenn og gestir farið og kynnt Vin og geðsjúkdóma. Einnig hefur verið straumur nema í heimsókn bæði frá innlendum og erlendum skólum.

Starfsfólk hefur sótt fræðslu/ráðstefnur um notendaáhrif, tengslanet, lausnarmiðaða fjölskyldumeðferð, stuðning við geðfatlaða utan stofnana og samstarf og gæði geðheilbrigðisþjónustunnar.

Starfsmannamál/húsnæði

Fastir starfsmenn voru fjórir sem fyrr:

Guðbjörg Sveinsdóttir forstöðumaður

Björg Haraldsdóttir verkefnisstjóri

Arnar Valgeirsson leiðbeinandi

Ingi Hans Ágústsson leiðbeinandi

Afleysari í sumarfríi var Anna Karlsdóttir félagsráðgjafi og vegna fjarveru forstöðumanns við hjálparstörf í Írak bættist Guðmundur Haraldsson í hópinn í 6 vikur.

Allir fastir starfsmenn hafa verið í 100% starfshlutfalli, en starfshlutfall Inga Hans verið 70% síðan í haust.

Starfsmenn hafa fengið handleiðslu einu sinni í mánuði sem fyrr.

Reykjavíkurborg lét gera úttekt á brunavörnum hússins og gerðar voru þó nokkrar athugasemdir sem síðan hefur verið unnið með s.s. teknir rimlar úr kjallaraglugga og settar upp brunavarnarhurðir. Löngu tímabært er að mála húsið að utan og sums staðar að innan og mun það vera á dagskrá hjá Reykjavíkurborg næsta ár.

Sjálfbóðaliðar

Markmið vinahópsins er að tryggja opnun Vinjar fyrir utan hefðbundinn opnunartíma.

Tölulegar upplýsingar

Gestakomur voru 6800 og að meðaltali heimsóttu 27 manns athvarfið. Konur eru sem fyrr 30% gesta. Matargestakomur voru 2872, að meðaltali borðuðu 12 á dag. Einstaklingar voru 291, að meðaltali 74 á mánuði.

Niðurlag

Í úttekt Jóns Björnssonar sem gerð var í tilefni 10 ára afmælisins kom í ljós að vel hafði tekist til að vinna samkvæmt markmiðum hússins og að gestir væru að jafnaði mjög ánægðir með starfsemi og starfsfólkið. Þetta er mjög jákvætt fyrir starfið og hvatning til áframhaldandi góðra verka. Það sem helst var ábótavant var að lítið væri um skipulagða starfsemi eftir hádegi og að lítið væri um nýliðun gesta. Á árinu hefur þess vegna verið sett upp meira skipulag yfir daginn þó má það ekki vera á kosnað þess heimilislega andrúmslofts sem einkennir staðinn. Einnig voru búnar til leiðbeiningar um móttöku nýrra gesta og á árinu var unnið með kynningar og fræðsluþáttinn. Þetta hefur verið gert í samráði við gesti með það fyrir augum að auka áhrif þeirra á starfsemi. Þetta hefur gengið vel og eftir sjálfstraust gesta sem að þessu koma og einnig haft jákvæð áhrif á nýliðun gesta. Það hefur verið lögð áhersla á jákvætt samstarf þeirra aðila sem koma að þjónustu við geðsjúka utan meðferðargeirans og er opnun Lækjar í Hafnarfirði góð viðbót við þessa þjónustu.

Nokkur fækkun er á matargestakomum á árinu. Þetta má skýra með fjölgun staða sem hægt er að fá mat og að þeim gestum hefur fækkað sem ekki eiga í önnur hús að venda.

Sjúkrahótel

Starfsemin

Starfsemi hótelsins var með svipuðum hætti og s.l. ár. Legudögum fjölgaði þrátt fyrir að stöðva yrði innlagnir í tvígang í febrúar vegna Norfolk sýkingar hjá gestum sjúkrahótelsins. Þessi veirusýking kom með gestum frá Landspítala þar sem hún hafði herjað á margar deildar spítalans.

Nýtingatölur segja okkur að jafna þarf aðgengi að plássum yfir árið. Biðlisti er eftir plássum á sumrin. Þegar aðgengi er 28 pláss er nýting langt yfir 100% en töluvert minna yfir vetrarmánuðina þegar aðgengið er 50 pláss. Það að hafa 40 rými að jafnaði yfir árið ætti að jafna nýtinguna.

Sjúkraþjálfari kemur tvisvar í viku og nýttist það mjög vel þar sem stöðugt koma fleiri og fleiri gestir frá bæklunardeildum og margir eru í bið eftir endurhæfingu á deild L2.

Mönnun

Í dag eru hjúkrunarfræðingar í 3.5 stöðugildum, starfstúlkur í 3.9 stöðugildum og sjúkraþjálfari í 20% stöðu. Verktakar annast þríf á 3. hæðinni.

Starfsemistölur:

Eins og fram hefur komið er aukning á legudögum frá ári til árs:

| | |
|------|-------|
| 2001 | 12290 |
| 2002 | 13376 |
| 2003 | 14180 |

Alls komu 1452 gestir á árinu, þar af 906 af landsbyggðinni og 547 af höfuðborgarsvæðinu.

Í þjónustusamningi við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið er samið um að fjöldi gistinátta miðað við heilt ár skuli vera 14.884 og að nýting þeirra skuli vera 98% á ári eða 14.586 gistinætur. Þessi nýting er óraunhæf miðað við rekstur hótels þannig að sú nýting sem náðst hefur getur talist mjög góð. Ef almennt hótél nær 70% nýtingu er hún talin góð.

Gæðastarf:

Á árinu hafa verið haldnir fyrirlestrar á vegum LSH um gæðastarf og gæðastýringu. Elísabet Þorsteinsdóttir aðstoðardeildarstjóri hefur að mestu haldið utan um þennan þátt í starfseminni. Á þessu ári hefur aðallega verið unnið í umhverfispáttum hótelsins s.s. aðbúnaði starfsfólks, umhverfi gesta og annað sem snýr að aðbúnaði. Næsta skref er að skoða þjónustuna með formlegum hætti. Í undirbúningi er spurningalisti um þjónustuna sem lagður verður fyrir gesti.

Rekstur

Samkvæmt þjónustusamningnum geiðir HTR 61,4 milljónir til starfseminnar 700 kr. eru innheimtar af gestum fyrir hverja nótt, LSH greiðir laun hjúkrunarfræðinga og 20% stöðu sjúkraþjálfara.

Lagðir hafa verið fram rekstrarreikningar fyrir 2001 og 2002 og sýna þeir að rekstur hótelsins er vel innan ramma þessara fjárveitinga.

Lokaorð

Nú er lokið þriggja ára tímabili þar sem hjúkrunarfræðingar hafa starfað á sjúkrahótelinu og hefur ýmislegt áunnist en áfram þarf að halda með uppbyggingu starfseminnar. Ýmsar breytingar þarf að gera á herbergjum og á borðstofu hótelsins. Við máltíðir skapast hálfgerð öngþveiti þegar gestafjöldinn er kominn yfir 40. Huga þarf að öryggismálum s.s. hvernig gestir geta með öruggum hætti gert vart við sig niðri í móttöku að nóttu til.

Flestir þeir sem eitthvað hafa tjáð sig um uppbyggingu Sjúkrahótelsins s.l. þrjú ár eru ánægðir með starfseminna og þjónusta hjúkrunarfræðinganna hefur sannað sig. Þetta þjónustuform í heilbrigðisþjónustunni er vonandi búið að marka sín spor þannig að hægt verði að halda áfram á sömu leið.

Sjúkraflutningar

Rekstur sjúkraflutninga gekk snurðulaust fyrir sig á árinu. Mikil áhersla hefur verið lögð í að leita leiða til að hagræða í rekstri sjúkrabíla. Fjöldi sjúkrabíla er 74. Gert er ráð fyrir svipuðum fjölda sjúkraflutninga fyrir árið 2003 og árið þar á undan eða um 14 til 16 þúsund flutningum og útköll verði um 23-26 þúsund.

Það helsta:

Útboðslýsing er varðar innkaup á sjúkrabílum var aðlöguð enn frekar að EES stöðlunum þannig að fleiri sjúkrabílaframleiðendur gátu gert tilboð.

Unnið var með Neyðarlínunni að því að samræma upplýsingakerfið þeirra að okkar þörfum. Skrifað var undir samstarfssamning í byrjun árs 2004 við Neyðarlínuna um að hún skili til Rauða krossins tilbúnum gögnum um sjúkraflutninga á landsvísu. Með þessum samningi teljum við að verulegur sparnaður náist þegar fram líða stundir.

Gerður var samningur um sölu á eldsneyti í gegnum Ríkiskaup við Olíufélagið ehf. og Skeljung hf. Með honum fæst mun lægra eldsneytisverð en áður.

Að venju sá Ríkiskaup um útboð á sjúkrabílum fyrir Rauða krossinn. Á síðasta ári voru keyptar fimm nýjar sjúkrabifreiðar. Að þessu sinni voru nýjar bifreiðategundir fyrir valinu í stærri flokknum. Keyptar voru tvær sjúkrabifreiðar að gerðinni Bens Sprinter frá Finnlandi og ein af sömu gerð frá MT bílum í Ólafsfirði. MT bílar smíðuðu enn fremur yfir tvo VW Transporter bíla.

Bifreiðarnar frá MT bílum eru með stól hægra megin við sjúkrabörur í stað bekks og eining hurð vinstra megin fyrir bretti og annan búnað. Þar er hægt að nálgast t.d. töskur eða hjartastuðtæki í stað þess að þurfa að fara inn í bílinn. Hægt er að koma hjartastuðtæki fyrir í skáp fyrir ofan sjúkrabörur.

Búnaður

Hjartastuðtæki og súrefnismettunarmælum var skipt út á Húsavík, Reykjavík, Hólmavík, Borgarnesi, Akureyri og Stykkishólmi.

Hlutir eins og sjúkrabörur, bakbretti, vökvahitarar og annar dýr búnaður er líka endurnýjaður eftir þörfum sem og annar minni búnaður og stefnt er að því að merkja allt sérstaklega.

Skráning sjúkraflutninga

Neyðarlínan byrjaði að skrá alla sjúkraflutninga á landinu í lok síðasta árs fyrir Landlæknisembættið. Rauði krossinn gerði síðan samning við Neyðarlínuna í byrjun árs 2004 um að Neyðarlínan skili upplýsingum um sjúkraflutninga rafrænt til Rauða krossins. Með því að fá upplýsingarnar beint þaðan verður skráning markviss og samræmd. Samræming upplýsinga á milli landshluta verður skilvirkari fyrir vikið og

tímasparnaður mikill þegar fram líða stundir. Neyðarlínan getur enn fremur séð með ferliskráningarbúnaðinum, sem er á viðkomandi sjúkrabíll, hvar hann er staðsettur þar sem búnaðurinn skráir hreyfingar hans jafnóðum. Þetta mun nýtast vel t.d. í sumarhúsabyggð en þar eru slóðar og hús oft illa merkt. Þetta ætti að auka öryggi allra sem koma að sjúkraflutningum. Þar að auki mun þetta auðvelda Rauða krossinum að fyrirbyggja að ekki sé innheimt tvisvar fyrir sama flutning þó svo að tveir eða fleiri sjúkrabílar komi að flutningi á sama sjúkling.

Bókhald sjúkrabílasjóðs Rauða kross Íslands

Bókhalds sjúkrabílasjóðs var fært inn hjá landsskrifstofu, Reykjavíkureild, Akranesdeild, Suðurnesjudeild og Akureyardeild. Deildirnar eru beintengdar í bókhald landsskrifstofu og virðist þetta fyrirkomulag gefast vel.

Varabílar eru á 4 stöðum í dag, Akranesi, Akureyri, Selfossi og Djúpavogi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið er að endurskoða fjölda sjúkrabíla og staðsetningu þeirra og í framhaldi af því ætti að vera ljóst hversu margir sjúkrabílar eigi að vera í notkun hverju sinni.

Framundan er stórt útboð í sjúkrabíla og áfram verður haldið að endurnýja búnað s.s. hjartastuðtæki.